



FRÉTTA BLAÐIÐ

FRÍTT

5. mars 2006 — 63. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Óskaði þess heitt að koma til Íslands



Carol van Voorst er nýr sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi og vill koma til skila sanngjarnari mynd af Bandaríkjunum.

VIÐTAL 20

Slóðin sem við skiljum eftir okkur

Björn Hlynur Haraldsson fer með titillutverknið í leikritinu Pétur Gaut sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu í gær.

VIÐTAL 18



Opna sýn á flókin heim

Jón Þorvarðarson og Helgi Hallgrímsson hlutu viðurkenningu Hagþenkis fyrir bestu fræðirit síðasta árs.


BÆKUR 30

Stjarnan vann aftur

Bikarúrslitaleikurinn frá því um síðustu helgi var endursýndur í Ásgarði í gær þegar Stjarnan vann Hauka 33-28 í DHL-deildinni í handbolta. Patrekur Jóhannesson átti stórleik fyrir Stjörnu og skoraði níu mörk.

ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG



SNÝST Í SUÐRIÐ - Í dag verður hæg breytileg átt á landinu en snýst smám saman til suðlægrar áttar um vestanvert landið. Snjócoma eða el suðaustan til, annars úrkomulítið. Þykkar upp vestan til síðdegis með litilsháttar slyddu. Hlýnandi veður.

VEDUR 4

Hætta rekstri fáist álverið ekki stækkað

Steingrímur J. Sigfússon lofar forsætisráðherra fyrir að upplýsa þjóðina um samskiptin við erlend stórfyrirtæki. Hrannar Pétursson segir ekkert ákveðið hvenær álverið í Straumsvík hættir starfsemi komi ekki til stækkunar.

STÓRIDJA „Þetta segir okkur hvers konar framtíð er verið að búa íslensku launafólki þar sem örlög þeirra ráðast á grundvelli kaldriðjaðra ákvarðana erlendra auðfélaga,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna. Þar er hann að vitna til ummæla Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra sem sagði í fréttatíma NFS í fyrrakvöld að stjórnarmenn Alcan hefðu sagt við sig að álverið í Straumsvík yrði lagt niður næsta áratuginn ef ekki kæmi til stækkunar.

„Það er verið að segja: ef við fáum ekki að stækka þetta álver í útjaðri höfuðborgarsvæðisins þá segjum við öllum upp og erum farnir. Það verður ekki skýrar

hver ræður,“ heldur Steingrímur áfram. „Ég hef gagnrýnt ríkisstjórnina nokkuð fast fyrir að selja örlög byggða á Austur- og Norðurlandi til annars erlends stórfyrirtækis. Nú sjá menn hvert valdið flyst með þessari stefnu og það má spyrja sig hvað við gerðum ef eitthvað þessu líkt yrði sagt á Reyðarfirði eða Húsavík eftir tíu til tuttugu ár þar sem örlög fólks eru ofurseld þessum risum.“

„Ég veit ekki til þess að neinar tímasetningar hafi verið nefndar varðandi það að álverið yrði lagt niður kæmi ekki til stækkunar en persónulega tel ég að það þyrfti meira en einn áratug en menn geta haft aðrar skoðanir á því,“

segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi. „Hins vegar er það svo að ef við erum ekki stöðugt að uppfæra og bæta úreldist hún á áratug. En það er nú svo að ríkisstjórnin er í raun ekkert að vinna að þessu máli heldur erum við fullfær um það sjálf eins og hvert annað fyrirtæki,“ segir Hrannar. Hann segir engar umræður vera í gangi um að færa álverið.

„Ég vil bara flokka þetta undir heiðarleika og veglyndi að forsætisráðherra skyldi þrátt fyrir allt vilja að þjóðin viti hvernig er spilin eru gefin. Þá getum við rætt þessa hluti eins og þeir raunverulega eru,“ segir Steingrímur.

- jse



HUNGUR Miklir þurrkar hafa verið í Kenía undanfarið og matur af skornum skammti.

Alþjóðamatvælastofnunin:

Uppskroppa með matvæli

KENÍA Alþjóðamatvælastofnunin mun brátt verða uppskroppa með mat sem ætlað er til að fæða 3,5 milljónir manna í Kenía. Miklir þurrkar hafa verið í landinu og því mikill skortur á matvællum.

Stofnunin hefur aðeins fengið um einn tíunda af því fé sem hún þarf á að halda, að sögn talsmanns hennar, en stofnunina skortir um 197 milljónir dala vegna matarátætlunar í Kenía.

Til er kornmeti sem dugur fram í apríl en birgðir af öðru, eins og matarolíu og belgávöxtum, klárast fyrir lok þessa mánaðar. ■

Banaslys á Akureyri:

Ungur piltur lést í bíslýsi

SLYS Banaslys varð á sjötta tímanum í gærmorgun þegar bíl var ekið á verksmiðjuhúsi við Hjalteyrargötu á Akureyri. Tveir karlmenn voru í bílnum og var farþeginn, piltur á tvítugsaldri, úrskurðaður látinn á staðnum.

Ökumaðurinn liggur alvarlega slasaður á Fjórdungssjúkrahúsi Akureyrar og samkvæmt upplýsingum hlaut hann slæma höfuðáverka en er þó ekki í lífshættu.

Að sögn lögreglu voru mennirnir á norðurleið þegar ökumaður virðist hafa misst stjórn á bílnum, sem snerist og lenti í vegg verksmiðjuhúss Vífilsfells. Ekki er vitað hvort um ölvunarakstur hafi verið að ræða en málið er í rannsókn.

- mth



BRUGÐIÐ Á LEIK Carol van Voorst, nýskipaður sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, sést hér kanna styrk íþróttaálfans og Solla stírða fylgist grannt með. Sendiherrann segist hafa fengið heita ósk uppfyllta með skipuninni í sendiherrastöðuna á Íslandi. Sjá viðtal við Carol van Voorst á síðu 20.

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur:

Varaður við mótmælunum

DANMÖRK Stærstu samtök múslimskra ríkja voruðu Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, við hugsanlegum mótmælum múslima í bréfi sem þau sendu ráðherranum í kjölfar birtingar Múhameðsteikninganna í Jótlandspóstinum síðastliðið haust.

Anders Fogh upplýsti danska þingið hins vegar í fyrsta skipti um bréfið á föstudag. Hann kaus að bregðast ekki við því frekar en beiðni sendiherra múslimskra ríkja um fund sökum þess að hann taldi sig ekki hafa umboð til að hafa afskipti af fjölmiðlum.



ANDERS FOGH RASMUSSEN Sakaður um hroka gagnvart múslimum.

Aðalritari samtaka múslimskra ríkja segir í viðtali við Politiken í gær að hugsanlega hefði mátt

koma í veg fyrir þá öldu mótmæla sem gengið hefur yfir í múslimalöndum ef Danir hefðu brugðist öðruvísi við.

Hefur blaðið eftir dönskum sérfræðingi í utanríkismálum að svar forsætisráðherrans beri vott um hroka. Enda komi hvergi fram beiðni um afskipti af fjölmiðlum.

Í bréfinu lýsir ritari samtakanna því hins vegar yfir að hann hafi áhyggjur af stöðu múslima í Danmörku, meðal annars vegna umfjöllunar fjölmiðla og ummæla þingmanns Danska þjóðarflokksins sem líkti múslimum við krabbamein.

- ks

Íslendingar 18-49 ára

Meðallestur

60%



45%

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í janúar 2006.

Alltaf að vinna?

Kynntu þér Vildarþjónustu fyrirtækja



sph

550 2000 | www.sph.is



SPURNING DAGSINS?

Kristbjörg, sáud þið ljósið?

Já, við sáum ljósið.

Kristbjörg Magnúsdóttir er formaður kjaranefndar ljósmæðra. Í fyrradag var kjarasamningur ljósmæðra í heimaþjónustu undirritaður.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hraðakstur og ölvun Töluverður erill var hjá lögreglunni í Reykjavík í gær. Frá því átta um morguninn til sex um kvöldið voru þrjú teknir fyrir ölvunarakstur og sjö manns fyrir hraðakstur. Enn fremur urðu á þessu tímabili sjö minniháttar árekstrar.

Stútur í Kópavogi Einn ökumaður var tekinn fyrir ölvunarakstur í Kópavogi í fyrrinótt. Maðurinn sem var á þritugsaldri var gripinn við venjubundið eftirlit lögreglu.



LJÓSMÆÐUR ERU NOKKUÐ ÁNÆGÐAR MEÐ SAMNINGINN Frá vinstri: Unnur Friðriksdóttir varaformaður Ljósmæðrafélags Íslands, Kristbjörg Magnúsdóttir formaður kjaranefndar ljósmæðra og Guðlaug Einarsdóttir formaður Ljósmæðrafélags Íslands.

Ljósmæður í heimaþjónustu:

Samþykktu kjarasamning

KIARAMÁL Ljósmæður í heimaþjónustu samþykktu nýgerðan kjarasamning Ljósmæðrafélags Íslands og samningsnefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með þónokkrum meirihluta.

Aðspurð um viðbrögð ljósmæðra segir Unnur Friðriksdóttir skiptar skoðanir hafa verið uppi. Sem dæmi um jákvæða þætti nefnir hún aukna þjónustu sem keypt hafi verið með samningnum. „Nú er kílómetragjald komið inn í greiðslurnar svo við getum þjónað allri landsbyggðinni,“ segir hún.

Unnur telur samþykktina vera til marks um traust ljósmæðra til forystu félagsins. „Við fengum ágæta hækun, en þó ekki það sem við fórum fram á.“

Ferjusiglingar frá Vestmannaeyjum til Bakkafjörú:

Engin tæknileg fyrirstaða

SAMGÖNGUMÁL „Samkvæmt skýrslu sem Siglingastofnun hefur gert eru engin tæknileg fyrirstaða í því að ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Bakkafjörú geti orðið að veruleika,“ segir Bergur Elías Ágústsson, bærstjóri í Vestmannaeyjum.

Í fyrradag var haldinn fjölmennur fundur í Höllinni í Heimaey þar sem Gísli Viggósson, forstöðumaður rannsókn- og þróunarviðs Siglingastofnunar kynnti niðurstöður skýrslunnar fyrir bæjarbúum og svaraði spurningum þeirra.

Bergur Elías segir að framkvæmdirnar sem leggjast þyrfti í

til að koma ferjusiglingum af stað myndu kosta um 4,2 milljarða en það yrði að byggja höfn og aðstöðu fyrir gáma- og fólksflutinga.

„Í skýrslunni segir að ef ákvörðun yrði tekin í byrjun næsta árs ætti framkvæmdum sem fylgja þessu að geta verið lokið árið 2010,“ segir hann.

Ferjusigling frá Vestmannaeyjum til Bakkafjörú tekur tæpan hálf tíma en Herjólfur er tæpar klukkustundir að sigla til Þorlákshafnar. Frá Bakkafjörú tekur það um eina klukkustund og þrjú korter að aka til Reykjavíkur.

Um 200 manns sátu fundinn.

- jse



BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON BÆJASTJÓRI VIÐ BAKKAFJÖRÚ Bærstjóri fór í siglingu með mönnum frá Siglingastofnun þar sem þeir kynntu fyrir honum möguleikana sem aðstæður bjóða upp á við Bakkafjörú.

Vélasleðamaður féll 40 metra:

Slasaðist illa en er úr lífshættu

SLYS Vélasleðamaður féll um 40 metra niður af snjóhengju á Geitlandsjökli í Langjökli í gær. Hann liggur á gjörgæsludeild og er alvarlega slasaður en ekki í lífshættu að sögn lækni á vakt.

Landhelgisgæslunni barst tilkynning um slysið upp úr hádegi í gær og var þyrta varnarliðsins komin á slysstað um tveimur tímum síðar. Björgunarsveitir af Suðurlandi voru á æfingu uppi á jöklinum og gátu hlúð að hinum slasaða og undirbúið hann til flutnings.

Maðurinn var á ferð með hópi vélasleðamanna þegar slysið varð.

- mth

Bauhaus á lóð sem slökkvilið átti að fá

Bærstjóri Mosfellsbæjar hefði frekar viljað fá verslun Bauhaus í Mosfellsbæ en austanmegin Vesturlandsvegur, þar sem slökkvilið átti að fá aðstöðu. Bærstjóri Kópavogs segir bæinn ekki hafa komið að eftirgrennslan Bauhaus þar.

SKIPULAGSMÁL „Bauhaus er meira en velkomið í Mosfellsbæinn og við myndum greiða götu þeirra eftir fremsta megni,“ segir Ragnheiður Ríkarðsdóttir bærstjóri Mosfellsbæjar.

Þróstur Karlsson sagði í Fréttablaðinu í gær að bærstjóra væri nær að bjóða Bauhaus velkomið í Mosfellsbæ í stað þess að vera með upphlaup sem lyktar eins og pólitískur vinargreiði við forstjóra BYKO. Einnig sagði Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs borgarinnar, að sér sýndist sem leitun væri að bærstjóra Sjálfstæðisflokksins sem vildi lyfta litla fingri til að stuðla að samkeppni á byggingamarkaði.

„Það er svo fátánleg láγκúra í þessari umræðu að hún er ekki svara verð,“ segir Ragnheiður. „Það sem fyrir mér vakir er það að samþykkt þróunaráætlun milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar er ekki framfylgt og það á ekkert skylt við forstjóra BYKO eða bærstjórann í Kópavogi eða Garðabæ. Ég skil hins vegar ekki af hverju er verið að eyða tíma í samninga ef ekki á að virða samkomulagið,“ bætir hún við.

Hún segir enn fremur að samkvæmt þróunaráætlun eigi þessi tegund verslunar eins og Bauhaus er að vera vestanmegin Vesturlandsvegur en austanmegin hafi verið gert ráð fyrir umferðarmiðstöð, slökkvistöð og lögreglustöð. Nú sé Reykjavíkurborg hins vegar að láta þá lóð undir Bauhausverslun. „Þess vegna hefði Bauhaus átt að koma á Blikastadalandi í Mosfellsbæ,“ segir hún.



BYGGINGASVÆÐIÐ VIÐ ÚLFARSFELL SÉÐ ÚR LOFTI Þetta er svæðið sem styrinn stendur um en hugmyndum stjórnenda Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar ber ekki saman um hvað skuli vera hvorum megin Vesturlandsvegur.

„Ég veit ekki hvaða móðursýki þetta er hjá R-listanum,“ segir Gunnar I. Birgisson, bærstjóri Kópavogs. „Bauhaus var að reyna að fá lóð við Reykjanesbrautina

sem þegar hafði verið úthlutað og var í samningaviðræðum við þau fyrirtæki sem þar voru svo bæringinn kom ekkert nálægt því.“

jse@frettabladid.is



HUNGUR Miklir þurrkar hafa verið í Kenía undanfarið og matur af skornum skammti.

Alþjóðamatvælastofnunin:

Uppiskroppa með matvæli

KENÍA Alþjóðamatvælastofnunin mun brátt verða uppiskroppa með mat sem ætlað er til að fæða 3,5 milljónir manna í Kenía. Miklir þurrkar hafa verið í landinu og því mikill skortur á matvællum.

Stofnunin hefur aðeins fengið um einn tíunda af því fé sem hún þarf á að halda, að sögn talsmanns hennar, en stofnuna skortir um 197 milljónir dala vegna mataráætlunar í Kenía.

Til er kornmeti sem dugar fram í apríl en birgðir af öðru, eins og matarolíu og belgávöxtum, klárast fyrir lok þessa mánaðar. ■

Fuglaflensa í Þýskalandi:

H5N1 staðfest í sex ríkjum

FUGLAFLENSA H5N1 afbrigði fuglaflensuveirunnar hefur verið staðfest í Neðra-Saxlandi í Þýskalandi. Þar með hefur afbrigðið fundist í sex ríkjum Þýskalands. Frá þessu greindi landbúnaðarráðuneyti landsins í gær en rannsóknir sýndu að H5N1 reyndist vera banamein villtrar gæs sem fannst í Neðra-Saxlandi fyrir viku.

Fyrsta tilvik fuglaflensunnar fannst í Þýskalandi 14. febrúar á eyjunni Rugen. Þar hafa flestir sýktir fuglar fundist auk þess sem köttur lést þar af völdum H5N1. ■

FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók

með hraðvirku uppflettkerfi



Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-enskt orðabók með hraðvirku uppflettkerfi er komin út.

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettið og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

Kynningarverð: 8.800 kr.



ORÐABÓKAÚTGÁFAN

Alvarleg líkamsárás á ungan mann á Gauki á Stöng:

Stunginn tvívegis í bakið

LÖGREGLUMÁL Ungur maður var stunginn tvívegis í bakið á veitingastaðnum Gauki á Stöng skömmu fyrir klukkan fimm í fyrrinótt. Var hann fluttur á Landspítala með alvarlega áverka en lunga hans féll saman að sögn vakthafandi lækni á hjarta- og lungnaskurðeild. Maðurinn er úr lífshættu og segir lækni ástand hans gott miðað við aðstæður. Lögregla handtók tvo menn í tengslum við árásina og stóðu skýrslutökur yfir þeim þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Aðfaranótt laugardagsins var annars frekar annasöm að sögn lögreglunnar og mikið um stimpingar í miðbænum. Geir Jón Þórsson yfirlögrelupjónn segir að lögregla vinni nú að því að koma á samstarfi við dyraverði og aðra starfsmenn á veitingahúsum svo hægt sé að sporna frekar við að



GAUKUR Á STÖNG Lögregla og starfsmenn stærri veitingastaða í miðbænum ætla að hefja samstarf til að sporna enn frekar við alvarlegum líkamsárásnum.

svona atvik eigi sér stað og til að unnt verði að bregðast fyrr við þegar þau koma upp á.

„Það er orðið mun algengara en margir halda að menn beri á sér hnífa og þar sem nokkur hundruð ölvaðir einstaklingar koma saman

má alltaf eiga von á því að til einhverra átaka komi,“ segir hann. Hann segist vonast til að þetta samstarf lögreglu og starfsmanna á fjölmennustu veitingastöðum miðbæjarins verði komið á koppinn fyrir sumarið.

- jse



Flottur 2.650.000 kr.

Outlander Comfort 4X4
sjálfskiptur með 2,4 lítra 160 hestafla vél



27.600 kr. á mánuði*

Staðalbúnaður í Outlander:

- Sítengt aldrif
- Álfelgur
- Vindskeið
- Pakbogar
- Skyggðar rúður
- ABS hemlalæsivörn
- Skriðstillir (Cruise control)

Flottur og frísklegur sportjeppi

sem sameinar þægindi fólksbíls og eiginleika jeppans. Mitsubishi Outlander er bíll fyrir kröfuharða ökumenn og óblíða náttúru.

Outlander er einnig fánlegur í sportútgáfu með glæsilegri leðurinnréttingu, sóllúgu, hita í framrúðu o.fl.



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 3.3.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	65,73	66,05
Sterlingspund	115,27	115,83
Evra	78,96	79,4
Dönsk króna	10,58	10,642
Norsk króna	9,849	9,907
Sænsk króna	8,348	8,396
Japanskt jen	0,5643	0,5677

SDR 94,87 95,43

Gengisvísitala krónunnar
110,75

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrirhuguð bygging óperuhúss í Kópavogi:

Fjármögnun komin vel á veg

KÓPAVOGUR Flosi Eiríksson, oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Kópavogs, gagnrýnir harðlega vinnubrögð Gunnars Birgissonar við undirbúning byggingar óperuhúss í bænum.

Flosi bendir á að ekki hefur verið lögð fram kostnaðaráætlun, rekstraráætlun, drög að skipulagi né upplýsingar um fjármögnun. Enginn veit hvað húsið á að vera stórt og nú sé ljóst að Kópavogsbær þarf að leggja fram að minnsta kosti 400 milljónir en í byrjun hafi bærinn ekki átt að leggja fram neitt fé. Flosi segir að ábyrg bæjarstjórn geti ekki tekið ákvörðun um byggingu



ÓPERUHÚS Í KÓPAVOGI Bæjarstjórnir segir fjármögnun komna vel á veg en oddviti Samfylkingar gagnrýnir alla þætti undirbúningsins.

hússins án ítarlegrar umræðu. Þess vegna vill Samfylkingin skipa vinnuhóp til undirbúnings málinu.

Gunnar segir fjármögnun einkaaðila á lokastigi og ekki til

neins að mynda vinnuhóp. Ljóst hafi verið frá upphafi að áhugi frá einkaaðilum réði því hvort verkefnið kæmist á framkvæmdastig. Hann segir þetta fjölnotahús og þörf fyrir slíkt hús sé mikil. -shá

FSA á Akureyri:

Sjúklingarnir eru ánægðir

HEILBRIGÐISMÁL Sjúklingar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri voru almennt ánægðir með þjónustu sjúkrahússins samkvæmt þjónusturannsókn IMG Gallup sem framkvæmd var síðastliðið sumar. Meirihluti sjúklinganna taldi að þeir hefðu fengið bestu mögulegu lækni meðferð og starfsfólk sjúkrahússins hafi sýnt þeim virðing og áhuga.

Tilgangur þjónusturannsóknarinnar var að afla upplýsinga um flesta þjónustuþætti sjúkrahússins og munu stjórnendur sjúkrahússins nýta niðurstöðurnar til að bæta enn frekar aðbúnað og líðan sjúklinga á FSA. -kk



FLOGAVEIKUR Drengurinn sem var rænt er flogaveikur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barnsrán á Ítalíu:

Fjárkúgun ástæða ránsins

ÍTALÍA Sautján mánaða ítölskum dreng sem þjáist af flogaveiki var rænt á fimmtudag af heimili sínu. Foreldrum hans var ógnað með byssu og þau bundin af ræningjunum sem tóku barnið og um 150 evrur.

Lögreglan telur líklegt að ætluð ræningjanna sé að kúga fé út úr foreldrunum. Dótt þau séu ekki rík getur verið að fólkið hafi orðið fyrir valinu vegna vinnu föðurins sem vinnur á pósthúsi þar sem auðvelt er fyrir hann að nálgast fé. Talið er að ránið hafi verið vel skipulagt en nokkrum dögum fyrr hvarf hundur fjölskyldunnar og rafmagníð fór af heimili þeirra að kvöldi ránsins.

FRAKKLAND

Eftirlit með gæludýrum Frönsk yfirvöld hafa hvatt íbúa þeirra landshluta þar sem vart hefur orðið við fuglaflensu að loka ketti sína inni og vera með hunda í bandi til að koma í veg fyrir útbreiðslu flensunnar. Þrátt fyrir það sögðu þau enga ástæðu fyrir fólk að yfirgefa gæludýr sín í óðagoti.

Einingin rofin í Straumi

Magnús Kristinsson, varaformaður Straums, var óvænt felldur úr embætti þegar stjórnin skipti með sér verkum. Björgólfur Thor treystir Magnúsi ekki og vill Eggert Magnússon sem nánasta samstarfsmann sinn í félaginu. Magnús er ósáttur við Björgólf Thor og mun reyna að hnekkja ákvörðun stjórnarinnar.

VIÐSKIPTI Magnús Kristinsson, útgerðarmaður frá Vestmannaeyjum, var felldur úr stól varaformanns stjórnar Straums-Burðaráss á fyrsta fundi stjórnar þar sem hún skipti með sér verkum.

„Mér óafvitað vantaði nýkjörinn stjórnarmann, Pál Þór Magnússon fulltrúa frá Sundi, á fundinn. Varamaðurinn Þórunn Guðmundsdóttir steig þá óvænt fram en það var ekkert sem sagði hvort hún ætti að vera fyrsti eða síðasti varastjórnarmaður,“ segir Magnús. Hann lýsir því svo að eftir að Björgólfur Thor hafi verið endurkjörinn stjórnarformaður hafi Þórunn stigið fram og mælt með Eggerti Magnússyni sem varaformanni. „Þetta kom mjög flatt upp á mig og greiddi ég atkvæði gegn tillögunni. Fyrir aðeins sex mánuðum handsöluðu menn samruna tveggja af stærstu og öflugustu félögum landsins sem átti að vera til heilla og framfara fyrir alla,“ segir Magnús.

Hann er alls kostar ósáttur með framgöngu Björgólfs Thors í málinu og telur yfiringar formannsins algjöran. Eggert Magnússon fékk þrjú atkvæði í varaformannskjörinu, en Magnús eitt. Kristinn Björnsson sat hjá, en samkvæmt heimildum er hann ekki fyllilega sáttur við atburðarásina.

Magnús flaug að loknum fundi með lítilli vél til Vestmannaeyja og sá út um gluggann hvar hreyflar þotu Björgólfs Thors voru ræstir, en Björgólfur hélt þegar utan að loknum fundi til að sinna öðrum verkefnum sínum.

Samkvæmt upplýsingum úr herbúðum Björgólfs er ástæða þessa kjörs sú að Eggerti sé betur treystandi fyrir hlutverkunni í ljósi þess að Straumi er ætlað að verða



FRÁ AÐALFUNDI STRAUMS BURÐARÁSS Eindrægni ríkti meðal hluthafa Straums-Burðaráss á aðalfundinum. Þegar stjórn hóf að skipta með sér verkum sprakk allt í loft upp og ekki er séð fyrir endann á átökum í stjórn félagsins.

norrænn fjárfestingabanki. Magnús gefur lítið fyrir þessar skýringar og spyr á móti hvort Eggerti sé betur treystandi. Ljóst er að Magnús telur yfir sig valtað og að Björgólfur þoli ekki önnur sjónarmið en sín eigin við stjórn fyrirtækisins. Enginn er fánægur til að nefna málefnaágreiningu, heldur virðist sem Björgólfur treysti ekki Magnúsi. Björgólfur Thor mun líta svo á málið að ekki hefði átt að koma Magnúsi á óvart að hans væri ekki óskað í varaformanninn.

Ljóst er að þetta mál er langt því frá búið. Páll Þór Magnússon situr í stjórn sem fulltrúi Trygg-

ingamiðstöðvarinnar og líklegt að Magnús muni kalla saman stjórnarfund og láta á það reyna hvort TM styðji í raun þessa ráðstöfun. Magnús er stór viðskiptavinur félagsins og eftir því sem næst verður komist voru TM menn ekki með í ráðum. Magnús er sjálfur með mest atkvæðavægi einstakra hluthafa, en staða hans ræðst af því hverjir munu bakka hann upp þegar á reynir.

Bregðist stjórnarfundurinn á Magnús það ráð að kalla saman hluthafafund. Björgólfur Thor og TM ráða um 30 prósentu hlut í félaginu. Þessir aðilar hafa ekki fengið heimild Fjármálaeftirlits-

ins til að nýta þann rétt að fullu. Þannig gæti Magnús haft sterkari stöðu ef gengið yrði til kosninga um nýja stjórn. Það gæti hins vegar oltið á afstöðu lífeyrissjóða og annarra.

Á þessari stundu vilja málsaðilar ekki gefa mikið út um hvaða afleiðingar ágreiningur í stjórn Straums-Burðaráss muni hafa. Öllum er umhugað um að standa vörð um félagið. Greinilegt er hins vegar að viki er milli vina og óvíst hvort um heilt grói. Það gæti verið vísi á frekari hræringar og hvernig muni skipast í fylkingar í framtíðinni.

eggert@frettabladid.is / hafliði@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

um hádegi >>




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

BREYTINGAR

Nú sér fyrir endann á kuldatíðinni og við taka suðlæggar áttir með vætu og hlýindum. Í dag þykknar smám saman upp sunnan og vestan til og má búast við lítillsháttar snjókomu eða slyddu vestan til með kvöldinu. Þessi hlýindi standa út vikuna ef spár ganga eftir.

HÓFUÐBORGIN Í DAG

Snýst í dag í hæga suðaustlæga átt. Þurrft framan af degi en lítillsháttar slydda í kvöld. Hægt hlýnandi veður.



Kaupmannahöfn	0°C hálfskýjað	Paris	5°C hálfskýjað
Oslo	-8°C hálfskýjað	Berlín	2°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-3°C alskýjað	Frankfurt	3°C hálfskýjað
Helsinki	-6°C alskýjað	Madrid	7°C hálfskýjað
London	7°C hálfskýjað	Barcelona	10°C skúrir

Alicante	15°C skurir
Milano	9°C hálfskýjað
New York	7°C hálfskýjað
San Francisco	15°C rigning
Orlando/Florida	24°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Sjálfskipt og allt allt öðruvísi



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



1.750.000,-

Sjálfskipt, 1.8 l. vél og hlaðin aukabúnaði

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 ih.is



ARGUS / 06-0120

Kýst þú frelsið?

Barátta Íslendinga fyrir fullu frelsi hefur staðið í hundruð ára og við höfum náð mörgum glæsilegum sigrum á því sviði. Draugar fortíðarinnar eru þó lífseigir. Sem dæmi um þá fjötra, sem nú eru við lýði í íslensku samfélagi, má nefna að hjá ýmsum bankastofnunum tíðkast að setja fram þvingandi skilyrði um önnur viðskipti í allt að 40 ár vilji menn taka hjá þeim íbúðalán.

Opin íbúðalán SPRON eru án slíkra skilyrða.
Fórnaðu ekki frelsinu, kynntu þér málið á **spron.is**



Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON.
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

KJÖRKASSINN

Á lögregla að leggja tálbeitur fyrir barnaniðinga?

Já	87%
Nei	13%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á byggingavörufyrirtækið Bauhaus að fá lóð við Úlfarsfell?

Segðu þína skoðun á visir.is **visir**

Kópavogsbær hefur hafið mál á hendur Orkuveitu Reykjavíkur:

Kemst ekki að eigin borholum

DÓMSMÁL „Við erum að krefjast þess að Orkuveita Reykjavíkur verði dæmd til að gefa okkur leyfi til að fara gegnum land þeirra til að komast að umræddum borholum,“ segir Geir Arnar Marelsson, lögfræðingur hjá Framkvæmda- og tæknisviði Kópavogs.

Hyggt bærinn láta sverfa til stáls í deilu þeirri sem staðið hefur yfir síðan í apríl á síðasta ári þegar Orkuveita Reykjavíkur meinaði Vatnsveitu Kópavogs um leyfi til að fara um land Orkuveitunnar til að komast að svæði í eigu Kópavogs til borunar vatnsöflunarholu. Eini færi vegarslóðinn að svæðinu liggur gegnum afgirta spildu

Orkuveitunnar og meina þeir allri umferð þar í gegn þar sem um er að ræða viðkvæmt vatnsverndar-svæði.

Rök Orkuveitunnar halda þó ekki vatni að mati Geirs Arnars og því var brugðið á það ráð að krefjast dómsúrskurðar enda þegar búið að vinna mikla undirbúningsvinnu á svæði Kópavogs áður en Orkuveitan ákvað að hindra frekari aðgang.

Segir Geir að um mikla hagsmuni væri að ræða enda sé Orkuveitan með þessari ákvörðun að koma í veg fyrir að Kópavogur njóti réttinda sinna.



HINGAD OG EKKI LENGRA Til að komast að vatnslindum sínum þarf Vatnsveita Kópavogs að fara gegnum land Orkuveitu Reykjavíkur. Leyfi fyrir því þarf að fást með málaferlum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LÖGREGLUFRETTIR

Margir að flýta sér Lögreglan í Hafnarfirði tók sextán öikumenn fyrir of hraðan akstur frá því klukkan sjö í fyrirkvöld fram til fimm í gærdag. Hraðast var ekið á 125 kílómetra hraða á Reykjanesbrautinni en þar er hámarkshraðinn 90 kílómetrar. Þá voru fimm öikumenn teknir fyrir of hraðan akstur í Kópavogi. Þar af var einn á 168 kílómetra hraða á Reykjanesbraut og annar var þar á 141 kílómetra hraða.

RÚSSLAND

Hamas-menn í Rússlandi Félagar í palestínsku Hamas-samtökunum segja heimsókn þeirra til Moskvu marka mikilvæg tímamót en þeir telja Bandaríkjamenn reyna að einangra samtökin eftir sigur þeirra í Þingkosningum í Palestínu í síðasta mánuði. Sendinefnd Hamas-samtakanna hittir rússneska leiðtoga múslima í gær á öðrum degi heimsóknar þeirra.

Þýska kvikmyndaeftirlitið:

Mannætu-mynd bönnuð

BERLÍN, AP Þýskir dómstólar bönnuðu í gær sýningu á mynd byggðri á sögu mannætu, en frumskýna átti myndina Rohtenburg næstkomandi fimmtudag í Þýskalandi.

Mannætan sjálf, Armin Meiwes, sem dæmdur var fyrir að hafa drepið mann og étið hann árið 2001, kvartaði undan sýningu myndarinnar, sem leikstýrt er af Martin Weisz. Framleiðendur myndarinnar hafa hins vegar sagt að saga Meiwes hafi eingöngu verið kveikjan að hugmyndinni að handritinu. Meiwes auglýsti eftir félaganum til verknadarins á internetinu og fékk fjölmörg svör.



ARMIN MEIWES

SLÓVAKÍA

Ráðherra slasaðist Forsætisráðherra Slóvakíu, Mikulas Dzurinda, fótbrotnaði á laugardag þar sem hann var á skíðum í norðurhluta landsins. Ekki er ljóst hvort þetta hefur áhrif á komandi heimsókn Dzurinda til Bandaríkjanna þann 13. mars, þar sem hann á að hitta Bush forseta.

EVROPUSAMBANDIÐ

15 prósent launamunur Karlar innan ríkja Evrópusambandsins fá almennt um 15 prósentum hæri laun en konur. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu. Jafnframt kemur fram að margar evrópskar konur hætti að vinna vegna erfiðleika þeirra við að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.

KÍNA

Aukið fé til hermála Kínverjar hafa ákveðið að auka fjárfraumlög til hersins um 14,7 prósent á þessu ári. Talsmaður kínversku stjórnarinnar sagði þó að megnið af fjármagninu færi í að borga eldsneyti og laun, enda væri Kína friðelskandi þjóð.

Heimsókn í skugga Öryggisráðstafana

Lýðræðispróun og barátta gegn hryðjuverkum voru meðal umræðuefna Bush Bandaríkjaforseta og Musharraf, forseta Pakistans, í opinberri heimsókn Bush í Islamabad í gær. Miklar öryggisráðstafanir voru gerðar í heimsókninni.

PAKISTAN George W. Bush Bandaríkjaforseti fór í opinbera heimsókn til Pakistans í gær þar sem hann ræddi við Pervez Musharraf forseta sem er einn helsti bandamaður hans í Mið-Asíu. Bush hrósaði forsetanum fyrir stuðning hans í baráttunni gegn hryðjuverkum sem var einnig eitt aðal umræðuefni þeirra tveggja meðan á heimsókninni stóð.

Bush árétti að lýðræði væri mikilvægt í baráttunni gegn öfghópum í Pakistan og hálft í hvoru gagnrýndi Musharraf sem ekki einungis er forseti heldur einnig yfirhershöfðingi í landinu. Hann komst til valda árið 1999 þegar hann hrakti sitjandi forseta frá völdum. Í stað þess að segja af sér sem yfirhershöfðingi lét hann gera breytingar á stjórnarskránni til að hann gæti setið sem forseti og stýrt hernum til ársins 2007. Musharraf hefur lagt Vesturlöndum lið í baráttunni gegn hryðjuverkasamtökunum al-Kaída síðan árið 2001.

Miklar öryggisráðstafanir voru gerðar fyrir heimsókn Bush en þúsundir manna hafa mótmælt komu hans til landsins enda er stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Írak og Afganistan mjög umdeildur í Pakistan. Þá lést bandarískur sendifulltrúi auk þriggja annarra í sjálfsmorðsárás við bandaríska ræðismannaskrifstofu í borginni Karachi á fimmtudag. Talið er líklegt að ódæðið hafi verið framið til að fá Bush ofan af heimsókninni.

Forsetaflugvél Bush forseta lenti með mikilli leynd og án allra ljósa á flugvelli við höfuðborgina Islamabad á föstudagskvöld. Öll öryggisgæsla var í hámarki og fylgdu þrjár þyrlur bílalest Bush frá rammgerðu sendiráði Banda-



RÆTT UM HEIMSINS MÁLEFNI George W. Bush Bandaríkjaforseti og Pervez Musharraf forseti og yfirhershöfðingi Pakistan hittust í Islamabad í Pakistan í gær. Pakistan hefur stutt Bandaríkjamenn í baráttu þeirra gegn hryðjuverkum frá 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ríkanna til forsetahallarinnar.

Lofthelgi yfir borginni var lokað fyrir farþegaflug og þúsundir lögreglu- og hermanna stóðu vörð um götur borgarinnar. Þá sveimuðu herþyrlur um loftin meðan á ræðum Bush og Musharraf stóð undir beru lofti. Er þetta enn ein vísbending þess að stríði þeirra félaga við hryðjuverk er langt frá því að vera lokið.

Bush og eiginkona hans Laura voru að koma úr þriggja daga heimsókn til Indlands þar sem Bush hafði gert samning um að Indverjar fái aðgang að bandarískri kjarnorkutækni en þess í stað munu Indverjar leyfa vesturveldum að yfirfara kjarnorkuver sín. Pakistanar hafa óskað eftir svipuðum samningi en Bush taldi það mjög ólíklega niðurstöðu.

Pentagon afhendir skýrslur með nöfnum fanga í Guantanamo:

Dreift á þúsundir blaðsíðna

FANGABÚÐIR Yfirvöld í Pentagon hafa opinberað skjöl með nöfnum fanga sem setið hafa í Guantanamo-fangelsinu á Kúbu. Leynd hefur hvílt yfir réttarskýrslum í fjögur ár en nú voru þær birtar eftir sigur AP fréttastofunnar í lögsókn á hendur ríkinu undir bandarískri upplýsingalögjök. (e. Freedom of Information Act). Bandarískur alríkisdómari hafnaði útskýringum yfirvalda að upplýsingar um nöfn og þjóðerni fanganna gætu brotið á friðhelgi einkalífs þeirra og að það myndi setja fanganna og fjölskyldur þeirra í hættu.

Enginn heildstæður listi yfir nöfn fanganna var afhentur heldur voru nöfnin á víð og dreif í



ÓÞEKKTUR FANGI Bandaríkjaforseti hefur haldið nöfnum og þjóðernum fanga í Guantanamo leyndum í yfir fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

yfir fimm þúsund blaðsíðna réttarskýrslubunka. Það er því enn óljóst hversu mörg nöfn eru birt í skýrslunum enda tekur líklega

langan tíma að fara í gegnum þær. Þær skýrslur sem nú koma í dagsljósið hafa í raun verið birtar áður vegna sömu löggjafar. Þá var hins vegar strikað yfir nöfn fanganna.

Flestir fanganna í Guantanamo voru handteknir árið 2001 í stríði Bandaríkjamanna þar sem Talibanar voru hraktir frá völdum í Afganistan. Í skýrslunum eru ekki nefndir á nafn allir þeir fangar sem hafa dúsað í fangelsinu og þar kemur heldur ekki fram hvort þeir sem nefndir eru séu þar enn eða hvort þeim hafi verið sleppt úr haldi.

Talið er að um 490 fangar séu nú í fangelsinu en aðeins tíu hafa verið ákærðir fyrir glæp.

Bókaðu núna á www.heimsferdir.is

Rimini

Frá **43.895 kr.**

Vinsælasta sólarströnd Ítalíu

frá **43.895 kr.**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuférfé í maí eða 21. júní. Riviera íbúðahótel.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

Glæsileg tilboð í dag!

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár

Sparaðu
300 kr.

KINDAFILLET
ÚR KJÖTBORÐI
1.898 kr. kg



Sparaðu 300 kr.

KINDALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI

1.998 kr. kg



KINDAINNANLÆRISVÖÐVI
ÚR KJÖTBORÐI

1.798 kr. stk



Sparaðu 600 kr.

KINDAGÚLLAS
ÚR KJÖTBORÐI

998 kr. kg



3 FYRIR 2

3 FYRIR 2
BRAZZI
5 GERÐIR

278 kr. 3 l



2 FYRIR 1

2 FYRIR 1
MYLLU
BRALLARABRAUÐ

209 kr. 2 pk.



12 STK
NÓATÚNS
KLÓSETTPAPPÍR

399 kr. pk.



Húsavíkur jógúrt
með 15% afslætti



NÓATÚN

OPIÐ
TIL KL. 21 ALLA DAGA



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir bæjarstjórnin í Mosfellsbæ?
- 2 Hvaðan er byggingafyrirtækið Bauhaus?
- 3 Hver er nýr þjálfari karlaíðs Íslands í handbolta?

SVÖR Á BLS. 42

Athyglisverðar niðurstöður nýrrar rannsóknar á atvinnurekstri innflytjenda:

Nýbúar eru frumkvöðlar

INNFLYTJENDUR Innflytjendur á Íslandi stofna hlutfallslega stærri fyrirtæki en Íslendingar. Þessu hefur Magnús Orri Schram komist að en hann hefur á undanförunum árum unnið að rannsókn um sjálfstæðan atvinnurekstur innflytjenda á Íslandi. Magnús er nú að vinna að doktorsritgerð um þetta efni við Háskólann í Reykjavík og fyrstu niðurstöður hans eru margar hverjar mjög áhuga-verðar.

Rannsóknir hans sýna að fjöldi innflytjenda sem kjósa að stofna eigin fyrirtæki er sífellt að aukast. Árið 1999 voru 3,15 prósent í eigin rekstri en fimm árum síðar



FJÖLMENNINGARSAMFÉLAGIÐ Innflytjendur á Íslandi stofna hlutfallslega fleiri fyrirtæki en Íslendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/FREYR

nam þetta hlutfall 5,21 prósent. Heildartala fyrirtækja innflytj-

enda hefur vaxið á þessum tíma úr 221 í 554. Á þessum tíma fjölgaði innflytjendum úr 7.300 í rúmlega 10.500.

Árið 1999 voru konur 57 prósent af heildarfjölda innflytjenda hér en áttu aðeins 41 prósent þeirra fyrirtækja sem voru í eigu útlendinga. Árið 2004 höfðu þessar tölur breyst mjög því konur eru nú helmingur innflytjenda hér jafnframt því að þær eru eiginendur helmings fyrirtækjanna.

Karlmenn af afrískum uppruna eru hlutfallslega duglegastir að stofna eigin fyrirtæki og konur frá Asíu og Austur-Evrópu. -shá

Íslendingar fjárfesta:

Nói Síriús kaupir

VIÐSKIPTI Nói Síriús hefur fest kaup á breska sælgætisfyrirtækinu Elizabeth Shaw. Fyrirtækið er rótgróinn súkkulaðiframleiðandi í Bristol en saga fyrirtækisins nær allt aftur til 19. aldar. Elizabeth Shaw er með svipaða ársveltu og Nói Síriús eða 1.400 milljónir króna.

Finnur Geirsson, framkvæmdastjóri Nóa Síriús, segir að kaupin munu ekki hafa teljandi áhrif á starfsemi Nóa Síriúsar hér á landi. Hins vegar sé fengur í því fyrir Nóa Síriús að kynna og taka þátt með beinum hætti í sambærilegri starfsemi á svo stórum markaði sem Bretland er. -sts

Óþrif í Kaupmannahöfn:

Sorp ekki hirt í fjóra daga

DANMÖRK Verkfall sorphirðumanna í Kaupmannahöfn hefur staðið yfir í fjóra daga. Sorp er eingöngu hirt hjá stofnunum eins og elliheimilum og leikskólum. Hafa íbúar borgarinnar verið hvattir til að fara sjálfir með heimilisorpið á endurvinnslustöðvar.

Samkvæmt frétt Berlingske tidende töldu stjórnendur sorphirðunnar sig vera búna að koma til móts við kröfur starfsmannanna en þrátt fyrir það mættu þeir ekki til vinnu. Hafa aðgerðirnar verið kærðar. ■

SKATTAFRAMTÖL

Komin á netið Búið er að opna fyrir skattframtöl einstaklinga á www.rsk.is. Þar geta einstaklingar skilað skattframtali sínu. Frestur til að skila framtalinu rennur út þann 21. mars. Veflyklum verður dreift til framteljanda með pappírframtölum.

Aukin eftirspurn eftir lóðum á Húsavík:

Fjárfestar vilja byggja fjölbýlishús

PENSLA Þrjú öflug fjárfestingarfélag á höfuðborgarsvæðinu hafa á undanförunum dögum spurst fyrir um byggingarlóðir undir fjölbýlishús á Húsavík. Berglind Svavarsdóttir, fasteignasali á Húsavík, segir engar slíkar lóðir að fá sem stendur en hún væntir þess að úr rætist í sumar.



BERGLIND SVAVARSDÓTTIR Lóðir vantar undir fjölbýlishús á Húsavík. Fréttablaðið/KK

„Framboð á lóðum undir einbýlishús er heldur ekki nægjanlegt. Við höfum nóg landrými en lóðum mun ekki fjölga fyrr en nýtt aðalskipulag sem unnið er að tekur gildi,“ segir Berglind.

Alcoa hefur tilkynnt að félagið hyggist kanna hagkvæmni álvers á Bakka við Húsavík og væntir Berglind aukinnar eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði í kjölfarið. „Á undanförunu einu og hálfu ári hefur eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði vaxið jafnt og þétt og á sama tímabili hefur verið hækkað um allt að 40 prósent. Ég er með þrettán eignir á skrá og eftir að Alcoa tilkynnti ákvörðun sína hafa borist kauptilboð í þrjár þessara eigna,“ segir Berglind. -kk



FRÁ REYÐARFIRÐI Mikið er um nýbyggingar á Reyðarfirði. Dæmi eru um að fasteignir hafi hækkað um helming í verði á tveimur árum í Fjarðabyggð.

Fasteignaverð hækkar eystra

Eftirspurn eftir fasteignum víða á landsbyggðinni virðist fara vaxandi. Verð hefur hækkað talsvert.

FASTEIGNASALA „Það er mikil eftirspurn eftir húsum og íbúðum hér á Austurlandi og dæmi um að eignir hafi hækkað um 100 prósent í verði á tveimur árum,“ segir Ásmundur Ásmundsson fasteignasali hjá Fasteignasölu Hóli á Reyðarfirði. Hann segir fasteignaverð fara hækandi í allri Fjarðabyggð.

Ágúst Benediktsson, framkvæmdastjóri Byggingaverktaka Austurlands, segist ekki fara varhluta af þessari þróun. „Maður heyrir það af fasteignasölu að menn séu að koma í dagsferð úr höfuðborginni hingað austur, kaupi fasteign og fari svo suður til að undirbúa sig fyrir flutninga,“ segir hann.

Á Sauðárkróki og Grundarfirði er sömu sögu að segja. „Fasteignaverð hefur hækkað um 30 prósent síðustu tvö ár hér á Sauðárkróki og nýbyggingum stórfjölgð,“ segir Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri í Skagafirði.

„Hér á Grundarfirði eru fasteignir umsetnar og það eru dæmi þess að fasteignir sem hafa verið settar á sölu á fimmtudegi séu seldar á laugardegi,“ segir Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfirði.

Þessar hækkanir má rekja til góðs atvinnuástands í sveitarfélögunum og endurspeglar ekki ástandið almennt á landsbyggðinni. -jse

Norska konungsfjölskyldan:

Prinsinn skírður Sverrir Magnús

NOREGUR Norski prinsinn, sonur Hákonar krónprins og Mette-Marit konu hans, var skírður Sverrir Magnús við hátíðlega skírningarhöfn í kapellu konungshallarinnar í Osló í gær. Prinsinn ungi fæddist 3. desember 2005 og er þriðji í röðinni að hásetinu. Hann er því sonarsonur Haralds konungs V og Sonju drottningar.

Sverri Magnúsi leist ekki á blikuna í öllu umstanginu og grét hástöfum meðan á athöfninni stóð en amma hans, Sonja, sem einnig er ein af sjö guðforeldrum hans, hélt honum til skírnar.

Skírnarföt prinsins voru saum-



STOLT AMMA Sonja drottning hélt á sonarsyni sínum til skírnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

uð af langömmu hans, Ingeborg prinsessu, árið 1920 og kapellan var skreytt bláum, hvítum og grænum blómum. ■

NISSAN MICRA

MICRA EN ALLT ANNANÐ!

Nissan Micra

Verð frá 1.360.000 kr.

6 diska geislaspið, lykjalaus, sjálfvirkur rúðupurrkur.

17
ÁRS VÆNTING

MICRA er betra!

*Mánaðarleg greiðsla 16.367 kr. miðað við 20% útborgun og bilasaming í 84 mánuði

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mán - fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

VAXTALAUST

0% VEXTIR - 100% LÁN

ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD

VAXTALAUSUM DÖGUM LÝKUR Í DAG

HJÁ BÍLALANDI B&L, GRJÓTHÁLSI 1.

ÞÚ GERIR EKKI BETRI KAUP Á NOTUÐUM BÍL!

Dæmi um bíla á vaxtalausum kjörum:

Kr. 11.600 **0%**
í 48 mánuði



MT-475 **Kr. 560 þús.**

Kr. 26.700 **0%**
í 48 mánuði



PM-081 **Kr. 1280 þús.**

Kr. 26.900 **0%**
í 48 mánuði



DR-517 **Kr. 1290 þús.**

Kr. 9.900 **0%**
í 48 mánuði



TS-777 **Kr. 490 þús.**

Kr. 28.900 **0%**
í 48 mánuði



TE-174 **Kr. 1390 þús.**

Kr. 26.400 **0%**
í 48 mánuði



UD-930 **Kr. 1270 þús.**

Kr. 22.700 **0%**
í 48 mánuði



SX-016 **Kr. 1090 þús.**

Kr. 19.200 **0%**
í 48 mánuði



KL-993

Kr. 9.900 **0%**
í 48 mánuði



Kr. 16.900 **0%**
í 48 mánuði



Kr. 690 þús.

Kr. 17.900 **0%**
í 48 mánuði



UP-184 **Kr. 860 þús.**

Kr. 1130 þús.



RE-037

Kr. 1450 þús.



DK-193

Kr. 860 þús.



SÍÐASTI DAGUR!

Opið í dag sunnudag frá kl. 12 til 16.

Vaxtalausir dagar eru einnig hjá SG Bílum Keflavík S: 421 4444,
Bílás Akranesi S: 431 2622, Bílasölu Akureyrar S: 461 2533
og JG Bílum Egilsstöðum S: 471 2584

575 1230



Grjóthálsi 1
bilaland.is



HEILAGUR FAÐIR Ungur drengur faðmar Benedikt XVI páfa þétt að sér við upphaf áheyrnar sem páfinn veitti um átta þúsund ítölum í sal Páls VI í Vatikaninu á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrirhuguð jarðgöng undir Vaðlaheiði:

Stefnt að opnun árið 2010

SAMGÖNGUR „Það væri alveg taktlaust að skoða það ekki alvarlega að setja göng undir Vaðlaheiði á samgönguáætlun þegar hún verður tekin til endurskoðunar í haust í ljósi þess að þarna er hugsanlega að skapast stórt atvinnusvæði,“ segir Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar.

„Við höfum átt gott samstarfs við samgönguyfirvöld og erum vongóðir um að hægt verði að hefjast handa við gangagerð síðla árs 2007 með það fyrir augum að þau verði tilbúin í lok árs 2010,“ segir Pétur Þór Jónasson stjórnarformaður Greiðrar leiðar. Fyrirtækið var stofnað árið 2003 til að vinna

að gangagerðinni. Hann segir að göngin yrðu rúmlega sjö kílómetrar að lengd og myndu stytta leiðina milli Húsavíkur og Akureyrar um 16 kílómetra. Kostnaður yrði rúmlega fimm milljarðar.

Rannsóknaboranir og rafsegulmælingar hafa farið fram að undanförunu og er niðurstöðu þeirra rannsókna að vænta á næstu dögum. Ekki náðist í samgönguráðherra vegna málsins þar sem hann er í útlöndum.

VADLAHEIÐARGÖNG Göng undir Vaðlaheiði stytta leiðina milli Akureyrar og Húsavíkur um 16 kílómetra. Sjálf göngin yrðu rúmlega sjö kílómetrar að lengd.



Öryrkjabandalagið:

Lýsir stuðningi við skýrslu

SJÚKRATRYGGINGAR Öryrkjabandalag Íslands lýsir yfir stuðningi við þau meginþingarmíð sem fram koma í umdeildri skýrslu sérfræðinga sjúkratryggingasviðs Tryggingastofnunar um réttlátari notendagjöld.

Framkvæmdastjórn bandalagsins hvetur Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra að skoða skýrsluna með opnum huga og hefja þegar í stað, á grundvelli hennar, endurskoðun laga og reglna í nánu samráði við heilðarhagsmunasamtök öryrkja.

Þá lýsir Öryrkjabandalagið sig reiðubúið að taka þátt í því verkefni. ■

Glæsilegt yfirbragð við öll tækifæri Lotus Professional pappírsvörur



TUNGLA RV6204

Halldór Sigdórsson
Þjónn, aðstoðarverzlunarstjóri hjá RV



serviuttur
dúkar
glaðlegir litir
fjölbreytileg mynstur



**Tilboð
mars 2006**
20% afsláttur af LinStyle
serviutum og dúkum,
Finesse WC-pappír og
eldhúsrúllum

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



FUGLAFLENSA Í KETTI Fjölmargir þjóðverjar láta dýralækna nú skoða ketti sína, eftir að fuglaflensa fannst í ketti á eyrni Rügen. Þessi kisi í Bremen reyndist vera ósmiðaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensa í ketti veldur gæludýraeigendum ótta:

Þýskum köttum haldið inni við

FUGLAFLENSA, AP Ugg setti að gæludýraeigendum víða um Evrópu eftir að fuglaflensa af H5N1-veirufbrigðinu fannst í ketti á eyrni Rügen í Norðaustur-Þýskalandi á þriðjudag. Þetta er í fyrsta sinn sem flensan finnst í spendýri í Evrópu og hafa þýsk yfirvöld skipað fólki sem býr nærri sýktum svæðum að halda köttum inni og hafa hunda í ólum.

Hlébarðar, tígrisdýr og heimiliskettir hafa smitast áður af fuglaflensu í Taílandi, enda éta kattardýr fugla.

„Við vitum að spendýr geta smitast af H5N1, en við vitum ekki hvað það þýðir fyrir fólk,“ sagði

Maria Cheng sem starfar hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og bætti við að óvíst sé hvort kettir geti smitað fólk af veirunni.

Vísindamenn telja að fólk sýkist með því að anda veirunni að sér. En enn sem komið er virðist hættan þó ekki ýkja mikil, að sögn Paul Hunters, bresks faraldursfræðings. Hann benti fréttamönnum breska ríkisútvarpsins á að þó hundruð þúsundir manna hafi handfjatlað sýkta fugla á helstu smitsvæðunum í Asíu, þá hafi færri en tvö hundruð manns sýkt síðan árið 2003, samkvæmt tölum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

- smk

Hlutfall erlendra ríkisborgara með lögheimili hér: Sama og í Noregi

SAMFÉLAGSMÁL Erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi hefur fjölgað um rúm þrjú þúsund frá lokum ársins 2004 til loka 2005 og er hlutfall þeirra nú 4,6 prósent. Þetta kemur fram í árlegri samantekt Hagstofu Íslands á íbúum eftir fæðingalandi. Hlutfall erlendra ríkisborgara hér á landi er því orðið það sama og í Noregi og litlu minna en í Danmörku þar sem hlutfallið er 4,9 prósent og í Svíþjóð þar sem það er 5,3 prósent.

Erlendir ríkisborgarar með lögheimili hér voru í lok síðasta árs 13.778 en árið þar áður 10.636. Flestir þeirra eru frá Póllandi eða 3.221, næst flestir frá Danmörku, 903, en því næst frá Þýskalandi en þeir eru 781 eða tíu fleiri en Filippseyingar sem verma fjórða sætið.



RÚMENAR VIÐ VINNU VIÐ HELLISHEIÐIS-VIRKJUN Fjöldi erlendra ríkisborgara með lögheimili hér á landi hefur þrefaldast undanfarnin átutug og nú stöndum við jafnfætis Norðmönnum í þessum efnun.

Hlutfallið er hæst á Austurlandi eða 17,6 prósent en næst hæst á Vestfjörðum þar sem það er 6,2 prósent. Lægst er þetta hlutfall á Norðurlandi eystra en þar er það 2,3 prósent.

- jse



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2006

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 3. apríl 2006 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 3. mars 2006

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Sími: 580 4000 • Myndsendir: 580 4099 • Netfang: skrifstofa@live.is

Klæðskerasniðnar lausnir

“Það er metnaður okkar að veita ávallt klæðskerasniðna ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu sem byggir á sérþekkingu okkar í fjármögnun atvinnutækja. Við sníðum fjármögnun í takt við þarfir hvers og eins, enda vitum við að hver viðskiptavinur okkar er einstakur.”

Arnar Snær Kárason

Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja

Hinnik Pétursson | www.mmedia.is/hip



LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

Þú ert öruggari með MasterCard



Öll MasterCard kort endurnýjuð og gefin út með ÖRGJÖRVA

- Á næstu mánuðum verða öll MasterCard kort á Íslandi endurnýjuð og gefin út með örgjörva. Í kjölfarið verða Maestro debetkort endurnýjuð á sama hátt. Örgjörvinn sem varð fyrir valinu fyrir íslensk MasterCard kort er sá öruggasti sem völ er á og hefur staðist ströngustu öryggispróf.
- Kort og PIN – nýtt fyrirkomulag þýðir að PIN-númer koma smám saman í stað undirskriftar. Í sumum löndum Evrópu er þessi breyting þegar orðin og er fólk hvatt til að hafa PIN-númer sín á takteinum en ganga um leið úr skugga um að þau séu ekki aðgengileg öðrum. Lestur á örgjörva er ekki enn hafinn í neinum mæli hjá íslenskum verslunum. Sú breyting mun eiga sér stað á næstu mánuðum.

Greiðslukort með SEGULRÖND áfram tekin gild

- Notkun örgjörva í kreditkortum er á frumstigi. Enn sem komið er hafa aðeins örfá lönd stigið þetta skref til fulls og erlend kort án örgjörva eru alls staðar tekin gild. Íslenskir korthafar ættu því ekki að lenda í vandræðum erlendis með segulrandarkort sín.





Alltaf í boltanum

Í síðustu viku undirritaði KSÍ samstarfssamninga við sjö fyrirtæki til næstu fjögurra ára. Samningar þessir taka mið af sívaxandi umfangi íslenskrar knattspyrnu og uppbyggingu nýrrar áhorfendaaðstöðu á Laugardalsvelli.

Markmiðið er auðvitað að efla knattspyrnuíðkun landsmanna og ná enn betri árangri í öllum keppnum fyrir hönd þjóðarinnar með öfluglu og virku samstarfi á milli aðila á öllum sviðum leiksins. Uppbyggingarstarfið er hafið og með eins öflugla bakhjarla og raun ber vitni getur KSÍ horft björtum augum til framtíðarinnar. Við erum alltaf í boltanum.



Alltaf í boltanum með KSI

Langvinsælasta fyrirtækið fjórða árið í röð!

Könnun Frjálsrar verslunar í feb. 2006 sýnir svo ekki verður um villst, hlýjan hug landsmanna til okkar. Yfirburða vinsældir Bónuss, eru ómæld hvatning sem bæði léttir okkur spörin og hvetur okkur til að bretta enn betur upp ermarnar og gera jú enn betur.

KÖNNUN FRJÁLSRAR VERSLUNAR FRJÁLS VERSIUN

VINSÆLUSTU FYRIRTÆKIN



Ekkert stöðvar Bónus í vinsældum. Það mælist vinsælasta fyrirtæki landsins fjórða árið í röð. Annars setja „búðir og bankar“ svip sinn á efstu sæti listans.

Bónus ber höfuð og herður yfir önnur fyrirtæki í vinsældum ein eitt árið. Helder ferri nefna þó fyrirtækið nú en umlandarinn á, en engri að síður er það meira en tvöfalt vinsælla en þau fyrirtæki sem koma næst á eftir. Fyrirtækið hefur fosi sig vel í sessi sem vinsar föllstos.

Skokunakönnunin var gerð dagana 25. janúar til 7. febrúar. Alls svaraðu 602 spurningumenn. Vildu þá nefna 1 til 3 íslensk fyrirtæki sem þú hefur jákvætt viðhorf til og „vildu þá nefna 1 til 3 íslensk fyrirtæki sem þú hefur neikvætt viðhorf til og ávallt fyrr voru neikvætt viðhorf til en jákvætt.“

Bankarnir þó Bónus, allir meir en athygli í umhverfinu og öf bankarnir e sama tíma

Bónus hefur meira fylgi hj körlum. Sama má segja um Íslandsbankann, en hjá KB-banki öfugt varið. Ekki virtist teljast sæðim fyrirtækjanna eftir stórum svarsala nema að fékk meira fylgi sjálfstæðisarrá og 365 miðlar voru ein þeim sem ekki höfðu mótað skoðun.

VINSÆLUSTU FYRIRTÆKIN 2006

Sp: Nefndu 1-3 fyrirtæki sem þú hefur jákvætt viðhorf til

	% 2006	Röð '06	% 2005	Röð '05	Breyting
Bónus	23,1%	1	27,7%	1	-4,6%
Landsbankinn	9,5%	2	9,5%	3	0,0%
Íslandsbanki	8,8%	3	8,7%	4	0,0%
KB banki	8,2%	4	6,8%	5	1,3%
Hagkaup	5,0%	5	6,5%	6	-1,5%
Ícelandair	4,7%	6	10,7%	2	-6,0%
BYKÓ	4,5%	7	5,7%	7	-1,2%
Óssur	4,2%	8	5,3%	8	-1,1%
Húsa-smíðjan	3,8%	9-11	3,7%	11	0,1%
Morgunblaðið	3,8%	9-11	1,4%	27	2,4%
Landsmínn	3,8%	9-11	3,3%	12	0,5%
Krónan	3,6%	12	0,8%	43-45	2,8%
Actavis	3,3%	13	2,9%	14	0,4%
Baugur	3,2%	14-15	3,7%	10	-0,6%
Íslensk erfðagr.	3,2%	14-15	2,7%	16	0,5%
Íceland express	3,0%	16	4,2%	9	-1,1%
Marel	2,9%	17-18	3,1%	13	-0,2%
Nettó	2,9%	17-18	2,7%	15	0,2%
Nóatún	2,7%	19	2,5%	17	0,2%
Fjarðerkaup	2,6%	20-21	1,0%	36	1,5%
Ríkisútvarpið	2,6%	20-21	1,5%	26	1,1%
Mjólkursamsalan	2,3%	22	0,9%	41	1,3%
365 miðlar	2,1%	23-26			2,1%
Rúmatalagerinn	2,1%	23-26	1,2%	32	0,9%
SPRON	2,1%	23-26	1,3%	30	0,8%
Vis	2,1%	23-26			2,1%
Sparisjóðir	1,7%	27	1,7%	22-23	-0,1%
Sjóvá	1,5%	28-29	2,1%	18	-0,6%
Toyota	1,5%	28-29	1,6%	25	-0,1%
Eimskip	1,4%	30-31	1,7%	21	-0,4%
Stöð 2	1,4%	30-31	1,0%	37-38	0,4%
Avion group	1,1%	32-34			1,1%
IKEA	1,1%	32-34	1,4%	28	-0,3%
Vífilléi	1,1%	32-34	0,6%	51-54	0,5%
Atlantsolia	0,9%	35-45	1,7%	24	-0,8%
Ólg. Egill Skallgr.	0,9%	35-45	1,3%	31	-0,3%
Hekla	0,9%	35-45	0,7%	46	0,2%
Melabúðin	0,9%	35-45			0,9%
Norðlenska	0,9%	35-45			0,9%
Og Vodafone	0,9%	35-45	2,0%	20	-1,1%
Olis	0,9%	35-45			0,9%
Orkuveitan	0,9%	35-45	0,5%	55-60	0,4%
Samherji	0,9%	35-45			0,9%
Samskip	0,9%	35-45	2,1%	19	-1,2%
Státurfélag Suðurlands	0,9%	35-45	0,7%	47	0,2%


Ómælt þakklæti frá okkur öllum fyrir áralangt traust og stuðning!

EKKERT BRUÐ!

Starfsfólk Bónuss

www.bonus.is

Síðurnar eru birtar með góðfúslegu leyfi og aðstoð frá Frjálsri verslun. ERAN/Landlist





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Slóðin sem við skiljum eftir okkur

Björn Hlynur Haraldsson fer með titilhlutverkið í leikritinu Pétri Gaut sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu í gær. Þessi víðfrægi ljóðaleikur Henriks Ibsen er færður á íslenskar fjalir í fimmta sinn og nú í nokkuð nýstárlegum búningi. Baltasar Kormákur, leikstjóri sýningarinnar, er einnig höfundur leikgerðarinnar og færir verkið til dagsins í dag en aðalleikarinn er ekki í nokkrum vafa um erindi þessa 140 ára gamla leikverks við áhorfendur nútímans. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* hitti **Björn Hlyn** í Kassarum, nýju sviði Þjóðleikhússins.

„Við tengjum verkið við það sem fólk þekkir,“ segir Björn Hlynur, „eitthvað sem við getum öll kannast við úr eigin lífi eða umhverfi.“ Í sýningunni er til dæmis fjallað um hversu stutt sé á milli metnaðargirni og græðgi, t.d. þegar kemur að frægd og peningum. Leikritið um Pétur Gaut, sem er ein af frægustu karlhetjum leikhúsbókmenntanna, segir sögu um svik og sjálfsblekkingu og spyr stórra siðferðislega spurninga sem Björn segir að geti sameinast í efasemdinni: „Hvað er það eiginlega að vera maður sjálfur?“

Pétur Gautur ferðast víða í leit að sjálfum sér í leikritinu, hann leitast í peninga, ástina, frægðina og völdin en flýr jafnan af hólmi þegar hann er krafinn ábyrgðar á gerðum sínum. Hann er breyskur og hraðlyginn maður með margt á samviskunni, særir sína nánustu og snýr baki við þeim sem elska hann, þ.á.m. móður sinni og hinni ástríku Sólveigu.

Björn ræðir um hversu sjálfhverft mannfólkið getur verið og hve vek það kallast á við eiginhagsmunasegginn Pétur Gaut. „Í dag er svo mikið talað um sjálfsrækt, við erum alltaf að klappa sjálfum okkur, í stað þess að líta í kringum okkur og sjá hvernig fólk hefur það, hvernig börnin okkar hafa það? Fjölskyldan og vinirnir? Í stað þess hugsum við stöðugt um okkur sjálf. Við erum alltof upptekin af því að moka undir rassgatið á sjálfum okkur.“

Hann bætir því við að þessi einstaklingshyggja eða sjálfselska geti líka birst hjá þjóðinni í heild. „Við Íslendingar erum búnir að

fatta það að við getum verið ansi góðir í því sem við tökum okkur fyrir hendur – hvort sem það er í viðskiptum, listum eða íþróttum eða einhverju öðru. Við þekkjum dæmi um Íslendinga sem hafa náð býsna langt í því sem þeir eru að gera en ég held líka við séum með vissu mikilmennskubrjálæði. Mér finnst það alls ekki neikvætt en það er mjög varhugavert. Af því að við erum loksins búnir að átta okkur á því að við erum engir aumingjar, en um leið og við skiljum það, þá vöðum áfram í þessu mikilmennskubrjálæði. Og það kemur að því að við eigum öll eftir, öll þjóðin, að hlaupa á stóran og þykkan vegg og átta okkur á þessu,“ segir Björn Hlynur.

Hann áréttar að það sé leikhússins að spyrja spurninga. „Við erum ekki að svara þessum stóru spurningum og við erum ekki að predika eða benda á neinn. Ég vona bara að fólk sjái þessa sýningu og hugsi það sama og ég gerði þegar ég byrjaði að skoða þetta verk. Að fólk leiði hugann að því hvernig slóð það er að skilja eftir sig í lífinu.“

Pétur er víða

Pétur Gautur, eins sjarmerandi eða vídurstyggilegur og hann reynist í leikritinu, stendur nútímamanninum nær og Björn segir að það sé auðvelt fyrir fólk að sjá sjálf sig í honum. „Ég þarf að nota það sem ég sé af mér í Pétri Gaut, eins og allir í heiminum er ég sjálfselskur og latur og eigingjarn en ég get líka verið skemmtilegur og góður við mömmu.“ Hann bendir á að margir hafi talað um Pétur Gaut sem

hetju og vitanlega vilji leikarar gera vel með sínar persónur en það sé vandasamt því Pétur sé ekki hetja. „Hann er maður sem sveigir alltaf hjá, hann tekst ekki á við neitt,“ segir Björn, „Pétur veður áfram, hann framkvæmdir hluti – en bara upp að vissu marki. Hann eignast peninga en klúðrar því, hann á konu sem elskar hann en hann klúðrar því líka, hann nær að eyðileggja allt með græðgi og sjálfselsku.“

„Vesturport var stofnað til þess að verða besta leikhúsið í heimi. Við vissum ekkert hvernig við áttum að fara að því, við vissum bara að við þyrftum að djöflast af stað og reyna að komast að því á leiðinni.“

Pétur Gautur er uppdiktaður ævintýramaður og myndi líklega vera kallaður athafnaskáld ef það væri skrifað um afrek hans í dagblöðunum núna. Björn útskýrir að menn eins og hann komist langt á því að tala en brenni jafnframt allar brýr að baki sér. „Oftast fara þeir illa með eigið mannorð á öllu þessu smjæðri. En þeir komast áfram, Pétur Gautur nær að kjafta sig inn í alls konar hluti og svo út úr þeim aftur,“ segir Björn Hlynur og vísar m.a. til frama persónunnar á viðskiptasviðinu sem höndlar bæði með þræla, skurðgod og vopn.

Hugmyndin um best í heimi

Síðan Björn Hlynur útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2001 hefur hann síst setið auðum höndum. Hann var einn af stofnendum leikhópsins Vesturports og hefur

tekið þátt í fjölmörgum uppfærslum þess, m.a. í leikið í Rómeó og Júlíu, Woyzeck og leikverkinu Brim, sem öll hafa verið sýnd bæði hér heima og erlendis. Hann hefur einnig leikið í kvikmyndum, þ.á.m. í Kaldaljósi og aðalhlutverkið í Strákunum okkar. Á næstu dögum hefjast síðan tókur á kvikmyndinni Mýrinni en þar leikur Björn Hlynur áfram undir leikstjórnum Baltasars Kormáks og fer með hlutverk lögreglumannsins Sigurðar Óla.

Björn Hlynur kveðst ekki undanskilinn þeim hugsunarhætti mikilmennskunnar að vilja vera bestur í heimi. „Vesturport var stofnað til þess að verða besta leikhúsið í heimi. Við vissum ekkert hvernig við áttum að fara að því, við vissum bara að við þyrftum að djöflast af stað og reyna að komast að því á leiðinni. En það er það sem þessi vinna snýst um – að leita endalaust. Og svo eftir tvö, þrjú ár vorum við komin til London sem var takmark sem við náðum nokkuð snemma – við ætlum að gera það en gerðum ráð fyrir að það tæki lengri tíma.“ Björn segir að síðan þurfi fólk að búa sér til ný markmið. „Markmið okkar í dag er að mestu bara að það að halda lífi. Sagan segir manni að eftir nokkur ár í svona hóp þá flosnar þetta oftast upp. Fólk fær leið hvert á öðru, þetta er sjómennska launalega séð en við erum að reyna að finna leiðir til þess að halda áfram – að reyna að finna fjárhagslegan og móralskan grundvöll til þess.“

„Það er dálítið barnalegt markmið að ætla sér að búa til besta leikhúsið í heimi en það segir manni bara að maður þarf að spýta í lófana og drulla sér af stað. Í Vesturporti reynum við bara að spæna áfram og þykjast vita hvað við erum að gera. Við erum allavega að reyna að komast hjá því að sitja á hugmyndunum okkar,“ segir Björn Hlynur en leikhópurinn hefur verið mjög afkastamikill alveg frá stofnun. „Maður yrði beiskur með tímanum ef maður

hefði aldrei fengið tækifæri til þess að framkvæma „frábæru hugmyndina“ sína,“ og hann bætir við „maður lærir af þessu að það er enginn að bíða eftir neinu frá manni, það er enginn að bíða eftir manni – og þá skiptir ekki máli hvað þú heitir eða hvað þú ert að gera.“

Pétur bak við tjöldin

„Það eru tvö ár síðan Baltasar talaði við mig um að gera uppfærslu á Pétri Gaut, en hann hafði lengi langað til þess. Það fyrir það fyrsta er mjög mikilvægt fyrir mig, það er prinsippmál að leikstjórinn hafi áhuga á því sem hann er að gera. Ef leikstjóri gerir verk eftir pöntun eða hefur enga sérstaka ástríðu fyrir verkefninu sé ég enga ástæðu til þess að taka þátt í því.“ Björn segist sjá ansi mikið af Baltasar í persónu Péturs Gauts og segir að Baltasar geri það einnig sjálfur. „Það er allt í lagi fyrir mig, það er bara betra því þá hefur hann meiri þörf til þess að segja þessa sögu. Án þess að ég sé neitt að endilega að leika hann í þessari sýningu þá get ég ekki neitað því að ég hef nú alveg tekið svona sumt frá honum, honum sem persónu – án þess að ég hafi nokkurn tíma sagt honum það.“

Björn Hlynur segir að leikhópurinn sjálfur sé frábær. Hluti hans kom einnig við sögu síðast þegar leikritið var sett upp árið 1991 en þá léku m.a. Baltasar Kormákur, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Ólafur Egill Egilsson í uppfærslunni auk Ingvars E. Sigurðssonar sem þá steig sín fyrstu spor á sviði Þjóðleikhússins. „Reyndar sagði Ingvar við mig um daginn að það hefði rifjast upp fyrir honum að Pétur Gautur væri líka fyrsta hlutverkið sem hann lék í Þjóðleikhúsinu. Þá hugsaði ég – ja, þá hlýtt ég að vera að gera eitthvað rétt. Ingvar er maður sem ég og mínir jafnaldrar höfum alltaf lítið mikið upp til og ef ég kemst einhvers staðar nálægt hans sporum þá er ég bara mjög sáttur.“

PÉTUR GAUTUR Í GEGNUM TÍÐINA: UPPFÆRSLUR ATVINNULEIKHÚSA

Leikfélag Reykjavíkur
Þjóðleikhúsið
Þjóðleikhúsið
Leikfélag Akureyrar
Þjóðleikhúsið

Lárus Pálsson (1944)
Gunnar Eyjólfsson (1962)
Ingvar E. Sigurðsson og Arnar Jónsson (1991)
Jakob Þór Einarsson (1998)
Björn Hlynur Haraldsson (2006)

Grafísk hönnun

Sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar og kynningarefni sjálfir.

Á þessu námskeiði er kennt á þrjú mest notuðu og vinsælustu hönnunarforritin á markaðnum í dag, Photoshop, Illustrator, og InDesign. Þátttakendur læra einnig að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF).

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum kl 18 - 21.30 og annan hvern laugardag kl 9 - 12.30. Lengd námskeiðs: 80 std. Sjá kennsluáætlun á heimasíðu skólans.

Kennsla hefst 21. mars og lýkur 9. maí með páskafrí frá 7. til 18. apríl. Verð kr. 79.000,- og er allt kennsluefni innifalið. (Síðast komust færri að en vildu)



Vefsíðugerð 2

Námskeið ætlað þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðum í vefsíðugerð (FrontPage eða Dreamweaver) eða hafa sambærilega reynslu. Ásamt kennslu á Dreamweaver forritið kynnast nemendur m.a. grunnatriðum HTML og JavaScript og gerð CSS stílblaða. Með notkun CSS er tryggt að vefir séu fagmannlega unnir og áhugverðari fyrir þá sem þá heimsækja.

Síðustu tveir dagar námskeiðsins eru verkefnadagar og er þá hægt að vinna að lokaverkefni lögðu fyrir af kennara eða eigin heimasíðu. Sjá kennsluáætlun á heimasíðu skólans.

Lengd námskeiðs er 31 std.

Verð kr. 39.000,-

Kennt er mánudaga og miðvikudag kl. 18 -21.30. Kennsla hefst 20. mars og lýkur 5. apríl.

Bókhald

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldi fyrirtækisins sem og öllum þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með aukinni menntun.

Kenndur er verslunarreikningur, meðferð og reglur um virðisaukaskatt, bókhaldsgrunnur í handfærðu bókhaldi og tölvufært bókhald í Navision.

Kennsla byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl, þau merkt og færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Þátttakendur þurfa að hafa grunnkunnáttu í Excel. Prufuútgáfa fylgir.

Lengd: 110 std. Verð: kr. 86.000,-

Morgun og kvöldnámskeið hefst 30. mars. (Páskafrí 8. - 18. apríl)



Anna María Clausen
Skrifstofustjóri hjá Gólfloðnum ehf.

„Ég hafði sáralitla tölvu og bókhaldskunnáttu en sé núna að mestu leyti um allt bókhald fyrirtækisins. Sérlega hagnýtt nám sem nýttist mér strax og stóð undir öllum mínum væntingum.“

Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna, um meðferð allra innflutningsskjala og allar helstu reglur er varða innflutning.

Að loknu námskeiðinu eiga þátttakendur að geta:

- Þekkt fylgiskjöl með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna
- Gert tollskýrslur og reiknað út aðflutningsgjöld
- Notað tollskrána til að tollflokka vöru
- Haft grunnkilning á fríverslunarsamningum og gildi þeirra
- Þekkt helstu reglur varðandi innflutning, innflutningstakmarkanir og undanþágur.

Lengd námskeiðs: 18 kst.

Verð: kr. 24.000,-

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 18 - 21.

Hefst 7. mars og lýkur 16. mars.

Næstu námskeið að hefjast Skráðu þig strax



Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið á sérlega hagstæðu verði ætlað byrjendum í tölvunotkun á öllum aldri. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið með miklum endurtekningum. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsóryggi við tölvuna.

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Excel kynning
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er á mánudögum og miðvikudögum.

Hægt að velja um morgunnámskeið kl 9 - 12

og kvöldnámskeið kl 18 - 21.

Lengd: 60 std.

Kennsla hefst 13. mars og lýkur 8. maí (Páskafrí frá 6. til 19. apríl).

Verð kr. 36.000,- (Allt kennsluefni innifalið)

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa reynslu af tölvuvinnu en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni. Mikið lagt uppúr vinnusparandi aðgerðum í tölvu.

- Windows XP og skjalvarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum.

Hægt að velja um morgunnámskeið kl 9 - 12

og kvöldnámskeið kl 18 - 21.

Lengd: 63 std.

Kennsla hefst 16. mars og lýkur 9. maí.

(Páskafrí frá 7. til 17. apríl)

Verð kr. 39.900,- (Allt kennsluefni innifalið)

Önnur námskeið að hefjast í mars:

- | | |
|----------------------------|----------|
| ● Outlook | 9. mars |
| ● Eldri borgarar - frh | 15. mars |
| ● Eldri borgarar - grunnur | 16. mars |
| ● Stafrænar myndavélar | 8. mars |



TÖLVUSKÓLINN

ÞEK KING

Skráning á vorönn hafin
í síma 544 2210, á vef skólans;
www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

Vil koma til skila sanngjarnari og fjölbreyttari mynd af Bandaríkjunum

Carol van Voorst afhenti Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, trúnaðarbréf sitt sem nýr sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi þann 26. janúar síðastliðinn. Í samtali við Auðun Arnórsson segir van Voorst að hún hafi fengið heita ósk uppfyllta með skipuninni í sendiherrastöðuna í Reykjavík.

Það er ekki oft þannig í utanríkisþjónustunni að maður fái það sem maður óskar sér,“ segir van Voorst með ljóma í augum, en hún óskaði sérstaklega eftir því að verða send til Reykjavíkur þegar hún frétti síðastliðið haust að sú staða væri að losna. Raunar hafi hún strax í upphafi ferils síns í utanríkisþjónustunni óskað eftir því að fara til Íslands.

„Þegar ég gekk í utanríkisþjónustuna árið 1980 setti ég Ísland efst á listann yfir staði sem ég vildi gjarnan vera send til. Það tíðkaðist þá að nýliðar væru beðnir að velja fimmtán staði af þeim hundruðum þar sem bandarískar sendiskrifstofur eru starfræktar. Mér fannst þá minna spennandi að fara á velþekktu staði eins og London, París eða Róm; mér fannst miklu áhugaverðara að fara á óvenjulega staði og setti Ísland efst á listann. Það olli mér vonbrigðum að ekkert varð úr því þá að ég kæmi hingað. Það var ekki fyrir en ég var orðin yfirmaður skrifstofu bandaríska utanríkisráðuneytisins sem sinnti Norðurlöndunum að ég kom til Reykjavíkur í góða heimsókn árið 1996. Eftir þá heimsókn var ég staðráðin í að komast fyrir eða síðar til lengri dvalar á Íslandi, ef ekki í vinnunni þá á eigin vegum. Það gladdi mig því mjög þegar forsetinn varð við bón minni og skipaði mig sendiherra hér.“

George W. Bush Bandaríkjaforseti tilnefndi van Voorst í stöðuna í október síðastliðnum. Eftir staðfestingu öldungadeildar Bandaríkjaþings var hún svarið í embætti af Condoleezza Rice utanríkisráðherra þann 3. janúar síðastliðinn. Van Voorst á að baki aldarfjórðungs feril í bandarísku utanríkisþjónustunni. Áður en hún kom hingað gegndi hún starfi varasendiherra í Vínarborg frá 2004 og út árið 2005. Þar áður var hún varasendiherra í Helsinki 1999-2002. 2002-2004 var hún yfirmaður þeirrar deildar bandaríska utanríkisráðuneytisins í Washington sem sinnir málefnum Austurríkis, Sviss og Þýskalands.

Van Voorst er með doktorsgráðu í sagnfræði frá Princeton-háskóla og meistarafráðu í alþjóðaöryggismálum frá National War College. Hún er fædd og uppalin í Michigan og er komin af hollenskum innflytjendum eins og ættarnafn hennar ber með sér, en það hefur hún frá föður sínum en ekki eiginmanni. Eiginmaður hennar heitir William A. Garland og starfar einnig í bandarísku utanríkisþjónustunni.

Fyrstu vikurnar eftir að van Voorst flutti inn á Laufásvegnum hefur hún reynt að setja sig sem best inn í íslensk málefni. „Ég hef átt góða fundi með ráðherrum í ríkisstjórninni,“ segir hún. Nú sé hún í óða önn að koma sér í samband við framverði íslensks atvinnu- og menningarlífs. „Ég legg mikið upp úr því að eiga persónuleg samskipti við fólk og vonast til að þau verði sem nánust og virkust,“ segir hún.

Ógleymanleg stund í Latabæ

Sem dæmi um tengslaleit sína við menningar- og atvinnulífið á Íslandi fór van Voorst í vikunni í kynningarheimsókn í myndverio þar sem nú standa yfir upptökur á nýjstu Latabæjarsyrpinni, en þættirnir eru nú eins og kunnugt er framleiddir af bandarískum aðilum í samstarfi við Latabæjarfrumkvöðlana íslensku með Magn-

ús Scheving í fararbroddi. „Þetta var einhver skemmtilegasta stund sem ég hef nokkru sinni upplifað,“ segir van Voorst um heimsóknina í Latabæ. „Þetta var ógleymanlegt. Það var alveg magnað að upplifa stemninguna, þessa miklu orku og sköpunarkraft,“ segir hún. „En ég komst líka að því að það er ekki nóg með að þarna sé framleitt afburða skemmtiefni fyrir börn, heldur er Latabær gríðarlega vel úthugað verkefni. Ég hef fyrir því öruggar heimildir að það færir nú orðið í vöxt á bandarískum heimilum að börnin biðji um epli og aðra ávexti í stað sætinda.“

En að í Latabæ sé framleitt úrvals sjónvarpsefni fyrir börn um víða veröld var þó ekki það eina sem vakti athygli sendiherrans. „Heimsóknin sýndi mér að Íslendingar eru í fararbroddi í heiminum í að nýta sér nýjustu tækni,“ segir van Voorst. Sér hefði þótt mikið til koma að sjá hvernig nýjasta tækni er nýtt til að tvínna saman leik raunverulegra leikara, brúður og teiknimyndir í eina samstæða heild. Hún spáir því Latabæ áframhaldandi velgengni.

Varnarviðræður á viðkvæmu stigi

Nú standa yfir viðræður um framhald varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Lengi hefur verið kunnugt um að Bandaríkjamenn vilji draga mjög úr umsvifum hersins hér á landi og að Íslendingar taki aukinn þátt í kostnaðinum af rekstri Keflavíkurflugvallar. Spurð um stöðuna í þessum viðræðum segir van Voorst: „Það segir sig sjálft að ég get ekki sagt neitt um smáatriði þessara viðræðna, þar sem það liggur í hlutarins eðli að þau séu trúnaðarmál. En það sem ég get sagt er þetta:

Við Bandaríkjamenn höfum átt varnarsamstarf við þetta land í meira en hálfa öld. Á þessum tíma hefur samstarfið breytt, eftir því sem aðstæður hafa breytt og þarfir hvors aðila um sig hafa þróast. Ljóst er að 21. öldin ber í skauti sér allt aðrar aðstæður en ríktu á dögum kalda stríðsins. Aðstæður hafa jafnvel breytt meira en við gátum gert okkur í hugarlund fyrir fimm árum eða svo. Eðli hættunnar verður allt annað á 21. öldinni en hún var á fyrstu árum mínum í utanríkisráðuneytinu þegar kalda stríðið stóð sem hæst. Ég tel að heildarmarkmið viðræðanna sem við eigum nú í sé að vinna að því að uppfæra varnarsamstarfið til að laga það að þörfum 21. aldarinnar. Það er ekki eitthvað sem gert er í einu vefangi. Þetta er eitthvað sem er gert í góðri samvinnu við bandamenn okkar.“

Ísland sannarlega evrópskt

Spurð hvort hún greini mun á því að starfa sem erindreki Bandaríkjustjórnar í Evrópulöndum innan og utan Evrópusambandsins svarar van Voorst því til að Bandaríkin séu almennt fylgjandi stækkun Evrópusambandsins, „þar sem við sjáum hversu jákvæð áhrif það hefur haft á þau lönd sem hafa gengið í það til þessa, einkum og sér í lagi í Austur-Evrópu, en við erum sannarlega ekki í aðstöðu til að segja af eða á um það hvort þetta eða hitt landið ætti að sækjast eftir inngöngu í ESB, það er hreint innanríkismál,“ leggur hún áherslu á. „Ég hef unnið í löndum sem hafa verið mjög lengi í ESB, sem gengu nýlega í ESB og sem hafa staðið utan við ESB en eru þó tvímælalaust evrópsk, eins og



CAROL VAN VOORST „Ég skynja mikla atorkusemi og bjartsýni í Íslendingum,“ segir sendiherra Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Ísland,“ segir hún.

Spurð hvort hún greini mikil bandarísk áhrif á Íslandi segir hún: „Ég tel að Ísland sé mitt á milli Bandaríkjanna og Evrópu, líti í báðar áttir með viðtæk söguleg tengsl bæði í austur og vestur. Og ég tel að Ísland þurfi ekki að velja þarna á milli.“ En bæði að ætt og uppruna, uppbyggingu samfélagsins og öðru leyti líkist íslenskt þjóðfélag að hennar mati hinum Norðurlöndunum og öðrum Evrópuríkjum.

Það sem líta mætti á sem „ameríska þætti“ í íslensku samfélagi segir hún vert að nefna „þetta makalaus næmi fyrir nýjum tækifærum, bjartsýni og framkvæmdavilja“ sem hún skynji svo sterkt hér. Gott dæmi um þetta hafi hún upplifað á Viðskiptaþingi á dögunum. Hún hafi verið alveg dolfallin yfir „atorkunni og bjartsýnni“ sem þar lá í loftinu. „Það var greinilegt að þarna var allt fullt af fólkum sem álitur framtíðina gal-opna og að það geti látið að sér kveða, notað hæfileika sína og færni til að skapa eitthvað nýtt og spennandi.“

Álíka frjótt andrúmsloft segist van Voorst hafa skynjað þegar hún var varasendiherra í Helsinki 1999-2002. „Þetta var í kjölfar Nokia-kraftaverksins. Þar skynjaði

ég líka þetta einstæða andrúmsloft bjartsýni, þar sem allir eru fullir tiltrúar á framtíðina og tækifærin sem hún bæri í skauti sér. Það er einmitt eitt af því sem mér líkar svo vel við Norðurlöndin. Ég held að öll löndin í þessum heimshluta sem ég hef komið nálægt, allt frá Eistlandi til Íslands, búi yfir þessu andrúmslofti ævintýraþrár. Ég veit ekki hvaðan þetta kemur – í arf frá forfedrunum, úr sögunni eða hvað – en maður skynjar þetta mjög sterkt. Ég held að erlendir gestur sem gerði tveggja daga stanz í Reykjavík myndi líka skynja þennan þrótt, þessa bjartsýni,“ segir van Voorst.

Bandaríkin njóti sannmælis

Spurð hvað hún hyggist leggja áherslu á í sendiherrastarfi sínu hér segist van Voorst vilja leggja áherslu á persónuleg tengsl við Íslendinga. Henni sé mikið í mun að koma fjölbreyttari mynd og að hennar mati sanngjarnari til skila til fólks hér á landi.

„Ég hef orðið vör við að margir Evrópubúar, Íslendingar þar á meðal, hafa mjög einhliða mynd af landi mínu. Margir dæma Bandaríkin og Bandaríkjamenn út frá staðalmyndum úr bíómyndum og öðru afþreyingarefni. Með því enda menn uppi með mjög ein-

hliða sýn á land sem er eitt það fjölbrotasta í heiminum. Ég vil koma því til skila hversu fjölbreytt og einstakt land Bandaríkin eru. Um 50.000 Bandaríkjamenn leggja leið sína til Íslands á ári hverju til að kynnast landi og þjóð af eigin raun. Ég vil að sem flestir Íslendingar heimsæki Bandaríkin með sama hætti, og þá meina ég ekki bara New York eða Kaliforníu heldur líka þrjú þúsund mílurnar sem þar liggja á milli,“ segir hún.

„Ég tel að land mitt sé merkilegt þar sem það hefur tilhneigingu til að ganga hreint til verks er tekist er á við vandamál, við ræðum þau fyrir opnum tjöldum og „sýnum okkar óhreina þvott“ fyrir allra augum til að skoða og gera athugasemdir við. Bandaríkin eru opið samfélag, ekki einlitt, ekki einhliða. Að mínu mati eru einlægni, vilji til að reyna eitthvað nýtt og ég vil leyfa mér að segja hjartahljá einkennandi fyrir bandarískt samfélag. En það er kraumandi massi mótsagna og tilrauna – það er þess vegna sem ég tel að við verðskuldum að það komist fjölbreyttari mynd af bandarísku samfélagi til skila við umheiminn en oft vill verða,“ segir Carol van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna.

ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið: mán-fös 10.00-18.00 lau 10.00-16.00 sun 13.00-16.00



Borð (180x100) og sex stólar

Verð áður: 140.000.-

Verð nú:

126.000.-

ego dekor

Stækkanlegt borð 160(45+45)x100 og sex stólar

Verð áður: 164.000.-

Verð nú:

147.600.-

Skenkur 125cm há

Verð:

108.000.-

ego dekor

NÝ SENDING AF EIKARHÚSGÖGNUM

- einnig fáanleg í hvíttuðu og dökkbæsuðu -



ego dekor

Sófaborð m/sandblásnu gleri 120x64

35.000.-



ego dekor

Skenkur 150cm

79.000.-

ego dekor

Sjónvarpsskenkur

Fáanlegur í tveimur stærðum

240cm

Verð: **69.000.-**

183cm

Verð: **65.000.-**

Hilla með ljósi

Verð: **29.500.-**






ego dekor

Sjónvarpsskenkur

200cm

Verð: **67.000.-**



		9		STAKUR	DUGLEGUR	PLÖNTU-ÆTT	SEYTLA	Á LÍÐANDI STUNDU	LJÓMI	MEST		
		MP & BH										
		HREYFAST			GÚALPUR	STAGA						
SKAKKI	SKEMMT-UN	KARLKYN	PLÖNTU-TEGUND	FYRIR INNAN PAPPÍRS-BLAÐ	SÆLGÆTI	SKURÐUR	TOGVINDA	FLÍK	KEILA MILLJÓN	GANGÞÓFI EFNI	BÁRA	HNAPPUR
ÁVÖXTUR												
ÓHREIN-INDI	VARGUR SKOÐUN			GNÍPA ÞANGAÐ TIL	LÆGSTA HITASTIG ÓSKIPTUR	LIDAMÓT FLÍK					FRÁ FYLLI-BYTTA	DANS
ELDSNEYTI					KÁPA			HÁMA	TÓNNA MJÚKUR			
SEM ÉG Á					SLÆMA VIDAR-TEGUND			RODNA AUMA				NÓTT
FÍFLAST					VÆL	SKEMMD-IR ÆXLUNAR-KORN				UTAN LÍTIL		
				BRÚN	SVEIGUR SEM						LEITA AÐ Í RÖÐ	
								UM-TURNUN				
								AF-RENNSLI				

visir

NFS ER Á VISIR.IS




allt atvinna

Alla sunnudaga

Stjarna leiksins

Santa Fe býðst nú með veglegum HM 2006 aukahlutapakka að andvirði 317.000 kr. Komdu og prófaðu þennan hæfileikaríka sportjeppa. **Þú gerir ekki betri kaup.**

HYUNDAI SANTAFE
HM 2006
Verð frá kr. 2.670.000



Official Partner



Aukahlutapakki HM 2006 að andvirði kr. 317.000 fylgir með.

- Samlitur** 
- 16 tommu álfelgur og heilsársdekk** 
- Leður á girhnúð** 
- Leðurstýri og skriðstillir** 
- Vindskeið** 

Með bílinn handa þér 

HYUNDAI hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

RÉTTINDI EÐA FORRÉTTINDI

Nútíminn gerir kröfu um rétt til sveigjanlegs vinnutíma en til eru starfsstéttir sem verða að standa sína vakt.

ATVINNA 2



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

STÖRF Í BOÐI

Sölufulltrúi
Sumarstörf
Framleiðslustjóri
Næturverðir
Upplýsingafulltrúi
Bókari
Verkfræðingar
Tæknifræðingar
Móttökustjóri
Vaktstjórar
Afgreiðsla
Öryggisverðir
Gjaldkerafulltrúi
Bílstjórar
Sérfræðingar
Matreiðslunemar
Þjónustufulltrúar
Tæknimenn
Forritari

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn
5. mars, 64. dagur
ársins 2006



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag	
Reykjavík	8.22	13.39	18.58
Akureyri	8.10	13.24	18.40

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Guðjón Andrésón hefur verið leigubílstjóri í rúmlega hálföld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eldri borgarar eru skemmtilegastir

Guðjón Andrésón hefur verið leigubílstjóri í rúmlega fimmtíu ár. Auk þess að keyra leigubíl hjá Hreyfli er Guðjón ökukennari.

Guðjón hóf störf sem leigubílstjóri árið 1954 og sem ökukennari 1959. „Þessi störf fara mjög vel saman og kennslan er virkilega áhugaverð“, segir hann.

Á þeim tíma sem Guðjón hefur verið leigubílstjóri hafa orðið ýmsar breytingar og tækninni hefur fleygt fram. „Áður fyrr þurfti maður að vera með allar götur í kollinum en núna er hægt að fá tæki sem götuheitið er slegið inn í og það leiðir mann að húsinu sem á að fara að. Ég hef reyndar ekki notað svona tæki og er ennþá bara með þetta allt í kollinum“, segir hann.

Guðjón segir að hegðun fólks sem er úti að skemmta sér hafi líka breyst. „Mesta breytingin varð eftir að bjórinn var leyfður. Það gerðist ekki hérna áður fyrr að fólk sæti á kaffihúsum, það var bara með

flöskuna í beltinu því það var enginn bar til. Í Vetrargarðinum mátti ekki vera með áfengi en fólk var að drekka í laumi og kom stundum alveg veltandi út. Núna er fólk miklu eðlilegra með áfengi og það er allt annað að eiga við það. Yngri fólk er líka mjög þægilegt þó að það séu alltaf svartir sauðir.“

Eftirminnilegasta atvikið á starfsferlinum segir Guðjón hafa verið þegar hann leigði bílinn sinn í tókur á myndinni 79 af stöðinni. „Ég var á staðnum allan tímann sem myndin var tekin upp. Svo kom upp vandamál þar sem Gunnar Eyjólfson var ekki með bílpróf og lögreglan bannaði honum að leika. Þar sem ég var líka ökukennari tók ég hann í kennslu í hveli.“

Guðjóni finnst leigubílstjórastarfið mjög skemmtilegt. „Skemmtilegast þykir mér að keyra eldri borgara. Það er gaman að ræða við þá en ég er náttúrulega orðinn fullorðinn líka. Maður skilur ekki alltaf það sem þeir yngri eru að segja“, segir hann og hlær.

emilia@frettabladid.is



Sölumaður

Vélaver, eitt af stærstu vélaumboðum landsins, leitar að öflugum og kraftmiklum sölumanni til að annast sölu nýrra lyftara, atvinnubifreiða, vinnuvéla og annarra tækja. Boðið er upp á góða og stórglæsilega vinnuásetningu og tækifæri á því að vinna með framúrskarandi sölumönnum í nýju húsnæði sem er að Krókhálsi 16.

Starfssvið:

- Ráðgjöf til viðskiptavina og sala
- Svörun fyrirspurna
- Tilboðsgerð
- Samskipti við fjármögnunarfélög
- Uppsetning á sýningum
- Söluferðir
- Erlend innkaup
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegum störfum
- Mjög góð enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á lyfturum, atvinnubifreiðum, vinnuvélum og tækjum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Heiðarleiki og rík þjónustulund

Um framtíðarstarf er að ræða.
Umsóknarfrestur er til 8. mars n.k.

Markmið Vélavers er að selja lyftara, atvinnubifreiðar, landbúnaðar- og vinnuvélar í hæsta gæðaflokki og að veita viðskiptavinum lipra og fagmannlega þjónustu sem þeir geta treyst á.

Umsjón með starfinu hefur Ellen Tryggvadóttir ráðgjafi, ellen@radning.is



www.radning.is

Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is



SÍÐUMÚLI 12-14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5500 • FAX 510 5509

Sölumaður

Kjaran ehf. óskar eftir að ráða öflugan sölumann til starfa. Kjaran er rötgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á tæknibúnaði fyrir skrifstofur auk þess sem fyrirtækið býður upp á breiða línu af gólfefnum.

Leitað er að sölumanni til að selja skrifstofutæki eins og ljósritunarvélar og prentara. Meðal þekktara vörumerkja eru Konica Minolta ljósritunarvélar, faxtæki og laserprentarar.

Starfssvið:

- Þjónusta og ráðgjöf til núverandi viðskiptavina
- Stofna til nýrra viðskiptasambanda
- Ráðgefandi sala og þjónusta

Hæfniskröfur:

- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Góð þekking af tæknibúnaði og uppsetningu
- Góð enskukunnátta
- Snyrtimennska, áreiðanleiki og stundvísi skilyrði

Vinnutími er frá 09:00-17:00.

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk.

Umsjón með starfinu hefur Sigrún Edda Eðvarðsdóttir ráðgjafi, sigrunedda@radning.is



www.radning.is

Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Forritari

Vegna aukinna verkefna óskar Parspro.com að ráða forritara.

Hæfniskröfur:

- Þekking á JSTL, AJAX, JSON og Spring forritun
- Reynsla á SQL kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni og geta til að tileinka sér nýja hluti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Parspro.com Ltd. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og þjónustu við erlend veðmálsfyrirtæki:

Parspro is a complete betting system and service provider to organizations that operate, or plan to operate, betting on digital media platforms including the Internet, Live betting, Mobile and Digital Television. Our unique suite of products and services give our clients complete freedom to focus on their core business to sell and market their products.

(Sjá nánar á www.parspro.com)

Umsóknir skulu sendar á netfangið: ppc@parspro.com fyrir 10. mars n.k.



parspro.com
ONLINE BETTING SOLUTIONS

Sóltúni 26
105 Reykjavík
Sími 511 3711
ppc@parspro.com



Hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum gera kröfu um sveigjanlegan vinnutíma í takt við nútímann.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Réttindi eða forréttindi?

Nútíminn gerir kröfu um rétt til sveigjanlegs vinnutíma. Við viljum ráða hvenær við vinnum og hvernig. Á sumum vinnustöðum er erfitt að koma þessu við og á það sérstaklega við um vaktavinnu. Til eru starfsstéttir sem verða að standa vakt sína svo að hjól samfélagsins snúist óhindrað. Þar á meðal eru hjúkrunarfræðingar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi (LSH).

Hjúkrunarfræðingar gera kröfu um sveigjanlegan vinnutíma eins og aðrir. Þeir vinna flestir vaktavinnu og eiga erfitt með að skreppa frá vinnu sinni eðli hennar vegna. Til að koma til móts við kröfur starfsfólks síns hafa stjórnendur LSH notað sérstakt vaktáætlanu- og vinnuskilakerfi sem fengið hefur nafnið VinnuStund. Kerfið er hannað af Skýrr fyrir Fjársýslu ríkisins og er notað víða, til dæmis af Flugmálastjórn, Vegagerðinni og Tollstjóraembættinu. Notendur eru um 10.000 og mun þeim fjölga til muna er kerfið verður innleitt á vinnustöðum Reykjavíkurborgar.

Hægt er að gera vaktaskema á hefðbundinn hátt með VinnuStund, en einnig er hægt að fara aðra leið sem í daglegu tali er kölluð vaktaskemuleiðin. Hún virkar þannig að yfirmenn tilgreina þörf á starfsfólki og starfsmenn skila inn óskum um vaktir og frídaga. Þetta fer allt fram rafrænt gegnum

internetið. Því næst býr kerfið sjálfkrafa til vaktaplán þannig að orðið er við óskum sem flestra um leið og farið er eftir settum reglum kjarasamninga. Með þessu móti hafa starfsmenn meira að segja um vinnutíma sinn, gerð vaktaplana einfaldast og aðgangur að vinnuskýrslum og áætluðu vinnufyrirkomulagi batnar. Starfsfólk getur sniðið vaktaplán að eigin þörfum, upp að vissu marki, og öðlast sveigjanleika sem áður fyrr var ómögulegur.

Auðséd er að ekki er unnt að gera öllum til geðs alltaf. Þess vegna gefur kerfið hverjum starfsmanni punkta út frá því hversu oft hann hefur fengið óskir sínar uppfylltar. Verði áreksstur milli óska skoðar kerfið stöðu punktanna og veitir þeim starfsmanni sem oftast hefur þurft að setta sig við mála-miðlun forgang.

Kerfið hefur vakið mikla athygli þau tvö ár sem það hefur verið í notkun. Athygl-



Hjúkrunarfræðingar gegna lykilhlutverki á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

in hefur jafnvel náð út fyrir landsteinana en árangur af notkun kerfisins var kynnt á þingi hjúkrunarforstjóra í Evrópu við góðar undirtektir.

Mestu máli skiptir að hjúkrunarfræðingarnir sjálfir séu ánægðir með kerfið og geti nýtt sér kosti þess. „Við bjuggumst við að 30-40 prósent starfsfólks á

hjúkrunardeildum myndu nýta sér vaktaskemuleiðina en samkvæmt könnun sem við gerðum í lok árs 2004 er sú tala 67 prósent,“ segir Elísabet Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur á LSH og ein af umsjónarmönnum kerfisins. „Þetta fer langt fram úr vonum okkar og við erum mjög ánægð með móttökurnar.“ tryggvi@frettabladid.is

Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna

Námskeið um um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna verður haldið á vegum Starfsmenntar Fræðsluseturs.

Starfsmennt Fræðslusetur stendur fyrir námskeiði um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Meginviðfangsefni námskeiðsins er að kynna hugmyndafræði og reglur ríkisins gagnvart starfsfólki, kynning á lögum um réttindi starfsmanna ríkisins ásamt því að fjallað verður um lög opinberra starfsmanna og ýmis ákvæði laga sem þá varða.

Stefnt verður að því að þátttakendur námskeiðsins öðlist betri skilning á stöðu sinni sem ríkisstarfsmenn, þekki hvert þeir geti leitað réttar síns og hvar helstu upplýsingar um helstu álitamál má finna. Einnig verður þátttakendum gert



Námskeið um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna hefur það að markmiði að upplýsa opinbera starfsmenn um réttindi þeirra og skyldur á vinnu-markaði.

ljóst samspil stefnu í ríkisrekstri og þróunar í lagaákvæðum og kjarasamningum. Að auki verða kynnt starfsmannakerfi í öðrum löndum.

Kennari á námskeiðinu er Guðmundur H. Guðmundsson, sérfræðingur á

starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Námskeiðið fer fram 13. mars. Félagsmenn aðildarfélaga Starfsmenntar geta sótt námskeiðið endurgjaldslaust en aðrir þurfa að greiða fimm þúsund krónur.



Kúabændum fækkar vegna hækkandi verðs á landi.

Kúabúum fækkar

Borgarfjörður er að breytast í frístundabyggð.

Þeim jörðum fækkar ört á Vesturlandi sem hefðbundinn búskapur er stundaður á. Í Stafholtstungum einum hefur kúabúum fækkað á einum áratug úr 20 niður í þrjú eða fjögur, að sögn Magnúsar Magnússonar, ritstjóra Skessuhorns sem birti fróðlega grein um þetta efni nýlega. Hann segir þau bú sem eftir eru hins vegar hafa stækkað að meðaltali. Jarðir hafa selst nýlega í Borgarfjörð á hátt í hundrað milljónir hver og þá til annarra nota en búreksturs. Með þessu áframhaldi verður héraðið að risastórri frístundabyggð eftir nokkur ár.

Bókhald



Eik fasteignafélag óskar eftir að ráða bókara til starfa sem fyrst.

Starfið felst í merkingum, færslum og afstemmingum bókhalds.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af vinnu við bókhald skilyrði
- Færni í Excel og þekking á Axapta upplýsingakerfi kostur
- Talnagleggni, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Hanna B. Vilhjámsdóttir (hanna@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 12. mars nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG
MANNAFLI
LIÐSAUKI

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140
mannafli@img.is www.mannafli.is www.img.is



Öryggisverðir

Vilt þú vinna við spennandi og ógrandi starf? Þá erum við í Öryggismiðstöðinni með rétta starfið fyrir þig. Öryggismiðstöðin leitar að öflugum liðsmönnum, konum jafnt sem körlum, til að efla enn frekar þjónustu fyrirtækisins.

Hlutverk:

Í boði eru spennandi störf hjá öflugum og framsæknu þjónustufyrirtæki á sviði öryggismála. Störfin felast meðal annars í eftirliti og gæslu hjá fyrirtækjum og einstaklingum á stór-Reykjavíkursvæðinu. Aðstoð við neyðartilfelli (innbrot, slys og bruna). Gæsla við ýmskonar viðburði, stóra sem smáa (kvikmyndataka, tónleikar o.fl.).

Hæfniskröfur:

Farið er fram á stundvísi, snyrtimennsku, heiðarleika og hreint sakavottorð. Skilyrði er að umsækjendur séu orðnir 20 ára og hafi almenn ökuréttindi og séu vel á sig komnir líkamlega og andlega.

Starfsúmsókn:

Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslu Öryggismiðstöðvarinnar að Borgartúni 31. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Ekki er tekið við fyrirspurnum í síma.



ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

BORGARTÚNI 31 • SÍMI 530 2400 • WWW.ORYGGISMI.D

Fjölbreytt og spennandi störf hjá Alcoa Fjarðaáli



Í Fjarðabyggð er verið að reisa eitt af fullkomnustu álverum heims og leggja með því grunninn að framtíðarvinnustað á Austurlandi. Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls eru nú orðnir 34 og þeim mun fjölga ört á komandi mánuðum. Þegar álframleiðsla hefst á miðju ári 2007 verðum við orðin nærri 400.

Við ætlum að búa til góðan vinnustað.

Viltu vinna fjölbreytt og spennandi störf í samhentu liði? Viltu vinna hjá fyrirtæki sem leggur mikið upp úr þjálfun og fræðslu allra starfsmanna? Viltu fá tækifæri til að vaxa og dafna í starfi? Viltu hafa jafnvægi milli vinnu og einkalífs? Viltu vinna hjá framsæknu, alþjóðlegu fyrirtæki í öruggu starfsumhverfi?

Ruth Elfarsdóttir og Sigurður Ólafsson nota Legokubba til að líkja eftir framleiðsluferli á námskeiði í Kanada.

Alcoa Fjarðaáli
Alcoa Fjarðaáli
Alcoa Fjarðaáli

Alcoa Fjarðaáli

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Frekari upplýsingar fást á www.alcoa.is og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur** (sigurlaug@img.is) og **Helgu S. Guðmundsdóttur** (helgas@img.is) hjá **IMG Mannafli-Liðsauka**.



Við leitum að góðu fólki í fjölbreytt framleiðslustörf sem felast meðal annars í stjórnun framleiðslutækja, framleiðslukerfa og farartækja. Unnið er samkvæmt verkferlum í teyllum á mismunandi vinnustöðvum. Framleiðslustarfsmenn munu jafnframt starfa í ýmsum vinnuhópum. Unnið verður á vöktum þegar álframleiðsla hefst.



Við leitum að drifandi einstaklingum með fjölbreytta menntun og reynslu til að leiðbeina starfsmönnum í framleiðsluteyllum, veita þeim hvatningu og sjá til þess þeir hafi nauðsynlega þjálfun og þekkingu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi leiðtogaþæfileika og mikla færni í mannlegum samskiptum.



Við leitum að fagmenntuðum rafvirkjum og vélvirkjum til að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi sem á að tryggja áreiðanleika framleiðslunnar og hámarka um leið nýtingu og endingu tækjabúnaðar. Unnið er í teyllum með öðrum starfsmönnum.



Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu IMG Mannafli-Liðsauka, www.mannafl.is og láta starfsferilskrá fylgja með. Allir umsækjendur þurfa einnig að taka þátt í gildismatskönnun.



- Færni í mannlegum samskiptum
- Vilji til að starfa í teyllum með jafningjum
- Jákvæðni og virðing fyrir öðrum
- Vilji til að leita stöðugra endurbóta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni



Alcoa Fjarðaáli





Laus störf á Reykhólum,
Austur-Barðastrandarsýslu

Sjúkraliði og ófaglærður starfsmaður í umönnun í Barmahlíð

Laus eru ofangreind störf. Um er að ræða ráðningu sjúkraliða við hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð. Einnig vantar starfsmenn til almennra aðhlyningarstarfa og í afleysingar.

Puríður Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri (s.434 7817) veitir nánari upplýsingar um störfina barmahlid@reykholar.is Einnig á skrifstofu Reykhólahrepps (s. 434 7880).

Umsóknarfrestur er til 20. mars 2006.

Á Reykhólum er mikil náttúrufergurð og einungis tæplega þriggja tíma akstur til Reykjavíkur. Þar er öll almenn þjónusta fyrir hendi svo sem leikskóli, grunnskóli, mjög góð sundlaug, bókasafn, heilsugæsla, verslun, nýtt íþróttahús og kirkja.

Reykholahreppur
www.reykholar.is



Sagafilm – móttökustjóri

Sagafilm auglýsir eftir móttökustjóra. Í starfinu felst m.a. móttaka viðskiptavina, símsvörun og almenn skrifstofustörf. Nauðsynlegt er að viðkomandi sé með jákvætt viðmót og hafi gott vald á bæði íslensku og ensku.

Umsóknir sendist á umsokn@sagafilm.is fyrir föstudaginn 10. mars næstkomandi.

Sagafilm er leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði kvikmynda, auglýsinga, sjónvarspátta og efnis fyrir nýmiðla á Íslandi. Fyrirtækið framleiðir yfir 800 auglýsingar á ári, innlendar og erlendar og yfir 10 klukkustundir af dagskrárefni fyrir sjónvarp í viku hverri. Þar á meðal eru þættirnir Stelpurnar, Það var lagið og Idol stjórnuleit. Einnig erum við þessa dagana í tókum á spennumyndinni Köld slóð.

Sagafilm
Laugavegi 176
105 Reykjavík
Ísland
Tel +354 515 4600
Fax +354 515 4601
www.sagafilm.is

Bílstjóri



564379

Osta og smjörösalan sf. óskar eftir að ráða einstakling með meirapróf eða réttindi á bíla yfir 3,5 tonn í útkeyslu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:30 - 16:30.

Leitað er að reyklusum, áreiðanlegum, hraustum, röskum og stundvísam einstaklingi. Ráðið verður í starfið strax.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is



Lykilmenn í hugbúnaðarþróun

TM Software | Custom Development

Hugbúnaðarþróun í Java

Sérlausnasvið TM Software (Origo) er leiðandi í þróun sérhæfðra tölvukerfa og hefur frumkvæði að því að skapa virðisaukandi notkun á upplýsingum og upplýsingakerfum viðskiptavina. TM Software býr yfir sérþekkingu á uppbyggingu stórra og flókinna veflausna og gagnagrunnskerfa og sinnir þróun og þjónustu við mörg af umfangsmestu hugbúnaðarkerfum landsins. Meðal viðskiptavina eru mörg af stærstu og framsæknustu fyrirtækjum á landinu.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, kerfis- eða verkfræði.
- Haldgóð starfsreynsla af þróun hugbúnaðarlausna.
- Samstarfshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Metnaður og vilji til að ná árangri í starfi.
- Haldgóð Java þekking.

TM Software | Healthcare

Hugbúnaðarþróun

Starfið felst í hugbúnaðarþróun og samþættingu lausna fyrir sjúkráhusa- og heilbrigðissvið með áherslu á innanlands- og alþjóðamarkað. Lausnirnar eru markaðssettar undir heitinu **Theriak**.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, kerfis- eða verkfræði.
- Haldgóð starfsreynsla af þróun hugbúnaðarlausna.
- Samstarfshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Metnaður og vilji til að ná árangri í starfi.
- Delphi og/eða .NET reynsla æskileg.
- Oracle og/eða MS SQL.

TM Software er eitt af framsæknustu fyrirtækjum í upplýsingatækni hér á landi. Fyrirtækið rekur starfsstöðvar í 12 löndum og þjónar fjölda viðskiptavina um allan heim, starfsmenn þess eru rúmlega 450. TM Software er í fremstu röð við ráðgjöf, þróun hugbúnaðar, rekstur tölvukerfa og býður fjölbreyttar lausnir í nánu samstarfi við helstu upplýsingatækniyrirtæki heims.

TM Software hefur með öflugri vöruþróun og nánu samstarfi við kröfuharða viðskiptavina skapað lausnir sem eru leiðandi hér á landi sem og erlendis.

Á undanföllum árum hefur TM Software fimm sinnum hlotið viðurkenningu sem eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum Evrópu.

Við leitum að öflugum einstaklingum sem eru búnir að sanna sig í faginu og vilja takast á við ný og ögrandi verkefni í öflugum og framsæknun teymi. Í boði er frábært tækifæri á að þróa hugbúnaðarlausnir fyrir kröfuharðan alþjóðamarkað.

Við leggjum áherslu á og bjóðum:

- Metnaðarfullt og árangursdrifið starfsumhverfi
- Frábæran starfsanda og liðsheild
- Fjölbreytt, spennandi og krefjandi verkefni
- Góða starfsaðstöðu
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma
- Símenntun í starfi
- Fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar hérlandis sem erlendis
- Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt samkomulagi

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir og fyrirspurnir. Allar nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon, starfsmannastjóri. Umsóknir og fyrirspurnir óskast sendar til starfsmannastjóra, torfi@t.is, merktar viðkomandi störfum fyrir **15. mars nk**.

Önnur störf innan TM Software

Höfum áhuga á að komast í samband við tölvunarfræðinga, kerfisfræðinga, verkfræðinga eða einstaklinga með sambærilega háskólamenntun á sviði upplýsingatækni. Ýmis tækifæri í boði fyrir rétta einstaklinga. Nýútskrifaðir koma einnig til greina.



FJARÐARBYGGÐ

Upplýsinga- og kynningafulltrúi

Laust er starf upplýsinga- og kynningafulltrúa hjá Fjarðabyggð. Starfsmaður sér jafnframt um kynningarmál sveitarfélaganna, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps en þau sameinast Fjarðabyggð í júní á þessu ári.

Helstu kröfur til umsækjanda eru:

- Menntun á sviði upplýsinga- og fjölmiðlafræða.
- Viðtæk þekking og reynsla á upplýsinga- og kynningarmálum.
- Þekking á mállefnum sveitarfélaga er æskileg.

Helstu viðfangsefni eru umsjón með heimasiðu sveitarfélagsins, kynningarmálum og miðlun upplýsinga, móttaka gesta og framsetningu upplýsingaefnis.

Leitað er að metnaðarfullum og ábyrgum einstaklingi sem annast dagleg upplýsinga- og kynningarmál sveitarfélaganna.

Í Fjarðabyggð er atvinnulíf og almennt þjónustustig gott. Framundan eru tímar athafna og umsvifa í stórfelldri uppbygging sveitarfélagsins þar sem áhersla verður lögð á að lífsgæði og fjölskylduvænt samfélag.

Upplýsingar veitir forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs, Gunnar Jónsson, gunnar@fjardabyggd.is, sími 470 9062.

Umsóknir sendist til forstöðumanns sviðsins, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð fyrir 8. mars 2006 en þá rennur umsóknarfrestur út.

Sjá nánar um Fjarðabyggð og starfið á www.fjardabyggd.is

www.icelandexpress.is

SÖLUFULLTRÚI Í SÖLUDEILD ICELAND EXPRESS

Leitað er að ábyggilegum og kurteisum einstaklingi með ríka þjónustulund. Viðkomandi þarf að sýna áhuga, sjálfstæði í starfi og geta unnið vel undir álagi.

Starfssvið

- Símsvörur
- Sala á flugsætum, hótलगistingu og bílaleigubílum.
- Aðstoð við netbókanir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf skilyrði
- Nám í ferðamálafræði æskilegt
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil færni í talaðri og ritaðri ensku, kostur ef viðkomandi talar einnig dönsku eða þýsku

Umsóknir skulu sendar á job@icelandexpress.is fyrir 10. mars 2006.

Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Iceland Express er fyrsta íslenska lágfargjaldaflugfélagið. Þegar félagið var stofnað fyrir þremur árum, gjörbreytti það landslagi flugsamgöngum Íslendinga og starfa nú yfir 100 manns hjá félaginu. Við erum stolt af sigrum og vexti Iceland Express og er starfsfólkið lykillinn að uppbyggingu félagsins. Tækifærin blasa við og framundan eru afar spennandi tímar í starfsemi. Fljúgðu hærra á þínum ferli með Iceland Express. Upplifðu spennandi starfsumhverfi, skemmtilegan vinnuanda og taktu þátt í að móta og skapa framsækna viðskiptastefnu hjá félagi sem er einstakt á Íslandi.



Iceland Express



Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



Laus störf sérfræðinga við alþjóðleg verkefni tengd útrás Landsbankans

Vegna vaxandi umsvifa bankans erlendis leitum við eftir framúrskarandi einstaklingum til starfa við útrás bankans. Um er að ræða verkefni á alþjóðasviði sem gefa viðkomandi tækifæri til virkrar þátttöku með æðstu stjórnendum Landsbankans í mótun og framkvæmd áframhaldandi útrásarstefnu bankans.

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Helstu verkefni:

- Greining erlendra fjármálamarkaða
- Kortlagning fjármálafyrirtækja í Evrópu
- Tillögugerð um mögulega fjárfestingarkosti til bankastjórnar
- Framkvæmd og útfærsla einstakra fjárfestingarkosta
- Aðkoma að innleiðingu og samþættingu erlendra fyrirtækja inn í samstæðu Landsbankans
- Samskipti við erlendar fjármálastofnanir og ráðgjafa

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, hagfræði, lögfræði og/eða verkfræði
- Framhaldsmenntun og/eða starfsreynsla erlendis er æskileg
- Þekking á sviði samruna og yfirtöku, stefnumótunar, greiningu ársreikninga og viðskiptatækifæra
- Skilningur á helstu aðferðum við verðmat fyrirtækja
- Þekking og reynsla á alþjóðlegum fjármálamörkuðum er æskileg
- Framúrskarandi enskukunnátta er skilyrði

Um er að ræða opið vinnuumhverfi þar sem mikil áhersla er lögð á frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfileika til mannlegrar samskipta og getu til að vinna sem hluti af einni liðsheitd óháð einstökum ábyrgðarsviðum. Störfum við framkvæmd útrásarstefnu bankans geta fylgt töluverð ferðalög og fjarvera frá Íslandi.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Nánari upplýsingar veita Atli Atlason framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Landsbankans í síma 410 7904 og Bergþóra Sigurðardóttir forstöðumaður á starfsmannasviði í síma 410 7907.

Vinsamlega sendið umsókn og ferilskrá á netfangið atla@landsbanki.is
Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk.



Langar þig að vinna hjá vinalegustu hótellekðu Íslands í sumar?

Við auglýsum eftirtalin sumarstörf á Fosshótel Suðurgötu (Rvk), Áningu (Sauðárkróki), Laugum í Reykjadal, Hallormsstað, Vatnajökli (Höfn) og Mosfelli (Hellu). Einnig eru í boði sumarstörf á Flóka Inn (Rvk) og Garði Inn (Rvk):

Almenn störf (herbergisþrif, þvottahús, þjónusta í veitingasal, aðstoð í eldhúsi) á Suðurgötu, Garði, Flóka, Áningu, Laugum, Hallormsstað, Vatnajökli og Mosfelli.

Hæfniskröfur:

- Þjónustulund og umhyggjusemi
- Gestrisni og sveigjanleiki
- Áhugi og dugnaður
- Vingjarnleiki
- 18 ára lágmarksaldur

Gestamóttaka á Suðurgötu, Garði, Flóka, Áningu, Laugum, Hallormsstað og Mosfelli.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af svipuðu starfi æskileg
- Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum
- Þjónustulund og gestrisni
- Tölvu-, bókalda- og skipulagsfærni

- Vingjarnleiki
- 20 ára lágmarksaldur fyrir dagvakt en 22 ára fyrir næturvörð

Matreiðsla á Áningu og Laugum.

Hæfniskröfur:

- Hæfni til að elda bragðgóðan mat
- Skipulags- og samskiptahæfileikar
- Menntun og / eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum æskileg
- Vingjarnleiki

Starf í bókhaldsdeild

á aðalskrifstofu, Reykjavík. Laust nú þegar. Reynsla af bókhaldsstörfum nauðsynleg. Navision kunnátta æskileg. Einnig sumarstarf í bókhaldi frá byrjun maí.

Fæði og húsnæði í boði á Laugum, Hallormsstað og Vatnajökli. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.fosshotel.is Umsóknarfrestur er til 15. mars 2006. Umsækjendur eru sérstaklega beðnir um að tilgreina hvaða starf þeir sækja um og á hvaða starfsstöð. Nánari upplýsingar veitir Þórður B. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, í síma 562- 4000 eða í gegnum tölvupóstfangið thordur@fosshotel.is



Birgðastjóri

óskast á skurðstofur við Hringbraut. Starfshlutfall 100%, dagvinna. Birgðastjóri sér um samskipti milli skurðstofa og birgja, pantar inn vörur, skráir reikninga og tekur til og skráir vörur fyrir aðgerðir. Auk þess sinnir hann birgðastjórnun og verkstjórn á birgðastöðinni. Hann er jafnframt tengiliður birgðastöðvarinnar við aðrar deildir LSH, s.s. á upplýsingatæknisviði, fjármálasviði og innkaupa- og vörustjórnunarsviði, og aðra sem tengjast rekstrinum. Birgðastjóri er ábyrgur gagnvart deildarstjóra og yfirlækni skurðstofa ásamt sviðsstjórum. Hann skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við deildarstjóra. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu á heilbrigðisviði td sjúkraliðamenntun eða aðra sambærilega menntun og reynslu í tölvuvinnslu. Enn fremur er æskilegt að hann hafi reynslu af birgðastjórnun og þekkingu á Oracle birgðastjórnunarkerfi. Umsóknir berist fyrir 20. mars nk. til Þórunnar Kjartansdóttur, deildarstjóra, skurðstofur 12CD Hringbraut og veitir hún upplýsingar í síma 543 7205, netfang tk@landspitali.is.

Sérhæfðir aðstoðarmenn

óskast til starfa sem fyrst á skurðeildir LSH við Hringbraut og í Fossvogi. Fjölbreytt vinna með góðu fólki. Starfshlutfall 80-100%. Möguleiki er á breytilegum vinnutíma. Einhver íslenskukunnátta nauðsynleg. Um er að ræða sérhæfð störf við þrif á skurðstofum. Starfið miðar að því að auka vellíðan og öryggi skjólstæðinga deildanna ásamt að tryggja að umhverfi þeirra og starfsfólks sé ávallt hreint og snyrtilegt. Starfið gerir kröfu um ríka ábyrgðartilfinningu og góða samskiptahæfileika. Umsóknir berist fyrir 20. mars nk. til Þórunnar Kjartansdóttur, deildarstjóra, skurðstofur 12CD Hringbraut og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 7205, netfang tk@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali - háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

Sumarafleysingar

ÁTVR óskar eftir starfsfólki í sumarafleysingar.



ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu, stuðla að jákvæðri vinnmenningu og draga úr neyslu töbaks.

Vínubúðir ÁTVR eru 46 talsins og staðsettar víðs vegar um allt land. Að jafnaði starfa um 350 manns hjá ÁTVR. Fyrirtækið vill búa starfsfólki sínu skapandi og lífandi starfs- umhverfi sem virkjar þann kraft sem í því býr og laða til sín hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.

Vínubúðir

Starfsfólk óskast til starfa í sumar, bæði í fullt starf og tímavinnu.

Starfssvið

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum, lagerstörf og fleira.

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum er æskileg.
- Frumkvæði og metnaður, góð framkoma og rík þjónustulund eru eiginleikar sem leitað er að.

Vinnutími er misjafn eftir vínubúðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum ríkisins og Starfsmannafélags ríkisstofnana. Sakavottorðs er krafist.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 20 mars nk. Upplýsingar veitir Ari Eyberg. Netfang: ari@hagvangur.is



Dreifingarmiðstöð (lager)

Starfsfólk óskast til starfa í sumar í fullt starf.

Starfssvið

- Um er að ræða almenn lagerstörf í dreifingarmiðstöð.

Hæfniskröfur

- Áhersla er lögð á stundvísi og dugnað.
- Umsækjendur þurfa að vera líkamlega hraustir þar sem um töluverðan burð er að ræða. Lyftarapróf er kostur.

Vinnutími er frá 7.30 til 16.30.



Afgreiðslumaður á kassa

Múrbúðin er ört vaxandi fyrirtæki í innflutningi og sölu á hágæða múrvörum málningu og byggingavörum.

Múrbúðin vill ráða starfsmann á kassa. Leitað er eftir heiðarlegum starfsmanni með ríka þjónustulund. Umsókir berist til Ingólfs S. Bjarnasonar í Múrbúðinni eða á tölvupóstfangið: ingolfur@murbudin.is



MÚRBÚÐIN
Byggingavörverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is



Þorlák 11a • 101 Reykjavík • Sími 552 2222 • Fax 552 4000 • Netfang hitastyring@hitastyring.is

Hitastyring hf. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu, uppsetningu og þjónustu á hita- og loftræstikerfum, kælikerfum fyrir tölvu og tæknirými, hústjórnamarkurum og ýmskonar iðnaðarsjálvirkni.

Óskum eftir að ráða Kælivélamann

Starfssvið:

- o Uppsetning á kælibúnaði
- o Reglubundið eftirlit
- o Uppsetning á hita- og loftræstikerfum
- o Viðhald og þjónusta

Menntunar- og hæfniskröfur:

- o Menntun á sviði kælitækni
- o Reynsla af vinnu við kælibúnað
- o Þekking á kælimiðlum
- o Almenn tölvukunnátta
- o Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði

Nánari upplýsingar gefur Helgi Sverrisson í síma 552-2222



FJARÐARBYGGÐ

Upplýsinga- og kynningafulltrúi

Laust er starf upplýsinga- og kynningafulltrúa hjá Fjarðarbyggð. Starfsmaður sér jafnframt um kynningarmál sveitarfélaganna, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps en þau sameinast Fjarðarbyggð í júní á þessu ári.

Helstu kröfur til umsækjanda eru:

- Menntun á sviði upplýsinga- og fjölmiðlafræða.
- Viðtæk þekking og reynsla á upplýsinga- og kynningarmálum.
- Þekking á málefnum sveitarfélaga er æskileg.

Helstu viðfangsefni eru umsjón með heimasíðu sveitarfélagsins, kynningarmálum og miðlun upplýsinga, móttaka gesta og framsetningu upplýsingaefnis.

Leitað er að metnaðarfullum og ábyrgum einstaklingi sem annast dagleg upplýsinga- og kynningarmál sveitarfélaganna.

Í Fjarðarbyggð er atvinnulíf og almennt þjónustugott. Framundan eru tímar athafna og umsvifa í stórfelldri uppbygging sveitarfélagsins þar sem áhersla verður lögð á að lífsgæði og fjölskylduvænt samfélag.

Upplýsingar veitir forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs, Gunnar Jónsson, gunnar@fjardabyggd.is, sími 470 9062. Umsóknir sendist til forstöðumanns sviðsins, Hafnargötu 2, 730 Fjarðarbyggð fyrir 8. mars 2006 en þá rennur umsóknarfrestur út.

Sjá nánar um Fjarðarbyggð og starfið á www.fjardabyggd.is



GARÐABÆR

www.gardabaer.is

Sumarstörf

Gardabær auglýsir laus til umsóknar eftirfarandi sumarstörf árið 2006

Skólagarðar

Leiðbeinendur við skólagarða.

Æskilegt er að umsækjendur hafi uppeldis-, kennslu- og/eða verkmenntun.

Umsækjendur skulu vera 20 ára og eldri.

Þjónustumiðstöð

Almenn verkamannavinna.

Garðyrkjudeild

Almenn garðyrkjustörf, sláttur og aðstoð á skrifstofu, umsækjendur skulu vera fæddir árið 1989 eða fyrr.

Verkstjórar fyrir slátt og garðyrkju, umsækjendur um verkstjórnarstörf skulu vera 20 ára og eldri.

Nánari upplýsingar gefur garðyrkjustjóri og forstöðumaður þjónustumiðstöðvar í sínum 565 8532 og 565 8611.

Vinnuskóli

Yfirflokkestjóri og flokkstjórar

Æskilegt er að umsækjendur hafi uppeldis-, kennslu- og/eða verkmenntun og séu 22 ára og eldri. Í boði verða einnig hálf dags störf. Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður vinnuskóla í síma 590 2570.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á bæjarskrifstofunum, Garðatorgi 7, í afgreiðslu þjónustumiðstöðvar og garðyrkju, Lyngási 18, og á heimasíðu Gardabæjar www.gardabaer.is.

Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til 31. mars 2006.

Forstöðumenn

Fræðslu- og menningar svið

Þjónustufulltrúi

Slástu í för með okkur og vertu hluti af öflugri heild



ISS Ísland ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til framtíðarstarfa sem þjónustufulltrúi.

Starf þjónustufulltrúa felst m.a. í eftirfarandi:

Ráðning starfsmanna
Kennsla og þjálfun
Umsjón með verk-gæðum
Sala
Gerð verklýsinga
Samskipti við viðskiptavinum

Kröfur:

Reynsla af stjórnun
Frumkvæði
Góð tölukunnátta
Skipulögð vinnubrögð
Þjónustuvilja og samskiptahæfni

Þjónustufulltrúi vinnur mjög sjálfstætt og hefur frjálsan vinnutíma sem er verkefna tengdur. Starfinu fylgja heimsóknir í fyrirtæki og hefur hann bifreið og síma til umráða.



Umsókn skal skila til skrifstofu ISS Ísland ehf., Ármúla 40, 108 Reykjavík, merkt "þjónustufulltrúi".

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu ISS Ísland, www.iss.is
Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 10. mars 2006.

ISS Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði fasteignaumsjórnar, s.s. ræstinga, þrifa í matvælaíðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfið í yfir 24 ár. Hjá ISS starfa yfir 700 manns á aldrinum 17 - 80 ára um allt land. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá þjónustufulltrúum og flokkstjórum.



Laus störf í þjónustuveri á sölu- og markaðssviði Landsbankans

Vegna aukinna umsvifa einstaklingsviðskipta bankans er leitað að öflugum starfsfólki í þjónustuveri á sölu- og markaðssviði.

Í boði er tækifæri til að taka þátt í spennandi uppbyggingarstarfi í þjónustuveri sem er staðsett í höfuðstöðvum bankans í Austurstræti. Verkefni deildarinnar lúta að þjónustu við viðskiptavinum sem eiga viðskipti sín að mestu leyti í síma.

Vegna aukinna krafna viðskiptavina okkar er þjónustuverið opið 8-21 virka daga og 11-16 laugardaga og er vinnutími því sveigjanlegur.

Samræmdar þjónustumælingar sýna að íslenskir bankar eru meðal þeirra fremstu í heiminum hvað gæði þjónustu varðar og vill Landsbankinn gera enn betur með samþættingu símaþjónustu, tölvupóstsamskipta og þjónustu gegnum vefinn.

Starfssvið:

- Ráðgjöf á sviði einstaklingsþjónustu
- Öll almenn þjónusta við viðskiptavinum bankans
- Upplýsingagjöf um verðbréfa- og lífeyrsvörur bankans
- Frumkvæði að því að bjóða viðskiptavinum vörur og þjónustu bankans
- Ýmis önnur verkefni sem tilheyra þjónustu við einstaklinga

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og metnaður til að ná árangri
- Þjónustulund og vilji til að uppfylla þarfir viðskiptavina
- Nákvæmni og geta til að starfa undir álagi
- Háskólamenntun og/eða reynsla af bankastörfum er kostur

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.



410 4000 | landsbanki.is

Nánari upplýsingar veita Pétur Ó. Einarsson forstöðumaður þjónustuværs í síma 410 7913 og Ingibjörg Jónsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7902.

Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið berglind.ingvarsdottir@landsbanki.is merkt „Þjónustuver“. Umsóknarfrestur er til og með 12. mars nk.



Afgreiðslu- og þjónustustörf

á Shellstöðvunum á höfuðborgarsvæðinu

VAKTSTJÓRAR
- almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum auk þess að hafa umsjón með vaktinni.

AFGREIÐSLUFÓLK
- bensínafgreiðsla, almenn þjónustustörf og önnur tilfallandi verkefni.


HLUTASTÖRF Á SHELLSTÖÐVUNUM
- almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum. Tilvalið t.d. fyrir skólafólk 16 ára og eldri.

Unnið er á vöktum og er um mismunandi vaktaskipulag að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Pálína Björnsdóttir hjá Skeljungu í síma 444 3000. Einnig er hægt að sækja um á www.skeljungur.is eða senda upplýsingar á starf@skeljungur.is eða á skrifstofu Skeljungs að Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík.

Starfsmenn hjá Skeljungu eru um 250 og starfa á bensínstöðvum félagsins, við eldsneytisdreifingu í Örfirisey, á Reykjavíkflugvelli og víða á landsbyggðinni, auk ýmissa stjórnunar- og skrifstofustarfa á skrifstofum félagsins að Hólmaslóð 8.

Það er ásetningur félagsins að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki þar sem áhersla er lögð á markviss vinnubrögð, skýra ákvörðunartöku og frumkvæði. Skeljungur vill halda í heiðri jafnrétti milli kynja þar sem hæfni ræður vali og að starfsfólk sé metið að verðleikum í störfum sínum fyrir félagið.

Veitingastaðurinn býður uppá einstaklega fjölbreyttan matseðil með alþjóðlegu yfirbragði og einungis fyrsta flokks hráefni. Á barnum er boðið uppá úrval spennandi smárétta ásamt drykkjum í afslöppuðu og þægilegu umhverfi.

Við leitum að:

- **Yfirþjón á veitingastað**

Við leitum hins eina sanna Yfirþjón á Salt Restaurant. Yfirþjónin er ábyrgur fyrir því að viðskiptavinir Salt Lounge Bar & Restaurant fái ávallt fyrsta flokks þjónustu í takt við þægilegt umhverfi staðarins. Ef þú býrð yfir einstakri þjónustulund, hefur góða reynslu af sambærilegu starfi og ert tilbúin(n) að vera ein(n) af lykilmönnum Radisson SAS 1919 Hotel, þá ert þú sú(sá) sem við leitum að.

Sendu skal inn umsóknir og ferilskrár fyrir 10. 03. 2006.

Sigurlaug Lydíja Geirsdóttir, veitingastjóri
Lydia.Geirsdottir@RadissonSAS.com
Gsm: 822 9037

Radisson SAS 1919 Hotel
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík
Sími: 599 1000
Fax: 599 1001

1919.reykjavik.radissonsas.com



Leitum að duglegu, heiðarlegu og stundvísu starfsfólki sem vill verða hluti af öflugri liðsheld.

11-11 Drafnarfelli
Óskum eftir starfskrafti í verslun okkar í Drafnarfelli. Tvö störf eru í boði, annars vegar með vinnutíma frá 13-17 og hins vegar frá 9-17.

11-11 Skúlagötu
Óskum eftir starfsfólki í kvöld- og helgarvinnu í verslun okkar á Skúlagötu.

11-11 Gilsbúð, Drafnarfelli og Brekkuhúsum
Óskum eftir starfskrafti í fullt starf við afleysingar í verslunum 11-11 í Gilsbúð, Drafnarfelli og Brekkuhúsum. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða.

Umsóknir sendist á netfangið godridur@kaupas.is eða í pósti á Kaupás ht, Búðshöfða 20, 110 Reykjavík, b.t. starfsmannastjóra


Skenntilegri Vinnustaður!

TÆKNITEIKNARI

Verkfræðistofan Hamraborg óskar eftir að ráða tækniteiknara til starfa sem fyrst.

Góð þekking á autocad nauðsynleg.

Nánari upplýsingar gefur Sævar Geirsson í síma 554 2200. Umsóknir sendist með tölvupósti saevar@hamraborg.is




Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 - 200 Kópavogur
Sími: 554 2200 - Fax: 554 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is




Járniðnaðarmenn - Trésmiðir

Viljum ráða starfsmenn til starfa sem hafa áhuga og getu til að smíða innréttingar úr stál - tré. Aðeins koma til greina menn/konur sem geta unnið sjálfstætt og sýnt fagmennsku í vinnubrögðum og afköstum. Góð laun í boði fyrir réttu manneskjuna.

Áhugasamir hafi samband við verkstjóra í síma 892-9466 eða 565-7799



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



SPENNANDI LAUS STAÐA HJÁ FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐINI GUFUNESBÆ

DEILDARSTJÓRI BARNSTARFS

Um er að ræða starf sem felur í sér mótun faglegs uppeldisstarfs í frítímanum fyrir börn í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Helsta starfssvið deildarstjórans er yfirumsjón niú frístundaheimila fyrir börn á aldrinum sex til níu ára og sumarstarfsemi fyrir sama aldurshóp. Undir deildarstjóra barnstarfs heyrir umsjónamenn frístundaheimila auk hlutastarfsmanna. Að meðaltali nota daglega um 450 börn þjónustu heimilanna.

Ábyrgðarsvið

- Yfirumsjón með barnastarfi á vegum Gufunesbæjar í Grafarvogi og á Kjalarnesi.

Menntunar og/eða hæfniskröfur:

- Uppeldismenntun eða önnur sambærileg háskólamenntun
- Stjórnunarreynsla
- Mikil reynsla af starfi með börnum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð almenn tölvukunnátta


Frístundamiðstöðin Gufunesbær var stofnuð haustið 1998 og er rekin af Íþróttá- og tómsundarsviði Reykjavíkurborgar (ÍTR). Gufunesbær rekur niú félagsmiðstöðvar og frístundaheimili í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Miðstöðin skipuleggur fjölbreytt tómsundanámskeið í grunnskólum, sumarnámskeið fyrir börn ásamt því að vera virkur þátttakandi í ýmskonar hverfasamstarfi. Hjá Gufunesbæ starfa að jafnaði um eitt hundrad starfsmenn og er sérstök áhersla lögð á jákvæðan starfsanda og góða liðsheld.

Nánari upplýsingar veitir Atli Steinn Árnason forstöðumaður Gufunesbæjar í síma: 520 2300 eða á netfangið: atli.steinn.arnason@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 20. mars 2006

Umsóknum skal skilað til Frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar, v/Gufunesveg – 112 Reykjavík. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn ÍTR vinna á sviði íþróttá- og tómsunda og eru lykilmenn að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavinum sína. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu. Athygli er vakin á því að ÍTR hefur náð miklum árangri við að jafna hlutfall kvenna og karla í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum.



Íþróttá- og tómsundarsvið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 411 5000, fax: 411 5009, netfang: itr@itr.is, vefslóð: www.itr.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuálgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá samveru Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Byggingafélag Gylfa og Gunnars auglýsir eftir smiðum vönum innivinnu.

Mikil mælingavinna framundan.

Upplýsingar veitir Guðjón í síma 562-2991.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður.

Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Forstöðumaður innkaupadeildar

Marel hf.
Austurhrauni 9
210 Garðabæ
Sími 563 8000
www.marel.is



Marel óskar að ráða forstöðumann innkaupadeildar sem mun hafa yfirumsjón með innkaupdeild, lager og aðfangastýringu móðurfélags.

Ábyrgðarsvið

- Fyrirlíði innkaupamanna sem ber ábyrgð á vinnulagi í innkaupum.
- Yfirmaður lagerstarfsmanna sem meðal annars ber ábyrgð á:
 - Vörustjórnun og skipulagsmálum
 - Talningu og reglubundnum afskriftum
 - Mönnun lagers
- Sér um innkaup á vissum vöruflokkum

Hæfniskröfur

- Verkfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun
- Reynsla eða sérmenntun í vörustjórnun æskileg
- Reynsla af innkaupum
- Reynsla af mannaforráðum mjög æskileg
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði
- Góð dönsku- eða þýskukunnátta er kostur
- Rík þjónustulund

Nánari upplýsingar veitir Sigurpáll Jónsson framkvæmdastjóri þjónustuferlis (sigurpall@marel.is) í síma: 563 8000.

Vinsamlegast sækjið um starfið á heimasíðu Marel, www.marel.is fyrir 14. mars n.k.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi á sviði þróunar og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjá okkur starfar fjöldi sérfræðinga með mikla reynslu. Við bjóðum upp á metnaðarfullt, fjölbreytt og faglegt vinnuumhverfi þar sem rík áhersla er lögð á líðsvinnu, símennt, góða starfsaðstöðu og starfsanda. Hjá fyrirtækinu starfa um 1000 starfsmenn í 5 heimsálfum.



Marel



Óskar eftir vélfræðingi - vélvirkja - bifvélavirkja

Til starfa á dieselverkstæði. Aðalverksvið bilanagreining og viðgerðir á eldsneytiskerfum dieselvéla. Spannandi starf fyrir menn með áhuga á rafendabúnaði og tölvustýringum.

Framtak-Blossi er eini viðurkenndi þjónustuaðilinn á Íslandi fyrir BOSCH eldsneytiskerfi „Bosch Diesel Center“

Uppl. gefur Björn Berg í sínum 847 0771 - 565 2556
bjorn@framtak.is



Starfsánægja

Hjá okkur starfar frábær hópur starfsfólks og þar ríkir góður starfsandi



Starfsframi

Hjá okkur er fjöldi ólíkra starfa og því miklir möguleikar á að vaxa innan fyrirtækisins



Starfsþróun

Við bjóðum upp á skemmtileg og fræðandi námskeið til eflingar fyrir starfsfólk



Samheldni

Hjá okkur er starfrækt öflugt starfsmannafélag sem bíður upp á fjölda viðburða þannig að starfsmenn geta átt góðar stundir utan vinnutíma

Umsóknnum skal skilað inn fyrir mánudaginn 13. mars. Vinsamlega sendið umsóknirnar til:

BYKO, Skemmuvegi 2, 200 Kópavogi, merktar „Starfsúmsókn 220“. Einnig er hægt að sækja um störfin á vef fyrirtækisins www.byko.is eða senda beint á hliif@byko.is

BYKO BREIDD

Starfsfólk í ljósa- og rafmagnsdeild

Reynsla af sölu og vörubekking nauðsynleg. Umsækjandi þarf að vera röskur og sýna frumkvæði, hafa metnað til að ná árangri og vera þjónustulundaður.

Tækniteiknari og sölumaður í sýningarsal

Starfið felst í hönnun, teiknivinnu og sölu á innréttingum. Viðkomandi þarf að hafa næmt auga fyrir hönnun og útliti, vera sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum.

Starfsmann í verktakasölu

Starfið felst í sölu á innréttingum og þjónustu við verktaka. Umsækjandi þarf að geta sýnt frumkvæði og starfað sjálfstætt. Reynsla af sölumennsku nauðsynleg.

Lagerstarfsmann – framtíðarstarf

Reynsla af lagerstörfum er kostur sem og þekking á byggingavörum. Umsækjandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund og góðum samskiptahæfileikum.

Málningardeild

Starfið felst í ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina málningardeildar. Kostur er að viðkomandi hafi þekkingu eða reynslu af málningarvinnu eða sölumennsku.

BYKO HRINGBRAUT

Kassagjaldkeri

Reynsla af afgreiðslu- eða gjaldkerastörfum er æskileg en þó ekki skilyrði. Umsækjandi þarf að vera samviskusamur og búa yfir ríkri þjónustulund.

Málningardeild

Starfið felst í ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina málningardeildar. Kostur er að viðkomandi hafi þekkingu eða reynslu af málningarvinnu eða sölumennsku.

Um framtíðarstörf er að ræða sem við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

BYKO ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SÍNU SVIÐI

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum við ávallt að leita að góðu fólki. Það fólk sem við ráðum til starfa þarf að búa yfir hæfileikum til að starfa sjálfstætt, vera jákvætt og eiga mjög gott með að vinna með öðrum.



BYGGIR MED ÞÉR

Sundhöll Hafnarfjarðar Bað og laugarvarsla

Sundhöll Hafnarfjarðar auglýsir lausa stöðu við bað- og laugarvörslu kvenna. Launakjör eru samkvæmt kjarsamningi S.T.H. og Hafnarfjarðarbæjar.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Sundhallar Hafnarfjarðar Einar Sturlaugsson í síma 555 0088 (664 5743) eða á staðnum.



HAFNARFJÖRDUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri þarjans í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjorur.is



VERKÞJÓNUSTA KRISTJÁNS ehf.

Verkfræðingar - tæknifræðingar

Verkþjónusta Kristjáns ehf., Hafnarfirði, óskar eftir að ráða til starfa byggingarverkfræðing eða -tæknifræðing. Helstu starfssvið eru verkefnisstjórn, eftirlit, hönnun burðarvirkja og lagna, og viðhald eldri mannvirkja. Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði. Hér er um fámennan vinnustað að ræða með góðri starfsaðstöðu í eigin húsnæði. Upplýsingar gefur Kristján Stefánsson í síma 893-9708 eða netfangi verk.kristjan@simnet.is.



VST

Laus störf hjá VST

Tækniteiknari

Útibú VST hf. á Egilsstöðum óskar eftir að ráða tækniteiknara til framtíðarstarfa í 50% starf. Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði.

Starfsheiti

Tækniteiknari. Næsti yfirmaður er útibússtjóri.

Starfslýsing

Teiknun í AutoCAD, umsjón með útgáfu teikninga, gerð fylgigagna og viðhaldi teikningaskráa. Móttaka og fjölföldun gagna, umsjón með skjala- og gæðastjórnun verkefna. Aðstoð við verkefnabókhalð og ýmsa verkefnavinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf í tækniteiknun.
- Góð kunnátta í AutoCAD.
- Góð kunnátta í Word og Excel.

Nánari upplýsingar:

Elín Greta Stefánsdóttir starfsm.stj., s. 864 5026, egs@vst.is
Björn Sveinsson, útibússtjóri, s. 894 5212, bs@vst.is

Byggingarverkfræðingur/ tæknifræðingur

Útibú VST hf. í Borgarnesi óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing/tæknifræðing til starfa. Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði. Búseta á Vesturlandi er æskileg.

Starfsheiti

Verkfræðingur/tæknifræðingur.
Næsti yfirmaður er útibússtjóri.

Starfslýsing

Hönnun, eftirlit og önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf í verkfræði/tæknifræði.
- Þekking á Evrópsku hönnunarstöðlunum.
- Kunnátta í AutoCad.
- Enskukunnátta.

Nánari upplýsingar:

Elín Greta Stefánsdóttir starfsm.stj., s. 864 5026, egs@vst.is
Jón Ágúst Guðmundsson, s. 437 1317, jag@vst.is

Aðstoðarmaður yfirverkfræðings

VST hf. óskar eftir að ráða aðstoðarmann yfirverkfræðings til framtíðarstarfa sem fyrst.

Starfsheiti

Aðstoðarmaður yfirverkfræðings. Næsti yfirmaður er yfirverkfræðingur véla- og lagnasviðs.

Starfslýsing

Umsjón skjala- og gæðastjórnunar í verkefnum, aðstoða yfirverkfræðing við verkefnabókhalð, reikningagerð og ýmsa verkefnavinnu. Aðstoða tæknimenn við ýmis konar tölvuvinnslu og önnur aðstoð eftir þörfum. Aðstoð við starfsmannamál, gæðastjórnun og gerð kynningarefnis viðkomandi sviðs.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í samræmi við innihald starfslýsingar.
- Mjög góð kunnátta í Word, Excel, PowerPoint, og Acrobat.
- Mjög góð íslenskukunnátta.
- Góð enskukunnátta.
- Kunnátta í Navision Financials og Access æskileg.

Nánari upplýsingar:

Elín Greta Stefánsdóttir starfsm.stj., s. 864 5026, egs@vst.is
Sveinn Ingi Ólafsson, yfirverkfr., s. 569 5000, sio@vst.is

Almennar hæfniskröfur hjá VST

- Öguð og skipulögð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku máli.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Nánari upplýsingar um störf in er að finna á heimasíðu VST, www.vst.is.

Umsóknarferli

Einungis er hægt að sækja um störf in á heimasíðu VST www.vst.is á staðlað umsóknareyðublað sem þar er að finna. Umsóknarrestur er opin en ráðið verður í störf in sem fyrst. Trúnaði er heitið við meðferð umsókna og verður öllum umsækjendum svarað.

VST Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.

Ármúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 5000 • www.vst.is



Hárgreiðslumaður þarf að vera fimur í höndunum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Hvernig verður maður hársnyrtir?

Starfið

Hársnyrtið er löggild iðngrein. Starf hársnyrta felst meðal annars í að klippa, lita, leggja, blása og greiða hár og veita ráðgjöf um hárhirðu og notkun hársnyrtivara. Hársnyrtar taka mið af ráðandi tísku og því þurfa þeir að fylgjast vel með nýjustu straumum og stefnum. Fyrir utan að vera lipur og listrænn er gott að hárgreiðslumaðurinn sé opinn og hafi góða þjónustulund.

Námið

Hársnyrtiðnnám er kennt í Fjölbautaskóla Suðurnesja, Iðnskólanum í Hafnarfirði, Iðnskólanum í Reykjavík og Verkmenntaskóla Austurlands. Tilhögun námsins er örlítið ólík eftir skólum. Einingafjöldi er um 170 einingar og skiptist í bóklegt og verklegt nám og starfsþjálfun. Námsstími í skóla eru yfirleitt fjórar annir en starfsþjálfun í fyrirtæki um 30 mánuðir að meðtöldum sumarfríum. Við lok náms

eru gerðar kröfur um að nemandi hafi fag- og fræðilega þekkingu og hæfni í meðferð á hári og geti þjónustað viðskiptavini. Náminu lýkur með sveinsprófi í hársnyrtið.

Helstu námsgreinar

Í náminu eru kenndar almennar greinar svo sem íslenska, danska, enska, stærðfræði, lífsleikni, og íþróttir. Sem dæmi um námskeið í sérgreinum má nefna iðnfræði, iðntekningu, klippingu, öryggis- og félagsmál, blástur, bylgjur, hárgreiðslu, háralitun, klippingu, permanent og rakstur.

Inntökuskilyrði

Yfirleitt er þess krafist að nemendur hafi fengið að lágmarki 5 í einkunum í tveimur af fjórum eftirtöldum greinum: Stærðfræði, íslensku, dönsku og ensku. Einkunnin er þá meðaltal af samræmda prófinu og skólaeinkunum.



Hárgreiðslumaður tekur mið af nýjustu straumum og stefnum.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Umhverfisstofnun

Landvarsla 2006

Umhverfisstofnun auglýsir eftir starfsfólki til landvörslu og verkamannastarfa sumarið 2006.

Umsækjendur um landvörslu þurfa að vera eldri en 20 ára og þeir sem lokið hafa landvarðanámsskeiði ganga fyrir um störf í landvörslu. Mikilvægt er að umsækjendur hafi áhuga á umhverfismálum og gaman af umgengni við fólk. Landverðir starfa m.a. við fræðslu, móttöku og þjónustu gesta á náttúruverndarsvæðum, eftirlit og viðhald merkinga, stíga og annarra eigna.

Starfið er fullt starf en tímabundið. Starfstími er breytilegur eftir því hvar er unnið, þeir fyrstu hefja störf í maí og sumstaðar lýkur landvörslu ekki fyrr en í september. Nánari upplýsingar um starfstöðvar og starfstímabil verða birt á heimaíðu stofnunarinnar um miðjan mars. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum ríkisins og Starfsgreinasambandsins.

Umsóknareyðiblöð er hægt að nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar og í móttöku hennar að Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Umsókn skal skila til stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík fyrir 24. mars 2005.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is, eða í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Umhverfisstofnun heyrir undir umhverfisráðuneytið og starfar skv. lögum nr. 90/2002. Stofnunin hefur m.a. það hlutverk að framfylgja lögum um náttúruvernd, hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, um matvæli, eiturefni og hættuleg efni. Starfsmenn eru um 80 og starfa á 6 sviðum og rannsóknastofu á 7 starfstöðum í dreifbýli og þéttbýli. Við ráðningar í störf við Umhverfisstofnun er tekið mið af jafnræðisstefnu stofnunarinnar.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Dagræsting og létt umsjón

Háskóli Íslands leitar að 3 – 5 starfsmönnum til að annast dagræstingu og léttu umsjón húsa á háskólalóðinni.

Í störfunum felast dagleg þrif m.a. á kennslustofum, kaffistofum og salernum, umsjón með pappír og sápum á salernum og rannsóknastofum auk annarra verka sem umsjónarmenn fela starfsmanni.

Reynsla af ræstingum er æskileg og þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum nauðsynleg.

Vinnutími er samkvæmt samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Skúli S. Júlíusson, rekstrarstjóri, í síma 525 4235, netfang: ssj@hi.is

Umsóknarfrestur er til 20. mars nk.

Umsóknareyðublöð fást á slóðinni <http://www.hi.is/page/storf/> og á starfsmannasviði Háskólans, Aðalbyggingu við Suðurgötu, 101 Reykjavík. Þangað má einnig senda umsóknir með upplýsingum um reynslu, fyrri störf nafn, heimilisfang og símanúmer umsækjanda.

GOODYEAR

Hjólbarðaverkstæði

Hjólbarðaverkstæði HEKLU er staðsett í Klettagörðum 8-10 og sinnir aðallega vörubílum og vinnuvélum. Verkstæðið er opið á virkum dögum frá kl. 8-18.

Verkstjóri

Við leitum að hraustum og drífandi verkstjóra til að:

- Sinna daglegum rekstri og verkstýringu á verkstæðinu.
- Sinna bókun tímabantana og daglegu uppgjöri.
- Sjá um öll samskipti við viðskiptavinum verkstæðisins.

Aðeins umsækjendur með reynslu af störfum á hjólbarðaverkstæði koma til greina.

Starfsmaður á hjólbarðaverkstæði

- Starfið felst í almennri hjólbarðapjónustu á verkstæðinu.
- Reynsla af svipuðum störfum er kostur.

Hjólbarðadeild HEKLU selur og þjónustar heimspekt vörumerki eins og Goodyear, Dunlop, Falken og Sava.

Vinsamlega sendið umsóknir og ferilskrá fyrir 10. mars 2006 til Valdísar Arnórsdóttur, starfsmannstjóra á netfangið va@hekla.is eða í gegnum heimasíðu okkar, www.hekla.is

HEKLA er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á bílum og vélum. Markmið félagsins er að vera í fararbroddi hvað varðar þjónustu til viðskiptavina og markaðssetningu þeirrar vöru sem fyrirtækið selur og þjónustar.



Traust fólk

SPRON óskar eftir að ráða traust fólk til starfa á miðsvæði útibúa SPRON.

Gjaldkerafulltrúi

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af bankastörfum
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti
- Áhugi á sölu- og markaðsmálum

Gjaldkeri

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af bankastörfum æskileg
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti
- Áhugi á sölu- og markaðsmálum

Laun eru samkvæmt kjarasamningum SÍB og bankanna.

Nánari upplýsingar veita Lárus Sigurðsson, útíbússtjóri miðsvæðis útibúa SPRON, Inga Þórisdóttir, þjónustustjóri einstaklingsviðskipta í Ármúla, eða starfsmannapjónusta SPRON í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is eða til starfsmannapjónustu SPRON, Ármúla 13a, fyrir 17. mars næstkomandi.



www.spron.is



Tæknilegur stjórnandi

Vegna mikilla og spennandi verkefna vantar okkur öflugan stjórnanda í hópinn. Umhverfið hjá okkur býður upp á fjölbreytta og skemmtilega möguleika fyrir réttan aðila.

Skilyrði fyrir ráðningunni er að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði verk- og eða tæknifræði ásamt nokkurra ára starfsreynslu, með áherslu á framkvæmdafræði mannvirkjagerðar.

Starfssvið:

- Hönnunarstýring
- Verkefnastýring
- Samningar
- Uppgjör verka

Umsækjendum er bent á að sækja um starfið á heimasíðu okkar: www.verktaki.is eða senda umsóknir á netfangið geiri@verktaki.is. Umsóknum skal skilað fyrir 15. mars n.k. Allar nánari upplýsingar gefur Aðalgeir í síma 414-2408 og 660-2408.



Sveinbjörn Sigurðsson ehf. er í dag eitt af stærstu og framsæknustu byggingafélögum landsins og hefur starfað á íslenskum byggingamarkaði í yfir 60 ár.

Við byggjum upp - www.verktaki.is



Ritara vantar við Sunnulækjarskóla á Selfossi

Starf skólaritara Sunnulækjarskóla á Selfossi er laust til umsóknar.

Auk almennra ritarastarfa og símsvörunar sinnir skólaritari fjölbreyttum verkefnum varðandi innkaup, skráningu barna í ýmsa þjónustu, grunnvinnu reikningagerðar, eftirlit með greiðslum og aðra bókhaldstengda vinnu. Ritari veitir foreldrum, nemendum og starfsmönnum skólans þjónustu.

Ritari þarf að hafa góða hæfni í samskiptum, góða skipulagshæfileika, vera fær um að vinna sjálfstætt að verkefnum og hafa þekkingu og reynslu af tölvuvinnu.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Birgir Edwald í síma 480-5400 eða tölvupósti, birgir@sunnulaek.is. Umsóknarfrestur er til 17. mars 2006.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Sunnulækjarskóla, Norðurhólum 1 á Selfossi.

Skólastjóri

Besti sölumaðurinn óskast!

Gripið & greitt vantar sölumann í þjónustu við stærri viðskiptavinum, s.s. mótuneyti, útgerðarfélag, stóreldhús og veislupjónustu. Við leitum að öflugum sölumanni vönnum fyrirtækjamarkaði í fjölbreytt og skemmtilegt starf.

Nánari upplýsingar veitir Vigdís Gunnarsdóttir í síma 575 2200 eða vigdis@gg.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Gripið & greitt



ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8-18 og lau 10-14



REYKJANESBÆR

LAUSAR STÖÐUR LEIKSKÓLINN GARÐASEL

Reykjanesbær óskar eftir að ráða leikskólasérkennara/ þroskaþjálfara eða annað uppeldismenntað starfsfólk í tvær 100% stöður við sérkennslu þar sem unnið er með atferlisþjálfun fyrir einhverf börn.

Fáist ekki fagmenntað starfsfólk verða ráðnir leiðbeinendur. Gott væri ef viðkomandi gæti byrjað sem fyrst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Guðjónsdóttir leikskólastjóri í síma 421 4204 og Ingibjörg Hilmarsdóttir sérkennslufulltrúi í síma 421 6750.

Umsóknir skulu berast Starfsmannþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ fyrir 19. mars nk.

Starfsþróunarstjóri.



Fræðslusvið

... reykjanesbaer.is

Ertu að leita að sumarstarfi eða framtíðarstarfi?

Alp ehf. óskar eftir fólki. Sumarstörf í Reykjavík og Keflavík: Afgangur af leigum Avis og Budget. Þríf og standsetning á bílum hjá Avis. Þríf og standsetning á bílum hjá Budget. Starf í sölueldi Avis (Rvk).



Framtíðarstarf í Reykjavík: Afgangur af leigum Budget.

Á meðal verkefna eru:
- Þjónusta við fyrirtæki og einstaklinga varðandi leigu á bílum innanlands og erlendis
- Samskipti við erlenda viðskiptavinum
- Margt fleira
Hæfniskröfur:
Tungumálakunnátta æskileg, reynsla af þjónustustörfum, rík þjónustulund, hreint sakavottorð og bílpróf.

Umsóknir sendist á ingi@alp.is fyrir 10. mars.

ALP ehf. er ein af stærstu bílaleigum landsins með einkaleyfi á vörumerkjum Avis og Budget. Undir þessum vörumerkjum eru reknað tvær af stærstu bílaleigum heims. Samtals hafa Avis og Budget fleiri en 6.000 útleigustöðvar og yfir 26 milljónir bíla um allan heim.

Frekari upplýsingar um Avis og Budget á www.avis.is og www.budget.is

SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is.

Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

Hungry for something different?

Radisson SAS hótél eru hluti af Radisson SAS hótélkjörinu sem einng rekur Park Inn, Regent, Country og Country Inn.



Radisson SAS hótél eru 140 í 39 löndum í Evrópu, Miðaustralíu og Afríku og trádlega opna 27 ný hótél. Radisson SAS er fyrsta flokks hótélkjör sem er þekkt fyrir framsýkarandi þjónustu við gesti sína og einstaka þjónustulund starfsmanna. Frekari upplýsingar má nálgast á www.radissonsas.com

Matreiðslunemar

Radisson SAS, Hótel Saga óskar eftir að ráða til sín jákvæða og drífandi matreiðslunema:

Við óskum eftir að umsækjendur búi yfir.

- ríkri þjónustulund
- sveigjanleika
- getu til að vinna í hóp
- sjálfstæði
- og sé brosmildur!

Allar nánari upplýsingar gefur Karl Davíðsson yfirmatreiðslumaður í síma 820 9919 milli kl. 14:00 – 16:00 virka daga.

Senda skal umsóknir fyrir 15. mars á netfangið Karl.Davidsson@RadissonSAS.com

eða

Radisson SAS Hótel Saga
b.t. Karls Davíðssonar
Hagatorgi 1
107 Reykjavík.

Á Radisson SAS Hótel Sögu er 209 glæsileg herbergi og 10 veislu- og fundarsalir. Auk þess eru á hótélinu bar og 2 veitingastaðir. Skóður sem er á jarðhæð hótélins og Grilló sem er þekkt sem ein best veitingastaður landsins. Á Radisson SAS Hótel Sögu er að finna alla þá þjónustu sem vænta má af fyrsta flokks, fjögurra stjörnu hóteli. Starfsfólk er allt sérþrjátað skv stöðlum Radisson SAS hótélkjörunnar þar sem lagt er upp úr fagmennsku en fyrst og fremst vinnuþrengi viðmót.



Núll-níu er fyrirtæki sem er með alþjóðlega farsímaþjónustu sem markaðssett er víða um heim. Starfsemi fyrirtækisins er hafin og erum við að leita að fólki í eftirfarandi störf:

Tæknimenn

- Vinna að tæknilegum lausnum og uppbyggingu kerfa
- Umsjón og rekstur kerfa
 - Samstarf við birgja
 - Þróun nýrra lausna

Símavarsla og almenn aðstoð

- Um er að ræða mismunandi störf fyrir allar deildir fyrirtækisins

Bókhald og fjármál

- Færsla og umsjón með bókhaldi félagsins
 - Gerð fjárhagsskýrslna
 - Áætlanagerð
- Önnur störf tengd fjármálum fyrirtækisins

Skilyrði er að viðkomandi hafi gott vald á talaðri og ritaðri ensku. Ekki er gerð krafa um að viðkomandi sé íslenskumælandi.

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Teljir þú þig eiga samleið með okkur biðjum við þig að senda okkur umsókn og ferilskrá á ensku fyrir 8. mars n.k. til:

Vilt þú vinna í alþjóðlegu starfsumhverfi hjá framsæknu fyrirtæki?

Innkaupa- og birgðastjórnun

- Umsjón með innkaupum og dreifingu á vörum fyrirtækisins
- Samskipti við dreifiaðila og birgja

Þjónustufulltrúar

- Samskipti við dreifiaðila
- Samskipti við viðskiptamenn



Núll-níu ehf
Hamraborg 10
200 Kópavogur

eða með tölvupósti til: job@09.is



Bílstjórarar óskast !

Steypubílstjóri

Starfið felst í dreifingu á steypu á höfuðborgarsvæðinu.

Umsækjandi þarf að hafa meirapróf. Mikil vinna og góð laun í boði.

Dælumaður

Starfið felst í afhendingu og dælingu á steypu.

Umsækjandi þarf að hafa kranapróf. Mikil vinna og góð laun í boði.

Umsóknunum ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 10. mars 2006 á skrifstofu MEST að Malarhöfða 10, 110 Reykjavík eða tölvupósti á netfangið: hrafnhildur@mest.is. Fyrirspurnum svarar Hrafnhildur Harðardóttir í síma 4 400 400.

MEST er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafnið endurspeglar styrk þess og djarfa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir. Traust og persónuleg þjónusta eru aðalsmerki MEST þar sem áhersla er lögð á einföld og þægileg samskipti. Hjá MEST starfa 160 manns á 5 starfsstöðum. Við hjá MEST leggjum áherslu á krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá öllu okkar starfsfólki.



– allt til bygginga



Járniðnaðarmenn - Trésmiðir

Viljum ráða starfsmenn til starfa sem hafa áhuga og getu til að smíða innréttingar úr stál - tré. Aðeins koma til greina menn/konur sem geta unnið sjálfstætt og sýnt fagmennsku í vinnubrögðum og afköstum. Góð laun í boði fyrir réttu manneskjuna.

Áhugasamir hafi samband við verkstjóra í síma 892-9466 eða 565-7799

Byggingafélag Gylfa og Gunnars auglýsir eftir smíðum vönum innivinnu.

Mikil mælingavinna framundan.

Upplýsingar veitir Guðjón í síma 562-2991.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður.

Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Óskum eftir tæknimanni/ mælingamanni

til starfa hið fyrsta. Reynsla af mælingum æskileg en ekki nauðsynleg.

Stór verkefni fyrirleggjandi og mikil vinna framundan.

Upplýsingar gefur Hörður Gauti Gunnarsson í síma: 660 6101

Verktakar Magni ehf er ört vaxandi verktakafyrirtæki og hjá fyrirtækinu starfa um 40 manns, þar af eru tveir tæknimenn.



STARFSFÓLK ÓSKAST

Byggingaverkfræðingur/tæknifræðingur

Vegna mikilla verkefna framundan óskum við eftir að ráða byggingaverkfræðing eða tæknifræðing til framtíðarstarfa.

Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun
- Innkaup og samningar við birgja, undirverktaka og verkkaupa
- Kostnaðareftirlit, reikningsgerð og uppgjör verka
- Tilboðsgerð

Allar nánari upplýsingar veita Gylfi í síma 860 1707 (gylfi@jav.is) og Guðmundur í síma 860 1730 (gbg@jav.is)

JÁVERK er öflugt, metnaðarfullt og ört vaxandi verktakafyrirtæki á 14. starfsári. Starfsmenn eru um 70 og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. Áætluð velta 2006 er 2,5 milljarðar. Fyrirtækið hefur skrifstofur og verkefni á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu. Auk eigin verkefna á undirbúningsstigi er fjöldi verkefna framundan, m.a. bíó- og keilusalir við Egilshöll, endurbætur á Hótel Borg, viðbygging við sjúkrahús á Selfossi, sundlaug og íþróttahús að Borg í Grímsnesi og leikskóli á Selfossi. Aðbúnaður og starfsumhverfi eru með því besta sem þekkist. Starfsandi er góður og virkt starfsmannafélag stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum.

JÁVERK

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Íceland
Sími +354 480 1700
Fax +354 480 1701

Starfsfólk

Óskast



Leitum að duglegu, heiðarlegu og stundvísu starfsfólki sem vill verða hluti af öflugri liðsheild.

11-11 Drafnarfelli

Óskum eftir starfskrafti í verslun okkar í Drafnarfelli. Tvö störf eru í boði, annars vegar með vinnutíma frá 13-17 og hins vegar frá 9-17.

11-11 Skúlagötu

Óskum eftir starfsfólki í kvöld- og heilgarvinnu í verslun okkar á Skúlagötu.

11-11 Gilsbúð, Drafnarfelli og Brekkuhúsum

Óskum eftir starfskrafti í fullt starf við afleysingar í verslunum 11-11 í Gilsbúð, Drafnarfelli og Brekkuhúsum. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða.

Umsóknir sendist á netfangið gudridur@kaupas.is eða í pósti á Kaupás hf, Búðshöfða 20, 110 Reykjavík, b.l. starfsmannastjóra

Skenntilegri Vinnustaður!



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



Mannauðsráðgjafi

STJÓRNSÝSLU- & STARFSMANNASVIÐ

Stjórnsýslu- & starfsmannasvið vill ráða mannauðsráðgjafa til starfa í öflugan hóp sérfræðinga á starfsmannaskrifstofu. Starfsmannaskrifstofan hefur yfirumsjón með starfsmannamálum stofnana Reykjavíkurborgar, undirbýr stefnumörkun á sviði mannauðsmála borgarinnar, veitir margvíslega ráðgjöf og hefur eftirlit með framkvæmd starfsmannastefnunnar.

Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í mannauðsdeild starfsmannaskrifstofunnar fyrir metnaðarfullan og jákvæðan einstakling, sem er opinn fyrir tækifærum og reiðubúinn að sýna frumkvæði í störfum.

Ábyrgðarsvið

- Ráðgjöf um starfsmannaval og ráðningar
- Ráðgjöf um starfsmannasamtöl, starfsþróunaráætlanir og starfslokasamtöl
- Fræðsla á sviði áreitni-, eineltis- og vinnuumhverfismála

Önnur mikilvæg verkefni

- Þátttaka í ráðgjöf og fræðslu til lykilstarfsmanna um mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar (Oracle)
- Þátttaka við framkvæmd viðhorfskannana og

árangursmælinga í mannauðsmálum Reykjavíkurborgar

- Þátttaka í þróun og viðhaldi Innra nets – starfsmannavefsíðu borgarinnar
- Reglubundin samvinna og ráðgjöf við starfsmannastjóra sviða um mannauðsmál og framkvæmd starfsmannastefnu

Menntun og hæfniskröfur

- Krafa um háskólamenntun í mannauðsfræðum (HRM) eða sambærilegt nám
- Æskileg reynsla af störfum við mannauðsmál og starfsmannastjórnun
- Áskilin góð færni í mannlegum samskiptum og tjáningu
- Krafa um sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum og metnað til að ná árangri í starfi.

Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is.

Bakarið Austurveir

Starfsfólk óskast í afgreiðslu í bakarið Austurveir. Einnig vantar í pökkun og útkeyrslu.

Uppl. í s. 845 0572 María.

Starfskraftur óskast strax

í afgreiðslu í söluturni alla virka daga milli kl. 11 til 18. Tilvalið fyrir húsmæður sem vilja komast út á vinnumarkaðinn.

Upplýsingar í síma 892 2365 milli kl. 8 & 9 á kvöldin.

**Frábær-aukavinna**

Okkur vantar hressa, jákvæða og þjónustulundaða starfsmenn til þjónustustarfa í sal á veitingastaði okkar í Skipholti og Höfðabakka. Kvöld og helgarvinna, eða dagvinna, sveigjanlegur vinnutími við allra hæfi. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. gefur Vydas Skipholti í s. 552 2211 eða 6924310 og Gunnar Höfðabakka s. 517 3990 eða 660 1144.

Pípulagnir - Pípari óskast

Ert þú veraldarvanur pípari? Hefur þú áhuga á að starfa sjálfstætt við pípulagnir hjá ört vaxandi fyrirtæki? Gott starfshverfi og góð laun í boði fyrir réttann aðila. Far- ið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknunum svarað.

Umsóknir sendist til Fbl. Skafthlíð 24 eða á smaar@frettabladid.is merkt "pípari 06"

BÍLSTJÓRAR

Oliudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstörf í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Störfin standa báðum kynjum til boða.
Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn í síma 550 9937 tölvupóstfang thorsteinn@odr.is

Vélrás ehf, Bifreiða og vélaverkstæði

1. Bókara vanan DK hugbúnaði ásamt fl. skrifstofustörfum.
2. Vélvirka, rennismið, suðu/járnmennt.
3. Aðila í sendlastörf og fleira tilfallandi.

Upplýsingar í síma 897 8901.

**Vélamenn**

Óskum eftir vönum vélamönnum í malarnám. Uppl. í síma 565 0870. Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu okkar: www.alexander.is.

Störf í boði

Höfum í boði störf við ræstingar á öllum tímum sólarhringsins. Einnig heilgarvinna í boði.

Upplýsingar á www.iss.is eða í síma 5 800 600.

NK kaffi Kringlunni

Óskum eftir að ráða starfskraft í sal, ekki yngri en 18 ára.
Upplýsingar á staðnum eða í síma 568 9040.

Langar þig að vinna sjálfstætt við hárgreiðslu?

Erum með góða aðstöðu til leigu fyrir duglega og áhugasama einstaklinga. Það er mikið að gera hjá okkur og góður mórall. Uppl. í s. 561 8677.

Úthringjari óskast

Vátryggingarmiðlun óskar eftir úthringjara á aldrinum 25+. Nánari uppl. veitir Elí í s. 659 2107.

**Súfistinn, kaffihús í Hafnarfirði, auglýsir laust starf til umsóknar.**

Um er að ræða fullt starf þar sem unnið er á þrískiptum vöktum virka daga vikunnar á kaffihúsi Súfistans á Strandgötu 9 í Hafnarfirði. Umsóknir berist sem fyrst og er hægt að nálgast umsóknar-eyðublað á kaffihúsi Súfistans eða á sufistinn.is
Frekari upplýsingar um störf gefur Rakel B. Guðmundsdóttir starfsmannastjóri í síma 699 3742 alla virka daga milli kl. 10-15.

Góð manneskja óskast til að gæta 3 barna eftir þörfum á daginn. Verður að vera reyklus. Föst laun. Áhugasamir hafi samband í síma 551 0528 eftir kl. 20.

Byggingavinna

Óskum eftir að ráða aðstoðarmenn í byggingarvinnu í Hfj. Uppl. í s. 899 0909 eða 893 5114.

Gröfumaður

Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða gröfumann, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 892 0848.

Tvo háseta vana netaveiðum vantar á Eldhamar frá Grindavík. Uppl. í s. 894 2013.

Aðstoðarverkstjóri óskast í fiskvinnslu Gullfisks í Hafnarfirði. Þarf að vera vanur á lyftara og duglegur til verka. Upplýsingar í síma 693 0203

Bakarí

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi fyrir hád. og aðra hvora helgi. Ekki yngri enn 20 ára. Helst reyklus. Uppl. í s. 820 7370.

Járnsmiði

Óskum eftir mönnum vönum járnsmiði og einnig aðstoðarmönnum. Upplýsingar í síma 692 8091.

AU-PAIR á Tenerife. 4ra manna ísl. fjölsk. óskar eftir aðstoð með 2 unga drengi og létt heimilisstörf. Sérherb. (Íbúð) í boði og aðg. að bíl. Vinsaml. sendið umsókn (helst með mynd) á jonadis@internet.is

Barngóð kona óskast til að passa í heimahúsi 5 morgna í viku. S. 561 4446 & 821 3202.

Hlaðbær-Colas hf.

Óskum eftir hjólaskóflumanni með vinnuvélaréttindi í framtíðarstarf. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina! Uppl. á skrifstofu í síma 565 2030.

Starfskraftur vanur afgreiðslu óskast í grillsjoppu í hverfi 110 milli kl. 16-19 3 virka daga í viku og frá kl. 9-14 annan hvern laugard. Uppl. í s. 898 1534 & 892 1534.

Lagermaður óskast til starfa á góðan vinnustað. Upplýsingar í síma 894 3375.

Starfsmaður óskast til lagerstarfa og aksturs. Meirapróf nauðsynlegt. Upplýsingar í síma 894 3375.

Óska eftir vönum starfskrafti í helgarvinnu í blómaverslun. Uppl. í síma 862 7808.

Óska eftir vönu fólki í beitningu og til fiskvinnslustarfa vestur á fjörðum. Húsnæði til staðar. Nánari uppl. í s. 895 2442 & 893 0295.

Atvinna óskast**Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólkið fyrir þig?**

Mjög mikil reynsla við að finna rétta menn fyrir fyrirtæki. Okkar bresku menn eru mjög hæfir. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá hingað. Smiðir, vélamenn, kranamenn, logsuðumenn og fleira.
Upplýsingar í síma 533 3777.

Ung kona getur tekið að sér heimilisþrif. Er dugleg og vandvirk. S. 866 4237.

TILKYNNINGAR**Einkamál**

Hávaxnir karlmenn 35-45 ára! Rússnesk 27 ára aðlaðandi, heiðarleg og reglusöm stúlka m/góða menntun-áhugamál fjölbreytt. Ef þú hefur svipaða eiginleika og léttur í skapi er gifting hugsanleg. Svör sendist Fréttablaðinu Skáftahlíð 24 eða á smaar@frettis.is merkt "Hreint saka-vottorð".

allt bílar

Alla laugardaga

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum.
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

VISSIR ÞÚ...

...að fuglar voru fyrst ræktaðir sem gæludýr fyrir um 4.000 árum?

...að páfagaukar voru mikils metin gæludýr í Grikklandi til forna?

...að árið 1493 kom Kristófer Kólumbus með tvo kúbverska Amason-páfagauka til Evrópu? Þeir voru gjöf til Isabellu Spánardrottningar.

...að á 16. öld átti Hinrik VIII Englandskonungur afrískan grápáfa?

...að það eru til 358 mismunandi páfagaukstegundir?

...að sumir páfagaukar geta orðið allt að 100 ára gamlir?

...að fyrstu heimildir um gullfiska sem gæludýr eru frá Kína? Þær eru frá 9. öld.

...að gullfiskar voru ekki notaðir sem gæludýr innandyrá fyrr en á 19. öld?

...að árið 1162 gaf kínverski keisarinn þá skipun að aðeins meðlimir keisarafjölskyldunnar mættu eiga gullfiska? Gulur var keisaralegur litur og það var móðgun við keisarann að almenningur ætti gula (gull) fiska. Flestir gullfiskar í almannaeign voru drepnir.

...að fyrsti gullfiskurinn kom til Evrópu árið 1611? Það gerðist í Portúgal.

...að fyrsti gullfiskurinn kom til Ameríku árið 1874?

...að gullfiskar lifa villtir allt frá Austur-Evrópu til Kína?

...að þeir geta orðið allt að 60 cm langir og 3 kíló að þyngd? Flestir fiskar í búrum ná aðeins helming þessarar stærðar.

...að langlífasti gullfiskur í heimi varð 41 árs?

...að gullfiskar verða sjaldnast meira en 6-8 ára í fiskabúrum? Orsökina er að búrin eru yfirleitt of lítil.

...að árið 1939 tóku nemendur Harvard-háskóla upp á því að gleypa gullfiska sem vígsluathafnir inn í ýmsa klúbba? Þetta varð vinsælt og viðgekkst í nokkra áratugi.

...að í Róm er bannað að gefa gullfiska, og í raun öll önnur dýr, sem verðlaun í skemmtigörðum og tívolium?

...að í Róm er einnig bannað að hafa gullfisk í gullfiskakúlu? Það þykir ómannúðlegt.

SJÓNARHORN



Dansari frá Kenía á Þjóðahátíð Alþjóðahússins.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

SUNNUDAGAR

Gott að vera í rólegheitum

Vigdís Hrefna Pálsdóttir leikkona er nýbúin í fæðingarorlofi og segir að á meðan á því stóð hafi allir dagar verið eins og sunnudagar. Nú eru sunnudagar hins vegar bara einu sinni í viku hjá henni.

Best: „Það sem mér finnst best við sunnudaga eru rólegheitin og hádegismaturinn hjá mömmu.“

Verst: „Það sem mér finnst verst við sunnudaga er hvað þeir eru fljótir að líða,“ segir Vigdís Hrefna.

VIGDÍS HREFNA PÁLSDÓTTIR LEIKKONA VILL VERA Í RÓLEGHEITUM Á SUNNUDÖGUM.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Ævintýralandið


Mexíkó

í beinu flugi



Einnig í boði

Ævintýraferð til þriggja landa á slóð Maya indíána í Mexíkó, Brelize og Guatemala. Stórkostleg náttúra og dýralíf. Töfrandi regnskógasvæði. Hverfum aftur í tíma og rúmi.



Trans-Atlantic og MasterCard efna til ferðar til Mexíkó.

10.500 kr. afsláttur á hvern fjölskyldumeðlim MasterCard korthafa 12 ára og eldri.

Brottfarir: 25. maí, 8. júní og 22. júní. 13 nætur. (ath. takmarkað sætamagn)



Heillandi Maya menning, óviðjafnaleg endalaus hvít strönd og kristaltær sjórinn, kóralrif, næturlíf, verslanir, ævintýraferðir og frumskógur.

4 og 5 stjörnu lúxus hótél með **allt innifalið**: ótakmarkaður matur og drykkir, óafengir og áfengir, öll afþreying, skipulögð skemmtidagskrá og stórsýningar (show) á hverju kvöldi.

Nær endalausir möguleikar á skipulögðum ferðum og ýmis konar afþreyingu.

Nánari upplýsingar: www.transatlantic.is



Trans - Atlantic

Sími 588 8900 • www.transatlantic.is

HEILSA
LÍKAMSHÉTT
allt
... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

NUDD

ALLT er ný vöru- og þjónustuskra á visir.is. ALLT er líka í síma 1850 og í vor verður ALLT bókinni dreift til landsmanna.

visir NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT



Haute Couture og rokk og ról

Hedi Slimane er heitasti hönnuður Parísarborgar.

Hönnuðurinn Hedi Slimane hefur látið tískuspekulanta standa á öndinni undanfarnin fjögur ár með Berlínarrokkaralúkkinu sínu á karlmenn. Hann hefur spilað inn á draum margra karlmannna um að hleypa út sinni innri rokkstjörnu, og selur tíu prósent Dior herralínu sinnar til kvenfólks, sem dýrkar nýbörng, strákalegu jakkafötin sem Slimane hefur gert heimsfræg.

Reyndar hefur þessi hálf-túniski, hálf-franski snillingur breytt miklu um þá líkamsmynd karlmannna sem er í tísku nú á tímum. Strákar sem vilja vera hipp og kúl eru löngu hættir að bæta á sig vöðum í ræktinni og hallast frekar að ofurgrönnum líkama rokkarans. Súper sófistikerar konur sjást einnig gjarnan í flíkum eftir

Slimane, sem vill aldrei breyta sniðinu fyrir kvenlegar línur. Carine Roitfeldt, ritstjóri franska Vogue, Sofia Coppola, Nicole Kidman, Catherine Deneuve og Jeanne Moreau eru allar aðdáendur jakkafatanna klassísku sem að vísu passa ekki nema á þær grannvöxnustu.

Þessi skemmtilega andrögyn póll sem Slimane tekur á tískuna er einmitt það sem hefur skotið honum upp á stjörnuhimininn. „Hvað er karlmennska yfirleitt,“ spyr þessi fíngerði maður, sem ólst upp í Buttes-Chaumont hverfinu í París og hjálpaði ítalskri móður sinni að sauma á sig fót. Slimane hannar líka flíkur fyrir hetjurnar sínar Mick Jagger og David Bowie, auk þess að vera kominn í innsta hring rokkhljómsveita eins og Babyshambles, White Stripes, Arctic Monkeys, Franz Ferdinand og The Killers. Slimane, sem er ljósmyndari og iðnhönnuður auk þess að vera tískuhönnuður, hefur gert heila ljósmyndabók tileinkaða Pete Doherty söngvara Babyshambles þar sem villt líf hans er skrásett undir titlinum London: Birth of a Cult.

Rokkarar í London skildu ekki hvað þessi furðulegi frakki var eiginlega að gera á sjabbí tónleikabúllum, en hleyptu honum svo inn í innsta hring þar sem hann gat ljósmyndað óáreittur. Sumarlína Dior fyrir 2006 var augljóslega innblásin af Doherty og skartaði nýbörngum gallabuxum, höttum og rauðum axlaböndum. Slimane lét fljúga Doherty sérstaklega til Parísar fyrir eftirpartíð þar sem hann söng „Happy Birthday“ fyrir hönnuðinn á eftirminnilegan hátt. „Hedi er eins og Warhol,“ segir aðstoðarkona hans, Almine Rech. „Hann er hugfanginn af frægð og hvernig er hægt að gera tákni úr fólki.“

Nú biða konur spenntar eftir að heyra hvort Slimane ætli að hella sér út í að hanna sérstaklega fyrir kvenfólk. „Mig langar til þess,“ sagði Slimane við breska Vogue. „En rétta tækifærið hefur enn ekki komið upp. Ég verð að vera viss um að ég sé með hið fullkomna prójekt í höndunum.“ - amb



NÝJASTA LJÓSMYNDABÓK HEDI SLIMANE
Fjallar um söngvarann viltta Pete Doherty.



Námsefnisgerð

Styrkir til útgáfu á námsefni í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað

Framtíð iðnaðar veltur á menntun og mannauði. Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalaus tækifæri til vaxtar, nýsköpunar og útrásar. Mikilvægt er að nemendum í iðn- og starfsnámi standi til boða námsefni við hæfi.

Samtök iðnaðarins auglýsa eftir umsóknum um styrki til útgáfu á námsefni í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað.

Nánari upplýsingar á www.si.is

SI

Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

NAVISION SMALL BUSINESS

Fjárfesting til framtíðar



Þú þarft að þekkja eigin rekstur til að geta keppt við aðra

Navision Small Business er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottinn
- Birgðir

Verð frá kr. **130.900***

Hringdu núna í síma 545-3200

10 góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja NAVISION SMALL BUSINESS

- ✓ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✓ Einföld uppsetning
- ✓ Íslenskar handbækur
- ✓ Staðlaðir bókhaldslyklar
- ✓ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✓ Tenging við aðrar lausnir
- ✓ Fjöldi viðbótarlausna
- ✓ Microsoft samhæft
- ✓ Aðgangur að þjónustuborði
- ✓ Fjöldi námskeiða í boði

Dæmi um viðbótarlausnir	Verð
- Hver aukanothandi	64.000.-
- Launakerfi	40.000.-
- Innheimtakerfi	40.000.-
- Verkbókhald	40.000.-

Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

Maritech er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingatæknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri. Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.


maritech

Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
sala@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

www.maritech.is



GODAFOSS, SKIP EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS Skipið var byggt í skipasmíðastöðinni Svendborg skibsværft í Danmörku árið 1921 og var 1542 rúmlestir að stærð. Það kom til landsins 9. september það ár. Það sigldi öll stríðsárin áfallalaust þangað til því var grandað af kabátinum U-300. Skipið gat borið rúm 1200 tonn af vörum.

Með svartan fána á lofti

Laust eftir hádegi þann 10. nóvember 1944 var Godafossi, farþegaskipi Eimskipafélags Íslands, sökk af þýskum kabáti skammt utan við Garðskaga. Með skipinu fórust 43, fjórtán skipverjar og tíu farþegar auk 19 skipverja af olúskipinu Shirvan sem áhöfn Godafoss hafði bjargað stuttu áður. Aðeins 19 var bjargað, þar af einum skipverja af Shirvan. Þetta atvik markar djúp spor í íslenska siglingasögu enda mesta blóðtaka sem Íslendingar hafa orðið fyrir af völdum stríðsátaka. *Svavar Hávarðsson* leit til baka og rifjaði upp atburðarásina þennan örlagaríka dag.

Strax í upphafi heimsstyrjaldarinnar síðari lýstu Þjóðverjar yfir bannsvæði umhverfis Bretlandseyjar. Upphaflega markmiðið var að knýja Breta til uppjafar með því að koma í veg fyrir birgðaflutninga til landsins. Þjóðverjar hófu strax kabátaárásir á skip og hjuggu þeir djúp skörð í kaupskipaflota bandamanna, sérstaklega á fyrstu árum styrjaldarinnar.

Úlfahjörð

Kabátahernaður Þjóðverja var áhrifaríkastur þegar þeir söfnuðust saman í svokallaðar úlfahjörðir og réðust á skipalestin. Undir forystu reyndra kabátaforingja gátu þessir hópar kabáta valdið ótrúlegum skaða. Í september 1940 réðust til dæmis kabátar á skipalest sem taldi 41 skip og sökkðu 12 þeirra og í október sama ár var ráðist á skipalestina SC-7 þar sem aðeins 15 skip af 35 náðu höfn í Bretlandi. Þjóðverjar misstu ekki einn einasta kabát í þessum tveim árásum. Árið 1944 var vitað að senn drægi að lokum heimsstyrjaldarinnar. Hernaðarstyrkur bandamanna óx dag frá degi á meðan iðnaðarmáttur og stríðsframleiðsla Þjóðverja dróst saman. Þjóðverjar voru á undanhaldi á helstu vígstöðvum og það átti einnig við um úthöfnin.

Seint á árinu 1943 höfðu þýskir kabátar hætt að gera hóparásir og tóku að sigla einir. Ein ástæðan var að eldsneytisskortur var farinn að há þjóðverjum og í stað þess að flakka um úthöfnin í hópum lágu þeir við strendur og réðust á skip þegar þau komu af hafi. Inn-siglingarleiðir stærri hafna var eitt þeirra uppáhalds fylgsni.

Skipalestin UR-142

Í byrjun nóvember árið 1944 var Godafoss á heimleið með skipalestinni UR-142 eftir tæplega mánaðar ferð til New York með viðkomu í Loch Ewe á Skotlandi. Godafoss, sem hafði áfallalaust verið í siglingum öll stríðsárin, var forystuskip lestarinnar en auk þess voru fjögur önnur kaupskip og fimm vopnaðir togarar. Engin herskip fylgdu skipalestinni sem var ekki óvenjulegt. Vopnaðir togarar sáu yfirleitt um varnir þeirra skipalesta þá íslensk skip sigldu

með. Þegar skipalestin nálgast Ísland um kvöldið 9. nóvember lenti hún í slæmu veðri og ákvað skipstjórnin á Godafossi, Sigurður Helgason, að bíða af sér veðrið. Þar sem Godafoss var forystuskip skipalestarinnar var komið merkjum til hinna skipanna um að gera slíkt hið sama. Þegar birti af degi kom í ljós að skipin hafði rekið í sundur og voru ekki lengur í sjónfæri hvert við annað. Í grennd við Godafoss voru þó þrjú af skipunum, eitt kaupskip og tvö fylgdarskip.

Þar sem skipstjórnin á Godafossi vissi ekki hvar hin skipin voru sigldi hann ásamt hinum skipunum þremur hefðbundna leið fyrir Garðskaga á leið til Reykjavíkur. Ekki leið á löngu þangað til Godafoss sigldi fram á tvo björgunarbáta af einu af skipunum úr lestinni, breska olúskipinu Shirvan, sem brann við sjónar-rönd. Í bátunum tveim voru 20 skipsbrotsmenn, margir þeirra illa særðir. Hlynt var að þeim þegar þeir voru komnir um borð og þar fór fremstur í flokki Friðgeir Ólason læknir sem var farþegi um borð í Godafossi ásamt eiginkonu sinni og þremur ungum börnum.

Svartur fáni á lofti

Þýski kabáturinn U-300 undir stjórn foringjans Fritz Heins hafði grandað breska olúskipinu fyrir morguninn. Ólíkt því sem tíðkast ástæðan var horfið sjónum að bíða í nágrenninu, sennilega til að tryggja að olúskipið sykkir en

einnig í von um að fleiri skip bæri að. Stuttu eftir að skipsbrotsmennirnir voru komnir um borð drógu fylgdarskipin upp svartan fána, en það var merki um það að kabátur væri í grennd. Einn skipverja á Godafossi var á þessari stundu að sækja fatnað fyrir skipsbrotsmennina í einn af fjórum björgunarbátum skipsins en var lítið af tilviljun yfir hafflötinn á bakborða. Þar sá hann því sem líktist hvítu rák sem nálgast skipið hratt. Um aðeins eitt gat verið að ræða.

Sjö metra langt tundurskeyti kabátsins U-300 skall á skipið rétt aftan við miðja bakborðssíðuna og sprakk af svo miklu afli að það lyftist upp af haffletinum. Hávaðinn og titringurinn sem fylgdi sprengingunni var yfirþyrmandi og skipið kastaðist 35 til 40 gráður yfir í stjórnbörða. Sumir farþeganna misstu meðvitund við höggid, aðrir, sérstaklega þeir sem voru í vélarrúmi og neðan þilja, létu líklega lífið samstundis.

Godafoss sekkur

Risavæði gat kom á bakborðssíðu Godafoss sem einn eftirlifendur hefur lýst sem svo að strætisvagn hefði komist fyrir í því. Skipið sökk hratt, að talið er á sjó til tíu mínútnum. Menn sem horfðu á hildarleikinn frá Garðskagavita sögðu að fyrst hafi skipið sigið rólega niður að aftan en síðan hafi það farið lóðrétt niður með stefnið á undan. Eftir að skipið var horfið sjónum sáu þeir ekkert á sjónum, enga lífbáta og ekkert fólk, aðeins fylgdar-

skipin sem leituðu kabátarins.

Þeir sem lifðu sprenginguna af áttu um fátt að velja. Farþegar og áhöfn söfnuðust saman á bátadekkinu og reyndu að losa um björgunarbáta og fleka. Þegar tekst hafði að koma bát og flekum frá skipinu varð hver og einn að reyna að bjarga sér. Það var erfitt að komast á flekana með því að stökkva af skipinu, svo að flestir þurftu að henda sér í sjóinn og synda að rekaldi til að halda sér á floti. Sökkvandi skipið var dauðagildra og allir vissu eftir tíðar björgunaræfingar að nauðsynlegt var að komast töluvert frá skipinu til að eiga það ekki á hættu að sogast niður með því þegar það sykkir. Þetta var erfitt í öldurótinu og ekki síst fyrir þá sem voru meira eða minna slasaðir. Einhverjum tókst það þó.


brimsaltan sjó, og fann til yfirþyrmandi óþæginda í munni, nefi og eyrum.

Annar skipverji sagði frá því að ómurlegast hafi honum þótt að horfa á fólkið sem flaut um allan sjó innan um brak úr skipinu. Erfiðast var að hlusta á neyðaróp barnanna og geta ekkert gert til að bjarga þeim. Fram hjá honum flaut einn breski sjómaðurinn af Shirvan. „Þetta var maðurinn sem hafði fengið eldgusu framan í sig, augun farin, nefið brunnið, hendur og allt. Ég sá þennan mann koma fljóttandi fram hjá okkur í sjónum, liggjandi á bakinu. Andlitið var skelfilega brunnið en vesalings maðurinn var enn á lífi þarna í köldum sjónum.“ Annar skipverji komst á fleka. „Vinnufélagar mínir voru þarna í kringum mig, ýmist lifandi, látnir eða í bráðum lífsháska. Það var svo stutt síðan við höfðum verið að búa okkur undir heimkomu en nú vorum við blautir og kaldir á björgunarfleka meðan breskir korvettemenn jusu djúpsprengjum frá borði.“ Skipsbrotsfólkið beið allan eftirmiðdaginn eftir hjálþ. Það vissi að björgun gat dregist því gæsluskipin höfðu skipanir um að einbeita sér að því að finna kabátinn, fólkið varð að bíða. Milli fjögur og fimm um daginn var fólkinu loks bjargað, flestum af gæsluskipinu Northern Reward. Eftir að um borð var komið hélt leitinn að kabátinum áfram í ellefu klukkustundir. Klukkan hálf þrjú aðfaranótt 11. nóvember kom Northern Reward inn á Reykjavíkurbörn með skipsbrotsmennina. Þaðan voru flestir fluttir á Sjúkrahúsið í Laugarnesi.

Leitin að Godafossi

Flakarannsóknarfélag Íslands, seamerfélagsskapurattvinnukafara, áhugakafara, sérfræðinga og söguáhugamanna, hefur það sem eitt af sínum meginmarkmiðum að finna flakið af Godafossi. Tilgangur félagsins er ekki að kafa niður á flakið, heldur einfaldlega að staðsetja það. Félagsmenn eru meðvitaðir um hversu miklu máli flakið skiptir fjölmarga, og mikilvægi þess að staðsetja það þess vegna. Flakinn verður sýnd sama virðing og um grafreit eða kirkjugarð sé að ræða. Ætlunin er ekki að hreyfa við neinu enda gengur það gegn siðareglum félagsins. Landhelgisgæslan hefur einnig leitað flaksins sem sýnir að þessari sögu lýkur ekki fyrir að flakið er fundið. Það má segja að Godafoss nái ekki höfn fyrir. ■

Helstu heimildir: Óttar Sveinsson, Árás á Godafoss. Hulda Sigurborg Sigtryggadóttir, Í skotlínu. Tómas Þór Tómasson, Heimsstyrjaldar-árin á Íslandi 1939-1945.



Eftirlifendur

Óttar Sveinsson skrifaði bók um árásina á Godafoss árið 2003 og talaði þá við nokkra eftirlifendur slyssins. Lýsingar þeirra eru eina leiðin til að nálgast skilning á því sem gerðist á þeim mínútum sem tók Godafoss að sökkva og klukkutímunum áður en þeim sem lifðu var bjargað. Einn hásetinn á Godafossi þurfti að stökkva í sjóinn og tók með sér lítinn dreng þar sem hann sá hvergi foreldra hans. „Það þurfti afl til að komast frá soginu. Allt í einu missti ég takið á drengnum. Aðeins ein hugsun komst að. Bjarga sér, bjarga sér, komast – upp, upp, upp. Anda. Ég saup sjó,

Árásir þýskra kabáta á íslensk skip í seinni heimsstyrjöld

10. mars 1941: Reykjaborg RE 64. Sökk af kabátinum U-552. Tólf menn fórust auk eins farþega. Tveir skipverjar komust af. Stærsti togarí Íslendinga, 685 brúttólestri.

11. mars 1941: Fróði ÍS 454. Kom illa laskað til hafnar í Vestmannaeyjum. Fimm skipverjar létu lífið eftir árás kabátsins U-74 og tveir komust af.

12. mars 1941: Pétursey ÍS 100. Sökk af kabátinum U-37. Tíu manna áhöfn fórst.

31. maí 1941: Hólmsteinn ÍS 155. Sökk af kabátinum U-204. Fjögurra manna áhöfn fórst.

5. september 1941: Jarlinn GK 272. Sökk af kabátinum U-141. Ellefu skipverjar fórust með skipinu.

24. október 1942: Jón Ólafsson. Sökk af kabátinum U-383. Prettán manna áhöfn fórst. Einn stærsti togarí Íslendinga, 425 brúttólestri.

10. nóvember 1944: Farþegaskipið es. Godafoss. Sökk af kabátinum U-300. 24 Íslendingar og 19 skipbrotsmenn af breska olúskipinu Shirvan fórust.

21. febrúar 1945: Farþegaskipið es. Dettifoss. Sökk af kabátinum U-1064. Tólf úr áhöfn skipsins og fjórir farþegar fórust með skipinu. 30 komust af.

Mobile Office

FRÁ OG VODAFONE

Ég fæ mikið út úr því að fara á hestbak og reyni að komast út í náttúruna hvenær sem ég hef tíma. En það skiptir líka miklu máli í mínu starfi að geta brugðist við áriðandi skilaboðum hvenær sem er. Með **BlackBerry** get ég haldið um taumana á tveimur stöðum.

BlackBerry® er farsími sem gefur þér margfalda möguleika. Allt í einu tæki sem auðvelt er að nota:

- » Tölvupóstur í símann
- » Dagbókin
- » Samþættur tengiliðalisti
- » GSM sími
- » Vefurinn
- » Viðhengi



BlackBerry® er hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði **Og Vodafone** fyrir viðskiptalífnið sem gerir fólki á ferðinni kleift að sinna starfi sínu óháð staðsetningu. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.

**Ég get
haldið um
taumana á
tveimur stöðum**



Nánari upplýsingar veitir **fyrirtækjþjónusta** Síðumúla 28 í síma 599 9500, starfsfólk verslana **Og Vodafone** og 1414.

Heyrumst!



ADALBYGGING HÁSKÓLA ÍSLANDS Starfsmenn Háskólans gagnrýna að reiknilíkanið sem metur fjárförf skólans horfir framhá ýmsum þáttum og metur ekki raunkostnað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Rúmum tvö hundruð milljónum fram úr fjárveitingum ríkisins

Háskóli Íslands hefði þurft að meina að minnsta kosti 300 nemendum inngöngu í skólann eða grípa til samþærilegra aðhaldsaðgerða til að láta enda ná saman á síðasta ári. Til stendur að endurskoða reiknilíkanið sem metur fjárförf skólans.

Háskóli Íslands fór rúmlega 200 milljónum fram úr fjárveitingum samkvæmt kennsluuppgjöri Háskóla Íslands á síðasta fjárlagaári. Það er ígildi um 320 nemenda

í virku námi. Alls eru um 9.500 manns skráðir til náms við Háskóla Íslands og hefur stúdentum fjölg- að um rúmlega þriðjung frá árinu 1999.

Fjárveitingar ríkisins til Háskóla Íslands byggja á reiknilíkani sem hefur verið við lýði frá árinu 1999 þegar ríkið og skólinn gerðu með sér þjónustusamning. Líkanið metur fjárförf skólans og úthlutar fé í samræmi við það. Reiknilíkanið byggir á sænskri fyrirmynd sem lagað var að íslenskum aðstæðum í samstarfi stjórnvalda og Háskóla Íslands. Það skiptir kennslugreinum upp í sjö flokka, misdýra eftir kennslu-



hátum. Í 1. flokki eru hug- og félagsvísindagreinar, sem fá um 395 þúsund krónur á hvern nemanda. Í 7. flokki er tannlæknadeild sem fær rúmar tvær milljónir á

hvern nemanda. Menntamálaráðuneytið miðar ígildi nemanda við 30 þúsund krónur á skólaári og er því virkur nemandi ekki það sama og skráður nemandi.

Þegar þjónustusamningurinn var gerður árið 1999 var kveðið á um hámarksfjölda nemenda, sem miðaði við 4.500 virka nemendur á samningstímanum. Nemendum fjölgaði hins vegar talsvert meira en gert var ráð fyrir. Árið 2003 var þakið hækkað í 4.900 nemendur en það sprakk líka fljótlega. Á heimasíðu Háskóla Íslands kemur fram að 5.930 stúdentar voru skráðir í nám veturinn 1998 til 1999. Í október árið 2002 voru þeir

orðnir 8224 og í janúar síðastliðnum voru 9.526 nemendur skráðir við Háskóla Íslands.

Hvorki menntamálaráðuneytið né Háskóli Íslands sá þessa miklu fjölgun fyrir, og var jafnvel gert ráð fyrir að stúdentum við HÍ myndi fækka eftir að nýir háskólar kæmu á markaðinn. Annað kom á daginn.

Í ljósi hinnar miklu fjölgunar var ákveðið að afnema ákvæðið um hámarksfjölda nemenda, en háskólinn ber þess í stað ábyrgð á því að halda sig innan fjárlagarammans. Þannig stendur það til dæmis að upp á Háskóla Íslands að ákveða hvort það eigi að grípa til frekari fjöldatakmarkana en gert er. Hann hefur reyndar þegar gripið til ýmissa aðhaldsaðgerða; innritanir eru ekki jafn sveigjanlegar og áður og færri er veitt undanþága um inngöngu án stúdentssprófs en áður. Háskóla Íslands er hins vegar vegar óheimilt samkvæmt lögum að taka upp skólagjöld til að ráða fram úr fjárhagsvanda sínum.

Starfsmenn Háskólans gagnrýna reiknilíkanið fyrir að meta ekki raunverulega fjárförf skólans, auk þess sem það taki ekki tillit til kjarasamninga kennara og ríkisins. Menntamálaráðuneytið viðurkennir að sumar forsendur líkansins séu úreltar – til dæmis í ljósi breyttra kennsluhátta í sumum greinum – og til stendur að taka það til gagnarráðgjafar. Þar verður í fyrsta lagi litið til vægisins milli reikniflokka, en samstaða virðist vera um að lægstu flokkarnir séu of lágir. Þá hefur húsnæðissþáttur líkansins verið gagnrýndur en fasteignaverð hefur hækkað svo mikið undanfarið að það hefur farið fram úr þeim vísitölum sem hafðar eru til hlíðsjónar.

Skólagjöld og fjöldatakmörkin eru háþólitísk mál. Stúdentaráð Háskóla Íslands meðal annars haldið því fram að hvort tveggja sé til þess fallið að draga úr jafnrétti til náms. Hingað til hefur stefnan verið sú að Háskóli Íslands sé þjóðskóli sem eigi að vera öllum opin óháð fjárhag hvers og eins. Nema stjórnvöld ákveði að auka fjárveitingar til Háskóla Íslands verulega, hlýtur Háskóli Íslands að standa frammi fyrir róttækri stefnubreytingu. Því vaknar sú spurning hvort sé líklegra til að draga úr, eða stuðla að, jafnrétti til náms: fjöldatakmörkin eða skólagjöld? Og enn fremur, hvers vegna er annar kosturinn þegar leyfilegur samkvæmt lögum en ekki hinn? bergsteinn@frettabladid.is

DEILDIR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Félagsvísindadeild
Skorir:
Bókasafns- og upplýsingafræðiskor
Félagsfræðiskor
Félagsráðgjafarskor
Mannfræði- og þjóðfræðiskor
Sálfræðiskor
Stjórnmálafræðiskor
Uppeldis- og menntunarfræðiskor.
Fjöldi nemenda: 2.456
Deildarforseti: Ólafur Þ. Harðarson

Guðfræðideild
Fjöldi nemenda: 151
Deildarforseti: Einar Sigurbjörnsson

Hjúkrunarfræðideild
Fjöldi nemenda: 582
Deildarforseti: Erla Kolbrún Svavarsdóttir

Hugvísindadeild
Skorir:
Bókmenntafræði- og málvísindaskor
Enskuskor
Heimskeskur
Íslenskuskor
Sagnfræði- og fornleifafræðiskor
Skor rómanskra og klassískra mála
Skor þýsku og Norðurlandamála
Fjöldi nemenda: 1.962
Deildarforseti: Oddný Sverrisdóttir

Lagadeild
Fjöldi nemenda: 576
Deildarforseti: Páll Hreinsson

Lyfjafræðideild
Fjöldi nemenda: 148
Deildarforseti: Þorsteinn Loftsson

Læknadeild
Skorir:
Læknisfræðiskor
Geisla- og lífeindafræðiskor
Fjöldi nemenda: 473
Deildarforseti: Stefán B. Sigurðsson

Raunvísindadeild
Skorir:
Stærðfræðiskor
Eðlisfræðiskor
Efnifræðiskor
Líffræðiskor
Jarð- og landfræðiskor
Matvæla- og næringarfræðiskor
Fjöldi nemenda: 1.028
Deildarforseti: Hörður Filippsson

Tannlæknadeild
Fjöldi nemenda: 68
Deildarforseti: Sigfús Þór Eliasson

Verkfræðideild
Skorir:
Umhverfis- og byggingarverkfræðiskor
Véla- efná- og iðnaðarverkfræðiskor
Rafmagns- og tölvuverkfræðiskor
Tölvunarfræði- og hugbúnaðarverkfræðiskor
Umhverfis- og auðlindafræðiskor
Fjöldi nemenda: 847
Deildarforseti: Sigurður Brynjólfsson

Víðskipta- og hagfræðideild
Skorir:
Víðskiptaskor
Hagfræðiskor
Fjöldi nemenda: 1235
Deildarforseti: Gylfi Magnússon

Framlög ríkisins á hvern nemanda

Reiknilíkanið byggir á reglum númer 646 um fjárveitingar til háskóla, samkvæmt 20. grein laga númer 136/1997 og er frá 5. október 1999. Framlaginu er ætlað að standa undir kennsluþættinum í skólarekstri, meðal annars kennslu, þjónustu, húsnæði, búnaði og annari aðstöðu sem nemendum skólans og starfsmönnum hans er látin í té.

Nemendur eru flokkaðir í sjö flokka eftir námbrautum og er fjárframlag á hvern nemanda mishátt eftir flokkum:

Flokkur 1. Kennslan fer bæði fram í fyrirlestur og æfingatímum. Undir þetta fellur nám á sviði félags- og mannvísinda, landfræði, guðfræði og lögfræði. Framlag á hvern nemanda er 395 þúsund krónur.

Flokkur 2. Kennslan fer bæði fram í fyr-

irlestur, æfingatímum og með verklegum æfingum í notkun sérhæfðs búnaðar. Undir þetta fellur nám á sviði tölvufræða og stærðfræði. Framlag á hvern nemanda er 625 þúsund krónur.

Flokkur 3. Kennslan fer fram í fyrirlestur, æfingatímum og verklegri þjálfun við meðhöndlun sjúklinga undir handleiðslu. Undir þetta fellur nám á sviði hjúkrunarfræða. Framlag á hvern nemanda er 668 þúsund krónur.

Flokkur 4. Kennslan fer fram í fyrirlestur, æfingatímum og æfingakennslu undir handleiðslu kennara. Undir þetta fellur kennaranám og nám á sviði uppeldisfræða. Framlag á hvern nemanda er 703 þúsund krónur.

Flokkur 5. Kennslan fer fram í fyrirlestur,

æfingatímum og verklegum æfingum á rannsóknastofum og í notkun sérhæfðs búnaðar. Undir þetta fellur nám á sviði verkfræði, tæknifræði, eðlisfræði, efnáfræði, lyfjafræði, jarðfræði og lífvísinda. Námið felur að jafnaði í sér verulega þjálfun í hönnun eða rannsóknastofuvinnu. Framlag á hvern nemanda er 899 þúsund krónur.

Flokkur 6. Kennslan fer fram í fyrirlestur, æfingatímum, verklegum æfingum á rannsóknastofum og verklegri þjálfun við meðhöndlun sjúklinga undir handleiðslu. Undir þetta fellur nám í læknisfræði. 1.254 þúsund krónur.

Flokkur 7. Tannlæknánám. Framlag á hvern nemanda er er 2.095 þúsund krónur.

RISA PLASMI!
RISA OPNUN!
ROSALEGIR VINNINGAR!

Sendu SMS skeytið **BT 3XF** á númerið **1900** og þú gættir unnið! Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið **BT A, B** eða **C** á númerið **1900**.

*Aðalvinningur er 50" SONY Plasma sjónvarp að verðmæti 1.500.000 kr.

Rosalegir aukavinningar: Panasonic heimabíó • GSM símar • 32" JLV LCD sjónvarp • PSP tölvur • SONY myndavélar • TOSHIBA fartölvur • PS2 tölvur • Gjafabréf á Tónlistis • SONY MP3 spilarar • MEDION tölvur + 19" skjár • Blómiðar á myndina Yours, mine and ours • Kippur af Pepsi • Enn meira af DVD, CD's, VHS, tölvuleikjum og fleirra!

Frummynd 10. mars 2. foreldrar, 18 krakkar! Fjórð er endalaust!


ADAL-VINNINGUR!
50" SONY Sjónvarp
1.500.000

TAKU ÞATTU! SMS ER LAGT!
5. HVER VINNUR!

*Aðalvinningur verður dreginn út úr öllum innsendum SMS skeytum. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb, 99 kr/skeytið

- 1. Söngvakeppni Sjónvarpsins **BÚÐ**
- 2. Spaugstofan
- 3. Söngvakeppni Sjónvarpsins **BÚÐ**
- 4. Fréttir
- 5. Allir litir hafsins eru kaldir **BÚÐ**
- 6. Ísland - Serbía **BÚÐ**
- 7. Kastljós
- 8. Íslensku tónlistarverðlaunin **BÚÐ**
- 9. Tíminn líður hratt **BÚÐ**
- 10. 28 Days, bíómyn **BÚÐ**

- 1. Fréttir NFS
- 2. Idol-Stjörnuleit
- 3. Meistarinn
- 4. Stelpurnar
- 5. Sjálfstætt fólk
- 6. Ísland í dag
- 7. Nip/Tuck
- 8. Simpsons
- 9. Fear Factor
- 10. Strákarnir



ÞAÐ ER EKKI NÓG AÐ VERA VINSÆLL Í VIKU!

7 af 10 vinsælustu þáttum RÚV eru ekki lengur á dagskrá.

Að sjálfsgöðu sýnum við 10 vinsælustu þættina okkar áfram.



BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið	Nýja svið / Litla svið
RONJA RÆNINGJADÓTTIR	BELGÍSKA KONGÓ
Í dag kl. 14 UPPS. Su 12/3 kl. 14 UPPS. Su 19/3 kl. 14 UPPS. Su 26/3 kl. 14	Lau 11/3 kl. 14 UPPS. Lau 18/3 kl. 14 Lau 25/3 kl. 14 UPPS. Lau 1/4 kl. 14
CARMEN	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 11/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20	Lau 18/3 kl. 20 Fi 9/3 kl. 20 Fi 16/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20 UPPSELT Fö 31/3 kl. 30
TALAÐU VIÐ MIG -ÍÐ-	HUNGUR
Í kvöld kl. 20 Gul kort. Fö 10/3 kl. 20 Rauð kort Su 19/3 kl. 20 Græn kort Su 26/3 kl. 20 Blá kort	Mi 15/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20 Fi 30/3 kl. 20 Lau 1/4 kl. 20
WOYZECK	NAGLINN
AUKASÝNINGAR: Su 12/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20.	Mi 9/3 kl. 20 UPPSELT Fi 16/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20 ATH TAKMARKADUR SÝNINGARFJÖLDI
KALLI Á ÞAKINU	GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fi 13/4 kl. 14 Má 17/4 kl. 14 Lau 22/4 kl. 14	Lau 18/3 kl. 20 UPPS. Su 19/3 kl. 20 UPPS. Fö 17/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

17juni.is

Fjallkonur óskast!

(og fleira skemmtilegt fólk)

Skemmtatriði á 17. júní í Reykjavík

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðar-skemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákómum.

Auk hefðbundinna skemmtatriða er áhugi á hópatriðum og sýningum og er leitað að leik-, tónlistar-, dans- og öðrum listhópum til að troða upp á útsviðum og á götunni. Óskað er eftir atriðum sem börn og unglingar flytja, trúðum, töfframönnum, götuspilurum, brúðuleikhúsi og sýningum á jaðariþróttum svo nokkuð sé nefnt. Einnig er óskað eftir hópum, félagasamtökum og öðrum sem vilja standa fyrir eigin dagskrá á sviðum eða í samkomutjöldum í samráði við þjóðhátíðarnefnd.

Umsóknir um flutning atriða, uppákomur og viðburði er hægt að fylla út á vefnum www.17juni.is en einnig er hægt að skila þeim í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík á eyðublöðum sem þar fást. Umsóknarfrestur rennur út 1. maí n.k.



HITT HÚSIÐ • Sími: 520 4600 • 17juni@hitthusid.is • www.17juni.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Bacofeil bandítarnir snúa aftur

ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON ER HÆTT AÐ NOTA ÁLPAPPÍR



Ál er vissulega fallet. Það er eitt-hvað afar nútímalegt og flott við glímtíð í áli, svona eins og út úr sixtís geimferðamynd

þegar framtíð okkar allra lá í hvítum samfestingum, lakkstígvélum og fljúgandi furðuhlutum. Reyndar virðast geimverur í bíómyndum alltaf ferðast um í álituðum geimskipum, og koma svo gjarnan við niðri á jörðinni sem álitadír þrífætlingar, sem eru svakalega vondir og éta manneskjur og spúa þeim út aftur sem áburði. Eftir að hafa horft á glóttíð á aðstoðarforstjóra Alcoa á miðvikudag þegar hann steig frá

samningaborðinu með okkar ágæta álráðherra fannst mér að Íslendingar væru að láta ginna sig af innrásarher frá fjarlægri álplánetu í líki kanadískra jakkalakka. „Ég held að þetta verði mjög gott fyrir Ísland,“ segir Bernt Reitan og brosir hringinn. Og Húsvíkingar fagna. Þetta er alveg meiriháttar. Nú getum við boðið 1300 útlendingum vinnu við að byggja álver á Norðurlandi. Talandi um útlendinga, þá er spurning hvort að ríkisstjórnin hefur kynnt sér nýjustu tölur ferðamálaráðs um hvers vegna útlenskir túrhestar heimsækja okkar ágæta land. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra, um 65 prósent, þrátt fyrir allan hipp og kúl status

Reykjavíkurborgar, kemur til Íslands til þess að – jú, viti menn – skoða náttúruna. Og hvernig lýstu gestir Íslandi best? Yfirgnæfandi meirihluti kaus að svara „Hrein og ómengdu náttúra“ og „Einstaknátúruævintýri.“ Ferðamálaíðnaðurinn er grein sem er stöðugt í vexti, en allir vita að álver hafa takmarkaðan líftíma. Er spennandi að hafa álþrífætlingana gínandi yfir ferðamönnum sem eru að missa sig yfir ómengaðri náttúru landsins? Ég er farin að halda að álið sé farið að smjúga einum of inn í heilabú landsmanna, ef til vill vegna of tíðra grillveislna um hásumur. Er hætt að nota álpappír til að halda ómengaðri framtíðarsýn.

myndasögur


■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Þú og þa

Eftir SÖB





ÁRMANN HELGASON Leikur einleik í Klarinettukonsertinum eftir Mozart, sem er eitt fersta verk tónskáldsins. FRÉTTABLAÐIÐ / GUNNAR GUNNARSSON

Besta verk Mozarts?

Í kvöld klukkan átta ætla Kammersveit Hafnarfjarðar og Kammerserkór Hafnarfjarðar að fagna 250 ára afmæli tónskáldsins Wolfgang Amadeus Mozart með pompi og prakt í Víðistaðakirkju. Fluttar verða nokkrar kirkjusónötur tónskáldsins auk Ave Verum Corpus en stóru verkin tvö eru Missa Solennis fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit og Klarinettukonsertinn. Hallveig Rúnarsdóttir fer með veigamesta hlutverkið í Missa Solennis en hún syngur með þeim Jóhönnu Ósk Valsdóttur, Ólafi Rúnarsyni og Benedikt Ingólfssyni.

Ármann Helgason leikur einleik á klarinettuna í klarinettukonsertinum en yfir hundrað þúsund hlustendur breska ríkisútvarpsins BBC völdu verkið það besta úr smíðju Mozarts. „Hann skrifaði mikið af klarinettu-

verkum í seinni tíð,“ segir Ármann. Konsertinn var skrifaður tveim mánuðum fyrir dauða tónskáldsins og þetta reyndist vera síðasta stóra verkið sem Mozart kláraði. „Í því eru miklur andstæður hvað styrkleika og blæ varðar,“ bætir Ármann við en verkið var upphaflega samið fyrir klarinettuleikarann Anton Stadler. „Verkið gefur góða mynd af því sem hefði getað orðið,“ útskýrir Ármann en Wolfgang lést langt fyrir aldur fram árið 1791, þá 35 ára gamall.

Seinna á þessu ári kemur Kammersveitin aftur saman í tilefni af Listahátíðinni í Reykjavík. Á þeim tónleikum verða flutt verk tónskáldsins Nino Rota og kemur ítalski stjórnandinn Caro Domenico til landsins og stjórnar sveitinni en Rota er þekktastur fyrir að hafa samið tónlistina í myndum Fellinis. freyrgjaja@frettabladid.is

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga

Altaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

BROADWAY
Sími: 533-1100

a líf og landri

Sun. 05.03 kl. 20:00 laus sæti
Þri. 07.03 kl. 20:00 laus sæti

MÍÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í AUSTURBÆ 5 551 4700

HIMNARÍKI
Gedðólfur gamanleikur eftir Árna Bonin

Fös. 10. mars. kl. 20
Lau. 18. mars. kl. 20
SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Må Guðmundsson

Mán. 6. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Þri. 7. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Mið. 8. Mars. kl. 09.00 UPPSELT

VIÐTALIÐ
eftir Láilu Margréti Arnþórsdóttur

sun. 5. mars kl. 20
lau. 11. mars kl. 20
sun. 12. mars kl. 20
fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

HAFIÐ BLÁA
Í AUSTURBÆ

Sun 05.03 kl: 13.30
Sun 12.03 kl: 13.30
Sun 19.03 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á midi.is.
Míðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

IsMedia

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

2 3 4 5 6 7 8

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

- 16.00 Jónas Ingimundarson heldur píanótónleika í Versölum, Ráðhúsi Ölfuss í Þorlákshöfn.
- 17.00 Vormenn Íslands, tenórarnir Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Óskar Pétursson ásamt baritónsöngvaranum Ólafi Kjartani Sigurðarsyni halda tónleika í Hveragerðiskirkju. Með þeim leikur Jónas Þórir á píanó.
- 17.00 Jóhanna Halldórsdóttir altsöngkona, Martin Frewer fiðluleikari og Steingrímur Þórhallsson, sem leikur á orgel og sembal, flytja ítalska og þýska tónlist frá frumbarokktímanum á tónleikum í Nes Kirkju.
- 20.00 Fiðluleikarnir Hildigunnur Halldórsdóttir og Sigurlaug Eðvaldsdóttir, Jónína Auður Hilmarisdóttir víóluleikari, Sigurður Halldórsson sellóleikari og Halfríður Ólafsdóttir flautuleikari flytja verk eftir Mozart og Sjostakovitjsj á tónleikum Kammermúsíklúbsins í Bústaðakirkju.
- 20.00 Vormenn Íslands, tenórarnir Jóhann Friðgeir Valdimarsson

og Óskar Pétursson ásamt baritónsöngvaranum Ólafi Kjartani Sigurðarsyni halda tónleika í Selfoskirkju. Með þeim leikur Jónas Þórir á píanó.

- 21.00 Bandaríska tvíeykið Shahzad Ismaili og Garret Devoe, sem kalla sig Pure Horsehair, halda tónleika á Kaffi Kulture. Kíra Kíra hitar upp.

OPNANIR

- 14.00 Ilmur Stefánsdóttir opnar myndlistarsýningu í GUK+ á Íslandi og í Danmörku og Þýskalandi. Sýninguna kallar Ilmur SKEMMTILEGT eða FUN.

- „Rætur rúntins“ er heiti á sýningu með ljósmyndum hollenska ljósmyndarans Rob Hornstra sem opnuð verður í Myndasafn Þjóðminjasafns Íslands. Myndirnar á sýningunni eru afkrastur af ferðum Robs um Ísland á síðastliðnu ári.

SAMKOMUR

- 13.00 Söngur og sund í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Í þetta sinn verður Ingibjörg Þorbergs gestur hjá Ingvaldi Yr, sem leiðir samsöng. Gróa Hreinsdóttir leikur með á píanó, en á eftir skella allir sér í sund í Breiðholtiðslaug.

SÝNINGAR

- Sýning á verkum Steinunnar Helgadóttur myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15.

Námsflokkar Hafnarfjarðar Miðstöð símenntunar

Autocad / byrjenda- og framhaldsnámskeið

15. mars - 26. apríl. 10 skipti
Miðvikud. og fimmtud.

Byrjendur: kl. 18.00 - 20.00
Framhald: kl. 20.00 - 22.00

Uppl. í síma: 585-5860

Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar

Leikstjóri: Gunnar Helgason

17. mars. Fjá borð laus
18. mars. Fjá borð laus
25. mars. Fjá borð laus

22. apríl. Aukasýning

Ógreddd mular seldir nafnumánuði fyrir viðburð.

5331100
Netfang: miðasala@broadway.is

Aðeins þessar sýningar.

ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI

8. sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL 14.15 - ÖRFÁ SÆTI LAUS

9. sýn. fös. 10. mars kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS

10. sýn. lau. 11. mars kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - LOKASÝNING

KYNNING FYRIR SÝNINGU Í BODI VINAFÉLAGSINS - KL. 19.15

ÁSTARDÚETTAR OG MÁNSÖNGVAR - HÁDEGISTÓNLEIKAR 7. MARS KL. 12.15

Einar Th. Guðmundsson, barítón, Katharina Th. Guðmundsson, sópran og Kurt Kopecky, píanó.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

MasterCard-hafar fá 20% afslátt af miðaverði á hádegistónleika

ÍSLENSKA ÓPERAN

SJÁLFSTÆÐ LEIKHÚS Í BORGARLEIKHÚSIÐ

Borgarleikhúsið auglýsir eftir umsóknum frá Sjálfstæðu leikhúsum um aðstöðu í Borgarleikhúsinu á leikárinu 2006–2007

Samkvæmt samningi Leikfélags Reykjavíkur við Reykjavíkurborg, veitir Leikfélagið tveimur leikhópum aðstöðu í húsinu, til æfinga og sýninga. Umsókn skal berast leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur, Listabraut 3, 103 Reykjavík, eigi síðar en föstudaginn 17. mars nk.

Með umsókn skal senda greinargerð um verkefnið þar sem greint er skilmerkilega frá verkefninu, aðstandendum þess, framkvæmdaætlun, listrænum stjórnendum og þátttakendum öllum ásamt fjárhagsáætlun. Einnig er hægt að senda umsókn með tölvupósti, merktum „Samstarf“ á borgarleikhus.is.

Allar nánari upplýsingar fást á www.borgarleikhus.is **BORGARLEIKHÚSIÐ**

RÍÓÐLEIKHÚSIÐ Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Aukasýningar í mars: Í kvöld sun. 5/3 örfá sæti laus og sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 nokkur sæti laus, sun. 26/3 nokkur sæti laus. **Síðustu sýningar.**

KLAFAR OG KÓNGSDÆTUR
Aukasýningar í dag sun. 5/3 kl. 13:00 örfá sæti laus og sun. 12/3 kl. 13:00 örfá sæti laus. **Allra síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN
3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 16/3 nokkur sæti laus, 7. sýn. fös. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 18/3, 9. sýn. fös. 24/3, 10. sýn. lau. 25/3. **Aðeins þessar 10 sýningar.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld sun. 5/3 **uppselt**, þri. 7/3 **uppselt**, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 örfá sæti laus, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MED SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Í kvöld sun. 5/3 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/3 kl. 18:00 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fim 9/3 **uppselt**, fös. 10/3 **uppselt**, lau. 11/3 örfá sæti laus, fim. 16/3, fös. 17/3, lau. 18/3. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhússveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASALUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

„Það er furðulegt að þegar börn fæðast eru foreldrarnir svo blindaðir af gleði að þeir gefa engan gaum þeirri áhættu og óvissu sem því fylgir að eignast barn.“

- Bernardo Carvalho er leiðinlega bólsýnn í bókinni Níu nætur þegar hann lýsir hugarástandi nýbakaðra foreldra.



bækur

bækur@frettabladid.is

Landsbankinn kaupir 1.200 bækur

Fulltrúar Landsbankans og Nýhil undirrituðu í vikunni, að viðstöddum Björgólfi Guðmundssyni, samning sem felur í sér að bankinn kaupir tæplega 1.200 bækur úr ritróðinni Norrænar bókmenntir. Um er að ræða 130 áskriftir í seríu 9 bóka, en fyrstu fjórar komu út síðasta nóvember: Gamall þrjátúur, nýir tímar eftir Örvar Þóreyjarson Smárason, Gleði og glötun eftir Óttar Martin Norðfjörð, Rispa jeppa eftir Hauk Má Helgason og Blandarabrandarar eftir Eirík Örn Norðdahl. Næstu fimm koma svo út í apríl, en þær eru eftir Þórdís Björnsdóttir, Steinar Braga, Val Brynjar Antonsson, Kristínu Eiríksdóttur og Ófeig Sigurðsson. Bankinn mun síðan gefa öllum bókasöfnum í framhaldsskólum og á landsbyggðinni bækurnar. Hugmyndin að þessu samstarfi sem felur í sér bætt aðgengi landsbyggðarfólks að því sem er að gerast í ljóðlist ungskálda kviknaði í desember. Þá sagði Viðar Þorsteinsson hjá Nýhil að oft væri talað um gjá milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarinnar



ing eins og Nýhil reiði sig á fjármálafyrirtæki til að halda sér við. „Það er að vissu leyti einkenni á okkar samtíma. Íslensk grasrótarlist verður sífellt háðari stórfyrirtækjum, Klink og Bank er besta dæmið um það. Á meðan ríkið sinnir þessum geira ekki hafa fjármálafyrirtæki áttá sig á að það er heilmikið vit í því að styrkja grasrótarlist. Þótt við deilum ekki endilega markmiðum og hugmyndum þessara stofnana getum við nýtt okkur þá hagsmunum sem fara saman. Það getur vissulega verið áhættusamt og hvort þetta dragi úr okkur tennurnar eða ekki verður tíminn að leiða í ljós.“

> Bók vikunnar

Níu nætur eftir Bernardo Carvalho

Níu nætur er ein af fyrstu bókunum í vorbókafloði Bjarts. Árið 1939 sviptir mannfraeðingurinn Buell Quain sig lífi í frumskógum Brasília þar sem hann hafði verið við störf. Brasilískur rithöfundur rekst á nafn Quains 62 árum síðar og hefur martraðarkennda leit að staðreyndum um dauða Quains. Þetta er 38. bókin sem kemur út í Neon-bókaflokki forlagsins en hann er helgaður nýjum og nýútgefnum erlendum skáldverkum í fremstu röð.



VERÐLAUNAHAFAFARNIR Helgi Hallgrímsson og Jón Þorvarðarson taka við verðlaunum úr hendi Sverris Jakobssonar, formanns Hagþenkis. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Opna sýn í flókinn heim

Bækur um forn-gríska stærðfræðinga og mesta vatnsfall Íslands báru af öðrum fræðiritum síðasta árs, að mati Hagþenkis sem verðlaunaði höfunda bókanna á föstudag.

Hagþenkir - félag höfunda fræðiritanna verðlaunaði tvo höfunda fyrir verk sín við hátíðlega athöfn á föstudag. Jón Þorvarðarson fékk viðurkenningu fyrir bók sína Og ég skal hreyfa jörðina, sem fjallar um sögu forngríska stærðfræðinganna, en Helgi Hallgrímsson fékk viðurkenningu fyrir bók sína Lagarfljótt, mesta vatnsfall Íslands sem fjallar um náttúru og sögu Lagarfljóts.

Bækur Jóns og Helga voru í hópi tíu fræðiritanna sem út komu á síðasta ári og viðurkenningarráð Hagþenkis tilnefndi til verðlauna. Í umsögn ráðsins segir að Jón og

Helgi hljóti verðlaunin fyrir „að hafa skilað hafa skilað flóknum fræðum og torræðum viðfangsefnum á ljósan og lifandi hátt til lesenda bóka sinna og opnað þeim sýn inn í fjölbreyttan heim vísindasögu, reiknilistar, raungreina og áttahagafræði.“

„Þessi viðurkenning staðfestir það fyrir mér að það var rétt ákvörðun fyrir fimm árum síðan að ráðast í það verk að skrifa sögu stærðfræðinnar,“ segir Jón Þorvarðarson. „Það sem ýtti mér af stað á sínum tíma var að það hafði ekkert verið skrifað að ráði um sögu stærðfræðinnar. Ég er stærðfræðikennari og reyni að krydda kennsluna með sögulegum fróðleik og það hefur vakið áhuga nemenda að heyra sögur af mönnum eins og Pýþagórasi og Arkimedes.“

Jón segir að ritun verksins hafi verið löng og erfið. „Ég sótti um styrki á ótal stöðum og mætti litlum skilningi og í hvert skipti

þurfti ég að endurmeta mína stöðu; átti ég að fresta bókinni þar til ég fengi styrk, eða átti ég að minnka við mig vinnu til að geta unnið að henni? Svo fór að ég lagði niður vinnu síðasta árið til að geta unnið að bókinni. Hún hefur því kostað miklar fórnir, en það má segja að þessi verðlaun séu huggu-harmi gegn og ég er virkilega þakklátur fyrir þau.“

Helgi Hallgrímsson grasafræðingur er að sama skapi ánægður. „Það er alltaf gaman að fá verðlaun, en það er fyrst og fremst verið að verðlauna bókina, ekki mig.“ Nokkurra ára vinna liggur að baki bókinni, en Helga fannst aðkallandi að koma henni út sem fyrst, þar sem til stendur að breyta Lagarfljóti á næstu árum. „Mér fannst mikilvægt að sýna hvað það hefur til að bera og reyndi eins og ég gat að gera bókina aðgengilega, þannig að bæði leikur og lærdir gætu notið.“

bergsteinn@frettabladid.is

METSÖLULISTI

HEILDARLISTI

- 1 ÍSLANDSATLAS**
HANS H. HANSEN
- 2 SUMARLIÓS, OG SVO KEMUR NÓTTIN**
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
- 3 ÍSLENSKUR STJÖRNUTLAS**
SNÆVARR GUÐMUNDSSON
- 4 MYNDIN AF PABBA - SAGA THELMU**
GERÐUR KRISTÍN
- 5 LOST IN ICELAND**
SIGURGEIR SIGURJÓNSSON
- 6 PRÍÐJA TÁKNID**
YRSA SIGURDARDÓTTIR
- 7 109 JAPANSKAR SUDOKU - NR. 2**
GIDEON GREENSPAN
- 8 SAGAN AF BLÁA HNETTINUM**
ANDRI SNÆR MAGNÁSSON
- 9 VID ENDA HRINGSINS**
TOM EGLAND
- 10 FYRSTA ORÐABÓKIN MÍN**
RICHARD SCARRY

LISTINN ER GERÐUR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA 22.02.06 - 28.02.06 Í PENNANUM EYMUNDSSON OG BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Klaurar og Kóngsdætur

Næst síðasta sýning í dag kl. 14:00!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



HALLDÓR GUÐMUNDSSON > SKRIFAR UM BÓKMENNTIR

Deilan um Rushdie

„Frá upphafi hafa mennirnir notað guð til að réttlæta það sem er óréttlætlegt.“

- Salman Rushdie: Söngvar satans

Skáldsagan Söngvar satans eftir indversk ættaða rithöfundinn Salman Rushdie kom út í september 1988. Rushdie var þá orðinn þekktur höfundur í hópi bókmenntafólks, einkum fyrir skáldsögu sína Miðnætur börn, og þetta nýja verk hans hlaut yfirlætt góða dóma og viðurkenningar, meðal annars Whitbread verðlaunin sem næst ganga Booker verðlaunum að virðingu í hinum enskumælendi heimi.

En þegar leið á haustið tók að bera á andúð á bókinni meðal múslíma og snemma vetrar var hún bönnuð í mörgum löndum, fyrst á Indlandi, síðan í Suður-Afríku og víðar. Eftir var til andmæla í íslömskum löndum og sums staðar brutust út óeirðir sem færðust í aukana næstu misseri, og kostuðu reyndar fjölda manns lífið. Mómælendur voru nú ekki endilega lesendur verksins. Söngvarinn eru fremur flókið bókmenntaverk, ævintýralegt ýkjusaga þar sem ótal þráðum er fléttá saman í anda þess sem stundum er kallað töfraraunsæi. En þeir sem efndu til æsings gegn bókinni og höfundinum báru einatt fyrir sig að þar má finna ádeilukennda skopgervingu spámannsins Múhameds sem fer á víxl með guðsorð og vers frá satan sjálfum.

Slíkt áliti margir múhamedstrúarmenn guðlast og það varð Khomeini erkiklerki í Íran tilefni til að dæma höfundinn til dauða með sérstakri yfirlýsingu, fatwa, í febrúar 1989. Þetta var auðvitað af háneyrður atburður, að leiðtogi eins ríkis dæmði borgara annars ríkis til dauða fyrir skrif sín og lagði auk þess fé til höfuðs honum (í upphafi eina milljón dollara). Dómur Khomeinis náði reyndar ekki bara til höfundarinnar, heldur til allra útgefenda verksins, „sem kunnugt væri um innihald þess“ einsog segir í yfirlýsingu hans. Síðan sagði: „Ég hvet alla trúða múslíma til að taka þá sem fyrst af lífi, hvar sem til þeirra næst, svo enginn vogi sér að að svívirða helga dóma íslams.“

Yfirlýsing Khomeinis var tekin einsog hún var meint – bókstaflega. Rushdie fór huldu höfði í tíu ár og hans er reyndar enn gætt af lífvörðum. Japanskur þýðandi verksins var myrtur 1991 og ítalskur þýðandi særður illa sama ár. Árið 1993 varð einn þekktasti bókaútgefandi Norðurlanda, William Nygaard, forstjóri Aschehoug félagsins norska, fyrir lífshættulegri skotárás við heimili sitt sem oftast hefur verið rakin til þessa máls, þótt það hafi ekki sannast; en hann hafði beitt sér mjög fyrir Rushdie á alþjóðavettvangi. Söngvar satans komu út á íslensku haustið 1989 hjá Máli og menningu, í þýðingu Árna Óskarssonar og Sverris Hólmarssonar. Dauðadómur Khomeinis náði að sjálfsgöðu líka til okkar íslenskra aðstandenda útgáfunnar, en sem betur fer hafði það enga raunverulega merkingu.

Þrátt fyrir mikil alþjóðleg mótmæli sátu stjórnvöld í Íran við sinn keip og 1997 var upphæðin sem lögð hafði verið til höfuðs Rushdie tvöfölduð. Árið 1998, eftir tíu ára baráttu, lýsti ríkisstjórn Íran því loks yfir að hún hygðist ekki framfylgja dauðadómnunum né hvetti hún neinn til þess. Hins vegar hafa margir aðilar í Íran haldið fatwa Khomeinis til streitu; enn er hverjum þeim heitið fé sem myrðir Rushdie, og hinir svonefndu byltingarvarðliðar í landinu ítrefuðu dauðadóminn síðast í febrúar 2005.

William Nygaard (sem hefur nokkrum sinnum komið til Íslands og heimsótti t.d. bókmenntahátíðina hér í haust sem leið) hefur auðvitað verið spurður álits á því sem gerst hefur í framhaldi af birtingu skopteikninganna í Jyllandsposten í september. Hann hefur verið höfsamur á yfirlýsingar í því sambandi. Þótt enginn vafi geti leikið á réttinum til að birta teikningarnar finnst honum það ekki skynsamlegt. Vegna alls þess sem gengið hefur á í veröldinni undanfarin ár sé mikilvægara að efnatil samræðu við múslíma heldur en særa þá (sjá til dæmis Vårt land 4. febrúar). Nygaard bendir á að baráttu Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum hafi um margt gert illt verra í samskiptum við íslömsk ríki. Nú skipti mestu máli að byggja brú milli þessara ólíku menningarheima og þá verði aðilar að sýna hvor öðrum virðingu.

Þetta er auðvitað skynsamlegt út af fyrir sig en fær ekki breytt þeirri staðreynd að hér er líka tekist á um grundvallaratriði. Enda er svar Nygaards við því hvort hann myndi gefa út Söngva satans aftur, skýrt og einfalt: já. Og þarna er vandinn með tjáningarfrelsið: Það er vissulega ekki altækt, en það er heldur ekki afstætt – það leyfir líka hið óskynsamlega. Eða einsog Rushdie sagði í viðtali fyrir nokkrum árum: Tjáningarfrelsið hættir að vera til ef við erum svipt réttinum til að móðga fólk.



Nærð þú athygli
alls hópsins?

F1100/SJA F1019452

* Skv. Fjölmáðlakönnun Gallup janúar 2006.



Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

Fréttablaðið kemur skilaboðum þínum og fyrirtækis þíns til fleiri lesenda en nokkuð annað dagblað. Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* **lesa 43% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Það gefur augaleið að auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Nýtt í bíó

10 BAFTA tilnefningar

4 Tilnefningar til ÓSKARS-VERÐLAUNA

3 Tilnefningar til GOLDEN GLOBE verðlauna

Steve Martin, Kevin Kline, Jean Reno, Beyoncé Knowles

THE PINK PANTHER

FM 957

...Tregafull ástarsaga tvinnuð hálfgegnisærri spennusögu í stórbrotnu umhverfi andstæðna í Kenya - G.E. NFS

...Ótrúlega áhrifark, minnisstæð og orgrandi kvikmyndagerð. - L.E.B. - topp5.is

...Ó.H.T. Rás 2

...G.E. NFS

...BLADID

...HJ-MBL

...VJV -Topp5.is

Philip Seymour Hoffman

capote

STÖRKOSTLÉGG VERÐLAUNAMYND BYGGD Á SÖNNUM ÁBYRDUM

...listaverk, sannkölluð perla - DÓJ, kvikmyndir.com

BESTI LEIKARI ÁRSINS Í AÐALHUTVERKI

TÖFRANDI ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

ÓÞEKKUSTU BÖRN Í HEIMI HAFA FENGID. NYJA BARNFÖSTRU SEM ER EKKI ÖLL ÞAR SEM HUN ER SÉD.

Nanny McPhee

MARGVERÐLAUNUD OG MÖGNUD MYND

MMJ, kvikmyndir.com

BROKEBACK MOUNTAIN

FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

SÝND MEÐ ISLENSKU OG ENSKU TALI

ZATHURA

ÓÞEKKUSTU BÖRN Í HEIMI HAFA FENGID. NYJA BARNFÖSTRU SEM ER EKKI ÖLL ÞAR SEM HUN ER SÉD.

ÓPEKKUSTU BÖRN Í HEIMI HAFA FENGID. NYJA BARNFÖSTRU SEM ER EKKI ÖLL ÞAR SEM HUN ER SÉD.

Sim Carrey

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

PINK PANTHER kl. 1, 3.30, 5.50, 8 og 10.10

CONTANT GARDENER kl. 8 og 10.45 B.I. 16 ÁRA

NANNY MCPHEE kl. 1, 3.30 og 5.50

UNDERWORLD kl. 8 B.I. 16 ÁRA

ZATHURA m/islensku tali kl. 1, 3.30 og 5.50 B.I. 10 ÁRA

ZATHURA m/ensku tali kl. 5.50 B.I. 10 ÁRA

WALK THE LINE kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA

SÝND Í LÚXUS kl. 2, 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA

FUN WITH DICK AND JANE kl. 1, 3.30 og 10.10

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

CAPOTE kl. 3, 5.30, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA

TRANSAMERICA kl. 3, 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA

WALK THE LINE kl. 3, 6 og 9 B.I. 12 ÁRA

BROKEBACK MOUNTAIN kl. 3, 6 og 9 B.I. 12 ÁRA

Hjúrtur Magni SÍMI 462 3500

PINK PANTHER kl. 4, 6, 8 og 10

NANNY MCPHEE kl. 2, (400 KR.) 4 og 6

ZATHURA m/isl. tali kl. 2 (400 KR.) B.I. 10 ÁRA

BROKEBACK MOUNTAIN kl. 8 B.I. 12 ÁRA

CONSTANT GARDENER kl. 10.25 B.I. 16 ÁRA

400 KR. Í BÍÓ! Gildir á allar sýningar í Regnboginum merktar með rauðu

Dolby | JDD | THX | BÍÓ.is - allt á einum stað

LAUGARAS BÍÓ

Sími 553 2075

ALLIR EIGA SÖN LEYNDARMÁL

SUM ERU HÆTTULEGRI EN ÖNNUR

SCARLETT JOHANSSON JONATHAN RHYS MEYERS

EIN BESTA MYND WOODY ALLEN TIL ÞESSA

MATCH POINT

GOYA VERÐLAUNIN BESTA EVRÓPSKA MYNDIN TILNEFND TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

Sýnd kl. 5, 8 og 10:15

ÓPEKKUSTU BÖRN Í HEIMI HAFA FENGID. NYJA BARNFÖSTRU SEM ER EKKI ÖLL ÞAR SEM HUN ER SÉD.

Sýnd kl. 2, 4, 6 og 8

ÓSKARS TILNEFNINGAR

OSKARS TILNEFNINGAR

OSKARS TILNEFNINGAR

Sýnd kl. 8 og 10

400 KR. Í BÍÓ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

Sýnd kl. 2 ÍSLAND

Glæsivilla á Hawaii

Popprinsessan Britney Spears hefur fest kaup á rándýrri glæsivilla á eyjunni Hawaii. Britney var í frí á eyjunni Maui á Hawaii með hinum fimm mánaða syni sínum Sean Preston þegar hún kom auga á húsið. Varð hún samtundis ástfangin af því, en þar er m.a. sundlaug og heitur pottur með frábæru útsýni.

Britney hefur heimsótt Maui síðastliðinn fjögur ár og átti þar meðal annars rómantískar samverustundir með fyrrverandi kærasta sínum Justin Timberlake.

Nýverið leigði hún hús á eyjunni með eiginmanni sínum Kevin Federline, sem var að taka upp sína fyrstu plötu þegar Britney var stödd þar síðast. „Britney von-



BRITNEY SPEARS Popprinsessan hefur keypt sér glæsivilla á eyjunni Maui á Hawaii. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

ast til að þetta hús verði tilvalið fyrir fjölskylduna," sagði kunningsi söngkonunnar. ■

Aldargamalt kvenfélag

Kvenfélag Fríkirkjunnar var stofnað þann 6. mars árið 1906 og fagnar því aldarafmæli á morgun. Í dag verður hátíðarguðsþjónusta í Fríkirkjunni að þessu tilefni og Fríkirkjusöfnuðurinn býður í kirkjukaffi í safnaðarheimilinu eftir guðsþjónustuna.

„Þetta kvenfélag er að öllum líkindum elsta kirkju-kvenfélag landsins og hefur gefið Fríkirkjunni í Reykjavík flest alla hennar dýrustu og mikilvægustu gripi og kirkjumuni," segir Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur. „Félagið hefur einnig stutt mörg önnur þjóðþrifamál hér í Reykjavík og meðal annars lagt heilmikið til byggingar á Landspítalanum, unnið að líknarmálum og lagt bágstöddum lið. Alveg fram undir miðja síðustu öld tilheyrði um helmingur íbúa Reykjavíkur Fríkirkjunni þannig að þetta félag var enn meira áberandi í fyrri tíð og hefur lyft Grettistaki á mörgum sviðum.“

Af þessu tilefni mun kvenfélagið gefa Fríkirkjunni einn merkan grip í viðbót. „Um er að ræða eins konar stiku sem fólk getur tendrað bænaljós á og er það listakonan Steinunn Þórarinsdóttir sem hannaði þetta listaverk," segir Hjörtur Magni. „Einnig munum við taka í notkun nýtt altarisklæði sem helgað er þessum tímamótum. Það er



HJÖRTUR MAGNI JÓHANSSON FRÍKIRKJUPRESTUR Í REYKJAVÍK FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Messíana Tómasdóttir sem vann klæðið sem er prýtt feminískum myndum. Í dag munu konur taka mjög virkan þátt í guðsþjónustunni, Ása Björk Ólafsdóttir mun sjá um hana og aðrar konur munu

lesa ritningartexta," segir Hjörtur. „Þetta er allt saman vel við hæfi því Fríkirkjan hefur alltaf haft kvenréttindi í hávegi og Fríkirkjuprestar hafa jafnan talið máli kvenna.“ -bg

THE PINK PANTHER

Frumsýnd 3. mars

THE PINK PANTHER

SMÁRA BÍÓ

SMS LEIKUR

9. HVÉR VINNUR

Sendu SMS skeytið **JA PPF** á númerið **1900** og þú gætir unnið miða fyrir tvo.

Vinningar eru:

Bíómiðar fyrir 2, DVD myndir, Tölvuleikir, Varningur tengdur myndinni, Myndavélar og margt fleira

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

TVÖ - BÍÓ LAUGARAS BÍÓ ÓDYRT Í BÍÓ KR. 400

400 KR. TÖFRANDI ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

ATH. SÝND KL. 2

ZATHURA

ATH. SÝND KL. 2 ISLENSKT TAL

400 KR. DRAUMALANDIÐ

ATH. SÝND KL. 2 ISLENSKT TAL

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - ADEINS 400 KR -

Óskarsblogg á vísi.is

Óskarsverðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í Los Angeles aðfaranótt mánudagsins. Stöð 2 mun, samkvæmt venju, senda beint út frá afhendingunni sem hefst klukkan eitt að íslenskum tíma.

Þá verður vefmiðillinn vísi.is með „beina“ lýsingu á verðlauna-afhendingunni en þar mun Þórarinn Þórarinnsson, kvikmyndagagnrýnandi og blaðamaður á Fréttablaðinu, standa vaktina og fjalla um það sem fyrir augu ber í blogg færslum.

Fyrsta færslan birtist væntanlega fljótlega upp úr eitt eða um leið og fyrstu verðlaunin sem máli skipta, fyrir bestu leikkonuna í aukahlutverki, verða afhent. Bloggfærslurnar birtast svo með reglulegu millibili fram eftir nóttu jafnóðum og til tíðinda dregur.

<h2>FRUMSÝNING</h2> <p>SYRIANA COOPER FURRY HILSON TROY KEDDIE "SABOTAGE" MORRIE</p> <p>TILNEFNINGAR TIL 2 ÓSKARSVERÐLAUNA 2006</p> <p>SYRIANA KL. 6-8-10:40 B.I. 16 SYRIANA VP KL. 2-4-45-8-10:40 BLÓÐBÖND KL. 2-4-6-8-10:10 CASANOVA KL. 3:30-5:45-8-10:20 NORTH COUNTRY KL. 8 B.I. 12 BAMBI 2 ísl. tal KL. 2-4-6 B.I. 16 DERAILED KL. 10:40 B.I. 16 MUNICH KL. 9 B.I. 16 OLIVER TWIST KL. 3:30 B.I. 12 KING KONG KL. 4 B.I. 12 CRONICLES OF NARNIA KL. 1:30 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 1:40</p> <p>ÁLFABAKKI S: 587-8900</p>	<p>BLÓÐBÖND MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR HILMAR JÓNSSON LAUFHEY ELÍASDÓTTIR</p> <p>HRÍFANDI MYND UM MANNLEGAR TILFINNINGAR.</p> <p>MEÐ ÍSLÆNSKU TALI MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR HILMAR JÓNSSON LAUFHEY ELÍASDÓTTIR</p> <p>BLÓÐBÖND KL. 6-8-10 B.I. 16 PRIDE & PREJUDICE KL. 5:45-8-10:15 BAMBI 2 ísl. tal KL. 2-4 CRONICLES OF NARNIA KL. 2</p> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p>	<p>THE PINK PANTHER STEVE MARTIN JEAN RENO STEVEN SPIELBERG</p> <p>Pink Panther ársstærstúlin er horfinn og betrið frægasta rannsóknarlogregða gerir allt til þess að klárna máttu...</p> <p>SUMAR FREISTINGAR GETA REYNST DYRKEYFIAR OWEN ANISTON VINCE CASSEL</p> <p>THE PINK PANTHER KL. 2-4-6-8-10:10 BLÓÐBÖND KL. 6-8-10:10 UNDERWORLD 2 KL. 10:30 B.I. 16 DERAILED KL. 8:15 B.I. 16 BAMBI 2 ísl. tal KL. 12-2:30-4:10-6:30 OLIVER TWIST KL. 4:15 B.I. 12 CRONICLES OF NARNIA KL. 12 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 12 HARRY POTTER & ELDBIKARINN KL. 1:30 B.I. 10</p> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p>	<p>SYRIANA GEORGE CLOONEY MATT DAMON JEREMY WRIGHT</p> <p>BLÓÐBÖND MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR HILMAR JÓNSSON LAUFHEY ELÍASDÓTTIR</p> <p>FRUMSÝNING HILMAR JÓNSSON LAUFHEY ELÍASDÓTTIR</p> <p>SYRIANA KL. 5:30-8-10:30 B.I. 16 BLÓÐBÖND KL. 3:50-6-8-10 CASANOVA KL. 8-10:20 NORTH COUNTRY KL. 5:45 B.I. 12 MUNICH KL. 5:50-9 B.I. 16 PRIDE & PREJUDICE KL. 3-8:15 BAMBI 2 KL. 3 CRONICLES OF NARNIA KL. 3 HARRY POTTER & ELDBIKARINN KL. 3 B.I. 10 KVIKMYNDAKLÚBBUR ALLIANCE FRANCAISE I' ESQUEVE - UNDAANSVIK KL. 5:45</p> <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p>
---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Nýtt frá Nick Cave

Ný plata frá Nick Cave og samstarfsmanni hans til margra ára, fiðluleikaranum Warren Ellis, kemur út á mánudag.

Platan er með tónlist úr vestranum The Proposition en Cave samdi einmitt handritið að myndinni. Með helstu hlutverk fara Guy Pearce, Ray Winstone, Emily Watson og Danny Huston. „Nick semur texta sem eru í sögustíl og þess vegna eru persónurnar svo vel skrifaðar,“ sagði leikstjórnir John Hillcoat. „Ég vissi að það kæmi eitthvað gott út úr þessu.“

Nick Cave hafði mjög gaman af verkefninu. „Ég heyrði myndina alltaf inni í mér og ég held að handritið sé samið með ákveðinn



NICK CAVE Ástralinn Nick Cave samdi handritið og tónlistina við myndina The Proposition.

takt í huga. Stundum er mikið ofbeldi í henni en síðan eru líka atriði þar sem ekkert er sagt í langan tíma, nokkurs konar hljóðlátur tregi,“ sagði Cave, sem nýverið samdi tónlistina við íslenska leikritið Woyzeck.

Stresslosandi andvarp

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Það er örugglega ekki til vingjarnlegri tónlist en sú sem Jack Johnson gerir. Af sama skapi er hún mjög undarleg að mörgu leyti.

Það besta sem hægt er að segja um lög hans er að þau séu sæmleg. Af sama skapi er það versta sem hægt er að segja að hún sé ekkert sérstök. „Svona la la“ er frábær skilgreining á þeim kokteil sem Jack býður hlustendum upp á og líklega lykkillinn að velgengni hans. Tónlist hans rennur einhvern veginn beint inn í þá þröngu rifu á milli tónlistarstefna þar sem hann getur ómögulega móðgað nokkurn einasta mann. Ekki einu sinni hundfúlan tónlistargrúskara eins og mig. Hér eru bein tengsl í bandarísku sveitalagahefðina, en samt eru textarnir nægilega væmnir og lögin nægilega sykursæt til þess að færa hlustendum Bylgjunnar þetta þægilega stresslosandi andvarp sem þeir biða eftir allan daginn.

Þessi nýja plata hans er víst tónlist fyrir teiknimyndina Curious George sem skartar hinum ómótstæðilega Will Ferrell í aðalhlutverki á móti Drew Barrymore. Miðað við tónlistina þá er þetta ekki bara mynd fyrir börn. Ef sattu skal segja, þá hljómar þetta bara nákvæmlega eins og sú tónlist sem Jack hefur sent frá sér áður, og ekki að heyra að myndin hafi haft mikil áhrif á lagasmíðar hans.

Lögin eru í nákvæmlega sama stíl og síðasta plata Jacks, In Between Dreams. Gítarinn sér



JACK JOHNSON: CURIOUS GEORGE

NIÐURSTAÐA:

Fylgífiskur hinnar geysivinsælu In Between Dreams er nánast nákvæmlega eins og búast mátti við. Jack Johnson semur þó í þetta skiptið fyrir kvikmynd, en það setur engan svip á plötuna.

bæði um undirleik og takt. Lagið The 3 R's stingur því strax í stúf, bara fyrir það eitt að hafa trommur. Glöggir hlustendur ættu svo að kannast við fyrstu hendinguna í laginu, en þar fær Jack „að láni“ sama brot úr laginu Three is a Magic Number og DeLaSoul gerði hérna um árið. Boðskapurinn er afar grænn, fjallar um nauðsyn endurvinnslu og þess að losa sig við ónýta hluti.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að hér sé ekkert tónlistarlega krefjandi. Þetta er eins mikið léttmeti og það gerist. Það er jafn auðvelt að fá leið á þessu og það er að heillast með við fyrstu hlustun. Þeir sem heilluðust að síðustu plötu eiga eftir að hafa gaman af þessari, hinir ættu að halda sig fjarri.

Birgir Örn Steinsson

BLÓÐBÖND
MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR HILMAR JÓNSSON LAUFHEY ELÍASDÓTTIR

HRÍFANDI MYND UM MANNLEGAR TILFINNINGAR.

“HILMAR JÓNSSON ER SNILLINGUR...”
 “ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON HEFUR UNNID AFREK MEÐ ÞESSU FRANLAGI...”
 ÓLAFUR H. TORFABON RÁÐ 2.

“MÉR LEIÐ MJÖG VEL ÞEGAR ÉG GEKK ÚT AF BLÓÐBÖNDUM”
 A.B. BLABÍO

“BESTA ÍSLENSKA MYNDIN Í LANGAN TÍMA”
 S.V. MBL.

“BLÓÐBÖND ER HIN FÍNASTA MYND OG SKER SIG FRÁ ÖÐRUM ÍSLENSKUM KVIKMYNDUM OG TEKST KVIKMYNDADESBAMÖNNUNUM AÐ BERA HANA MANNLEGA OG TRÚVERÐUGA”
 V.J.V. TOPPÉLIS

KOMIN Í BÍÓ - REYKJAVÍK • AKUREYRI

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



Icelandair styrkir Stoke

Íslenska flugfélagið Icelandair hefur gert styrktarsamning við Stoke City. Enska félagið hefur nefnt suðurstúku Britannia vallarsins Icelandair-suður stúkuna, en það mun hún heita að minnsta kosti fram á sumarið 2007. Tengsl félagsins við Ísland eru mjög mikil eins og flestum er kunnugt um, meðal annars er Gunnar Þór Gíslason stjórnarformaður klúbbsins.

sport
sport@frettabladid.is

60 MEÐ HELGA SIGURÐSSYNI

SEKÚNDUR

Að verða Reykjavíkumeistari er... gott mál.

Hvaða lið komast upp? Fram og Þór Akureyri.

Víkingsliðið er... gott lið.

Ásgeir Elíasson er... góður þjálfari.

Skora eitt eða leggja upp tvö? Annaðhvort.

Danmörk eða Grikkland? Grikkland.

Hverjir verða Íslandsmeistarar? FH.

Hver er alltaf síðastur á æfingar? Gunnar markmaður.

Hver er í versta forminu? Allir í góðu formi hjá okkur.

Besta augnablik á ferlinum? Þegar ég skrifaði undir samning við Panathinaikos.

Best klæddi Framarinn er? Gunnar markmaður.

Hver vinnur Idolið? Ingó.

Íslenski boltinn er... ágætur.



> Guðjón Valur með stórleik

Guðjón Valur Sigurðsson átti stórleik fyrir Gummersbach sem komst áfram í gær í EHF-keppninni í handbolta. Guðjón skoraði tólf mörk í leiknum, í öllum regnbogans litum og var maðurinn á bak við það að þýska liðið féll ekki úr leik. Þrátt fyrir að spænska liðið Bidasoa hafi farið með sigur af hólmi 30-26 komst Gummersbach áfram en liðið vann fyrri leikinn 35-26.



Róbert Gunnarsson minnti líka á sig en hann skoraði tvö mörk í leiknum.



MEÐ TAK Á FEDERER Rafael Nadal er gríðarlega mikið efni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Opna tennismótið í tennis: Nadal skákaði Roger Federer

TENNIS Rafael Nadal sigraði á opna meistaramótinu í tennis í Dubai í gær. Nadal er aðeins níttján ára en hann vann Roger Federer, stíghæsta tennismann heims, í tveimur settum gegn einu í úrslitaviður-eigninni sem var stórskemmtileg áhorfs. Nadal er einmitt í öðru sæti heimslistans en hann hefur gott tak á Federer og sigur hans í gær var hans þriðji í fjórum viðureignum þeirra á stórmóti. - *egm*

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

2 3 4 5 6 7 8

Sunnudagur

LEIKIR

- 18.00 FH og KA/ÞÓR mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Kaplakriku.
- 19.15 Skallagrímur og Grindavík mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta í Borgarnesi.
- 19.15 Hamar/Selfoss og Keflavík mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta í lðu.
- 19.15 Haukar og Snæfell mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta á Ásvöllum.
- 19.15 Þór og ÍR mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta í Höllinni á Akureyri.
- 19.15 KR og Höttur mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta í DHL-höllinni í Vesturbænum.
- 19.15 Njarðvík og Fjölnir mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta í Njarðvík.
- SJÓNVARP**
- 13.30 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Manchester City og Sunderland.
- 16.00 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Tottenham og Blackburn.
- 19.25 Ítalska knattspyrnan á Sýn Extra. Bein útsending frá leik Roma og Inter Milan.
- 20.00 Golf á Sýn. Bein útsending frá Ford mótinu í Bandaríkjunum.
- 21.35 Helgasportið á Rúv.

Endursýning í Garðabæ

Stjarnan vann öruggan sigur á Haukum, 33-28, í DHL-deild karla í gær. Leikurinn var nánast endursýning á bikarúrslitaleiknum um síðustu helgi.

HANDBOLTI Mikið jafnræði var í fyrri hálfleik í viðureign Stjörnumannar og Hauka í DHL-deildinni í gær en sömu lið mættust fyrir viku síðan í bikarúrslitum. Þar keyrðu Stjörnumenn síðan yfir mótherja sína í seinni hálfleik og það sama gerðist í Ásgarði í gær. Stjörnumenn höfðu nauma forystu stærstan hluta fyrri hálfleiks en Haukar komust í fyrsta sinn yfir 16-15 og voru með forystuna 19-18 þegar flautað var til hálfleiks.

Í seinni hálfleik áttu Haukamenn síðan fá svör við leik heimamanna sem unnu á endanum 33-28 eftir að hafa mest náð átta marka forystu. Sigurinn var jafnvel enn meira sannfærandi en sá sem þeir unnu í Laugardalshöllinni.

Mikil óákveðni einkenndi sóknarleik Hauka og eftir að hafa verið frekar rólegur í fyrri hálfleiknum átti Róland Valur Eradze stórleik í þeim síðari, varði oft úr opnum færum og skoraði þar að auki eitt mark yfir endilangan völinn eftir að hafa varið eitt af þeim tuttugu skotum sem hann varði í leiknum.

„Við vorum mjög ákveðnir og þeir sáu í seinni hálfleik að þetta var vonlaust og bara hættu. Það var ekki vandamálið að koma mönnum niður á jörðina eftir sigurinn í bikarúrslitaleiknum. Markvarslan hjá Róland úr opnum færum drap Haukaliðið endanlega. Vörn okkar var mjög góð og þeir komust bara ekki í gegn og höfðu fá svör. Viljinn var fyrir hendi og það skilaði sigri,“ sagði Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjörnumannar.

Markvarsla Hauka var langt frá því að vera ásættanleg en Birkir Ívar Guðmundsson varði aðeins eitt skot allan fyrri hálfleikinn og



ROLAND ERADZE Ver hér vítakast í leiknum gegn Haukum í gær en hann átti góðan leik í markinu og tók alls tuttugu bolta. FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

það á lokasekúndu hálfleiksins þegar Patrekur átti skot frá miðju vallarins. Í þeim síðari varði hann fimm skot.

Að vanda voru þeir Tite Kalandadze og Patrekur Jóhannesson í miklum ham í liði Stjörnumannar og skoruðu samtals sextán mörk. Þar á eftir komu Kristján Kristjánsson og Þórólfr Nielsen með fjögur mörk hvort.

Varnarleikur liðsins var góður og þá sérstaklega í seinni hálfleiknum. Aftur gáfu Haukarnir eftir en þeirra besti leikmaður var Freyr Brynjarsson sem skoraði sjö mörk og sýndi fína baráttu.

„Við vorum betri í fyrri hálfleik að mínu mati en svo kemur aftur svona kafli hjá okkur eins og í síðasta leik. Þeir spila mjög góða vörn og hafa klassamarkvörð á bak við sig en við eigum að geta gert miklu betur en þetta. Það skiptir miklu að hafa markvörslu á bak við sig en hana vorum við því miður ekki með í þessum leik. Við erum að klúðra dauðafærum í sókninni. Dómararnir leyfðu ákveðið mikið og Stjörnumenn nýttu sér það öfugt við okkur, við vorum ekki nægilega harðir í vörninni,“ sagði Freyr en með tapinu dattu Haukar aftur niður í annað sætið. - *egm*

Næstsíðasta umferðin í Iceland-Express deild karla fer fram í kvöld:

Hörkuspenna framundan

KÖRFUBOLTI „Þessar tvær umferðir sem eru eftir verða líklega hörkuspennandi og það mun ekki ráðast með sæti fyrr en á lokasekúndum mótsins. Það verður brjálúð spennna á öllum vígstöðvum,“ segir Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, en næstsíðasta umferðin í úrvalsdeild karla í körfuknattleik fer fram í kvöld.

Njarðvíkingar eru með jafnmörg stig og Keflavík fyrir tvær síðustu umferðirnar en þessi tvö lið mætast einmitt í lokaumferðinni næsta fimmtudag. Í kvöld leika Njarðvíkingar hins vegar gegn Fjölnismönnum í Grafarvoginum.

„Þessi leikur skiptir nánast engu fyrir okkur í deildinni því það nægir okkur að vinna Keflavík í síðasta leiknum til að tryggja okkur efsta sætið. Samt er stefnan að sjálfsögðu sett á sigur. Fjölnismennirnir eru með hörkulið og




SPENNANDI LEIKUR Á fimmtudaginn mætast Keflavík og Njarðvík í úrslitaleik í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Keflvíkingar stórhuga: Geoff Miles til Keflavíkur

FÓTBOLTI Keflvíkingar hafa komist að samkomulagi við Bandaríkjamanninn Geoff Miles og spilar hann með liðinu í sumar. Rúnar Arnarson formaður knattspyrnu-deildar Keflavíkur sagði við Fréttablaðið í gær að allt hefði verið samþykkt og bara ætti eftir að undirrita samninginn.

Miles er enn í Bandaríkjunum en stefnt er á að hann fari með Keflvíkingum út til Spánar í æfingaferð í byrjun apríl. Miles spilaði með Haukum í 1. deildinni á síðasta tímabili og stóð sig mjög vel.

Rúnar staðfesti einnig að viðræður við danska varnarmanninn Peter Matzen væru farnar af stað en hann var til reynslu hjá félaginu nýverið og vonast félagið eftir því að semja við hann. - *hþ*



JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON Í finu formi um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓK

Jóhannes Karl Guðjónsson: Skoraði tvö glæsileg mörk

FÓTBOLTI Jóhannes Karl Guðjónsson átti stórleik fyrir Leceister sem vann Hull 3-2 í ensku 1. deildinni í knattspyrnu í gær. Jóhannes skoraði tvö marka liðsins og þau voru svo sannarlega ekki af verri endanum.

Jóhannes þrugaði boltanum frá sínum eigin vallarhelmingi í fyrri markinu og yfir markmann Hull sem hafði brugðið sér í skógarferð. Síðara markið var ekki síðra, þrumuskot af löngu færi, sannkolluð glæsímörk hjá landsliðsmanninum.

Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson léku allan leikinn í liði Reading sem lagði Burnley 3-0 á útivelli og er komið með fjórtán stiga forystu á toppi deildarinnar og svo gott sem komið upp.

Gylfi Einarsson kom ekki við sögu hjá Leeds sem vann Crystal Palace 2-1 og Hannes Sigurðsson var heldur ekki í liði Stoke, sem tapaði fyrir Norwich 2-1. Reading er efst í deildinni með með 89 stig, Sheffield Utd. í 2. sæti með 75 stig og Leeds í 3. sæti með 69 stig. - *hþ*

Mars tilboð



FRÁBÆRT
VERÐ!



Prentari

HP Laser Jet 1020

Vörunúmer: okq5911a

- Prentækni: Monochrome laser
- Hraði: 14 bls. á mín.
- 10 sek. í fyrstu síðu út eftir kaldræsinguna eða heitur
- Örgjörvi: 234 MHz RISC
- Upplausn: 1200x1200 dpi
- Tungumál: Host-based printing
- Sparnaðarstilling: 50% duftsparnaður
- Mánaðarnotkun: 5.000 bls.
- Innbakki: 150 bls. + 1 bls. forgangsbakki
- Útbakki: 100



Aðeins
9.990.-

Prentari

HP Officejet K550

Vörunúmer: c8157a

- Bleksprautuprentari með aðskildum hylkjum
- Prenthraði bls. á mín. A4: Allt að 37 bls. í svörtu, 33 bls. í lit
- Upplausn: 4800dpi
- Örgjörvi: 300 MHz
- Minni: 32 MB
- Mánaðarnotkun: 7.500 bls.
- Innbakki: 250 bls.
- Útbakki: 150 bls.
- Tenging: Hi-Speed USB 2.0
- Tungumál: PCL 3

Aðeins
19.990.-



FRÁBÆRT
VERÐ!

22%

afsláttur af blek- og dufthylkjum



FRÁBÆRT
VERÐ!

Práðlaus geislamús

Logitech MX610

Vörunúmer: ?????

- Práðlaus geislamús með hleðsumæli.

Aðeins
4.490.-



FRÁBÆRT
VERÐ!

LINKSYS

Skype sími

Linksys Skype práðlaus sími

Vörunúmer: cit200

- USB tengd tengistöð færir Skype tengiliðina úr tölvunni yfir í símtækni
- Þú velur tengilið í símtækinu og hringir fráðlaust
- Símtækni er með baklýstann skjá með númerabirti
- Innbyggður hátalari, símtal biður og kalkerfi milli (auka) símtækja
- Styður SkypeOut dialing hringingar Skypeln símtöl og Skype VoiceMail

Aðeins
9.890.-



Aðeins
1.400.-
1 kassi

Pappírinn
sem tækni-
menn mæla
með!

Ljósritunarpappír

A4 - 500 blöð í pakka 80 g.

Rykfrír og mjög þéttur pappír.
Pappír sem tæknimennirnir mæla
hiklaust með. 5 pakkar í kassa.

Vörunúmer: 1601007010-OFF

Aðeins
280.-
1 pakki

Office 1 Superstore

Algreiðutímar verslanna

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18

Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17

Office 1 Akureyri og Isafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16

Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14

Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is

Verð geta lækkað án fyrirvara

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ

ALFREÐ GÍSLASON NÝRÁÐINN LANDSLIÐSÞJÁLFARI Í HANDBOLTA

Loksins fékk ég tækifærið

HSÍ og Alfreð Gíslason gengu í gær frá samningi um þjálfun karlalandsliðsins í handbolta til 1. júlí árið 2007 en þann dag tekur Alfreð við þýska liðinu Gummersbach. Hjalti Þór Hreinsson hitti Alfreð að máli og ræddi við hann um tildrög starfsins og framtíðarsýn hans á landsliðsmál Íslands.

Leit HSÍ að nýjum landsliðsþjálfara er loksins lokið með niðurstöðu sem flestir una mjög vel við. Alfreð hefur náð góðum árangri með Magdeburg í sterkustu handknattleiksdeild í heimi en hann vann þýska meistaratitilinn sem og Meistaradeildina með liðinu. Það er því sannkallaður happafengur að fá Alfreð til starfsins sem er ekki öfundusvert, að stýra landsliðinu til sigurs í tveimur leikjum gegn Svíum og koma liðinu þar með á Heimsmeistaramótinu í Þýskalandi á næsta ári.

Erfitt að fá sig lausan

Alfreð hefur alltaf verið efstur á óskalista HSÍ og það var strax á Evrópumótinu í Sviss að sambandið sýndi áhuga sinn. „Ég og Einar Þorvarðarson [framkvæmdastjóri HSÍ] hittumst fyrst á úrslitaleiknum á EM í Sviss þar sem við ræddum um hvort sá möguleiki væri fyrir hendi að ég tæki við landsliðinu. Þetta þróaðist smám



HVER VERÐUR AÐSTOÐARÞJÁLFARI?
Hver mun aðstoða Alfreð er enn óvíst en líklegast er að Geir Sveinsson taki við starfinu.

saman eftir það,“ sagði Alfreð sem var sagt upp hjá Magdeburg en samningur hans við liðið var enn í gildi. Í hönd fóru strangar viðræður um starfslokasamning sem loksins leystust farsælega.

„Ég leitaði leiða til að losna undan samningi og viðræður mínar við HSÍ miðuðust við það hvernig gengi að ræða við Magdeburg. Að ég tæki við landsliðinu varð að alvöru þegar það kom í ljós að ég gat losnað undan samningnum. Ég fékk mér lögfræðing sem sendi tillögu til þeirra um starfslokasamning. Þeir hjá Magdeburg tóku sér mjög langan tíma í að svara þessu og þeir héldu kannski að ég væri að fara fyrr til Gummersbach. Þetta gerðist síðan mjög hratt í þessari viku, ég gaf þeim úrslitakosti og sagði að ef samningnum yrði ekki rift þá sæti ég bara á honum til sumarsins 2007 og myndi hirða hverja af þeim hverja krónu,“ sagði Alfreð.

Alfreð er því með tvo samninga sem stendur, við HSÍ og Magdeburg, báðir til 1. júlí 2007. Hann fær því jafn há laun núna og ef hann hefði ekki losnað undan samningi við Magdeburg. „Þeir græða á því að losna við mig. Þeir borga hluta af samningi mínum núna til 1. júlí 2007 og HSÍ borgar mismuninn, ef það væri ekki svoleiðis hefði HSÍ aldrei haft efni á að ráða mig,“ sagði Alfreð en samningar milli hans og HSÍ náðust svo á fimmtudaginn.

Kveður Magdeburg sáttur

Alfreð átti farsælan feril hjá Magdeburg og hann gengur sáttur frá

liðinu. „Já ég geri það. Ég naut mín vel hjá liðinu en það var ég sem vildi fara eftir mikið ósætti við framkvæmdastjórnann. Á endanum gengu þeir vel frá málunum en ég hefði ekki litið sömu augum á þá ef þeir hefðu ekki gert það. Það er annað mál hvort ég sé sáttur við hvernig Magdeburg stóð að uppsögninni, það hefði verið hægt að gera það öðruvísi,“ sagði Alfreð sem liðsmennirnir studdu í erjunum við framkvæmdastjórnann.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá vill Magdeburg losna við landsliðsmennina Arnór Atlason og Sigfús Sigurðsson, ákvörðun sem Alfreð skilur engan veginn. „Ég skil ekki hvað Magdeburg er að hugsa með því að sleppa þessum tveimur frábæru leikmönnum. Arnór þarf að komast í lið þar sem þjálfarinn stendur við bakið á honum og hann fær að spila meira. Hann er mjög góður leikmaður og á eftir að verða frábær í framtíðinni. Það er lítil tilgangur fyrir strákana að sitja á bekknum, sérstaklega þar sem þeir eru með tilboð annars staðar frá. Það er því best fyrir þá sjálfa að loka þessum hluta hjá Magdeburg og halda áfram,“ sagði Alfreð en allt bendir til að Pólverjinn gamalreyndi Bogdan Venta taki við liðinu.

„Venta tekur líklega við en liðið fékk sterkan pólskan línumann til sín í vikunni og þá eru þeir með fjóra línumenn sem gengur ekki. Ég held að þeir geri mikil mistök með því að láta Fúsa fara, hann er mikilvægur leikmaður í vörninni en þetta er þeirra mál. Ég veit að Fúsi er með tilboð frá þremur góðum liðum í Þýskalandi og hann hefur fengið fyrirspurn frá einu sem er fyrir ofan Magdeburg í töflunni þannig að hann er ekki í neinum vandræðum. Ég geri ráð fyrir því að þeir fari báðir en flytji sig bara innan Þýskalands,“ sagði hinn nýráðni landsliðsþjálfari.

Alfreð útilokar ekki að fá til sín íslenska leikmenn til Gummersbach en hann vill lítið gefa upp að svo stöddu. „Það er full snemmt að segja til um það en það þarf ekki að koma mikið á óvart ef ég tek einhverja Íslendinga til mín til Gummersbach,“ sagði Alfreð.

Loksins fékk ég tækifæri

„Þetta er í rauninni mitt fyrsta tækifæri til að taka við liðinu þar sem ég hef alltaf verið á samningi hjá klúbbum áður. Þetta er mikill heiður fyrir hvern sem er og ég hef oft séð fyrir mér hvernig er að gera það. Núna fékk ég tækifærið og ég er virkilega ánægður með það. Eftir að Viggó Sigurðsson sagði upp hugsaði ég með mér



ALFREÐ GÍSLASON Er mjög ánægður með að fá loksins tækifæri til að taka við landsliðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

að nú þyrftu þeir kannski á mér að halda og það er gott að hafa gengið frá þessu á þennan hátt,“ sagði Alfreð sem býst við hörku rimmum við Svíana.

„Þessir leikir við Svía verða mjög erfiðir en þetta er krefjandi verkefni og þeim mun skemmtilegra fyrir vikið. Það er mitt hlutverk að koma liðinu á HM og við setjum stefnuna á það. Ég er bjartsýnn á að það takist, liðin eiga jafna möguleika og ég vona að við verðum alveg lausir við meiðsli enda er mikilvægt að hafa alla leikmenn við höndina. Það er því stefnan að halda enn meira upp á þjóðhátíðardaginn en venjulega er gert,“ sagði Alfreð brosmildur en síðari leikurinn við Svía fer líklega fram 17. júní.

Jafnvel þó að landsliðinu takist ekki að leggja Svía af velli bíða önnur verkefni Alfreðs en í janúar á næsta ári fara fram umspilsleikir um laust sæti á Evrópumótinu í Noregi árið 2008 auk þess sem Alfreð tekur að sér fleiri verkefni

innan HSÍ. „Ég ætla mér að koma inn í fræðslumálin hjá HSÍ og miðla aðeins af minni reynslu. Ég mun funda með þjálfurum í deildinni hérna heima þar sem við getum rætt um ýmislegt, hvort sem það er varnarleikur eða hvernig mín þjálfarastefna er. Ég mun bjóða upp á þetta og ef menn vilja nýta sér þetta væri það gaman en ef ekki þá verður bara að hafa það,“ sagði Alfreð.

En kemur til greina að stýra Gummersbach og landsliðinu áfram eftir 1. júlí 2007?

„Ef allt færi á besta veg með landsliðið þá væri það alls ekki útilokað að ná hreinlega samningum við það,“ sagði Alfreð.

Verður Geir aðstoðarþjálfari?

Alfreð býr í Þýskalandi en allar líkur eru á því að hann fái sér aðstoðarmann, búsettan hér á landi en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Geir Sveinsson þar efstur á óskalista. „Ég vil síður tala um nein nöfn þar sem ég er ekkert byrjaður að skoða þessi mál ennþá. Ég hef ekkert rætt við HSÍ um þetta mál en ég mun ganga í það fljótlega. Vissulega þekki ég Geira mjög vel og eðlilegast væri að sá sem vinnur með mér í þessu, ef einhver verður, tæki við landsliðinu eftir að ég hætti ef málin þróast í þá átt. Þá kæmi inn maður sem þekkir allt í kringum verkefnið og gæti því haldið áfram á sömu línu,“ sagði Alfreð.

Annað nafn sem Alfreð gæti óskað eftir er Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram og fyrrverandi landsliðsþjálfari. Alfreð og Guðmundur eru miklir vinir og voru herbergisfélagar á ferðum sínum með landsliðinu forðum. „Við Guðmundur erum mjög góðir vinir og hann hefur alltaf sýnt að hann er heims- klassa þjálfari,“ sagði Alfreð en

lét ekkert upp hvort hann vildi fá hann með sér sem aðstoðarmann.

Þurfum að auka breiddina

Alfreð telur að helsti löstur landsliðsins sé breiddin, aðallega í vörninni. „Við erum með landslið sem er eitt af tíu bestu liðum í heiminum í dag. Það sem okkur vantar er meiri breidd, sérstaklega í varnarleikum en mér fannst markvarslan á Evrópumótinu vera mjög góð en mér fannst



LÍTIL BREIDD Alfreð segir að breiddin í liðinu sé ekki nægilega mikil og úr því þurfi að bæta.

samband markvörslu og varnar vera ábótavant. Við þurfum að finna meiri breidd í vörnina og ná aðeins meira út úr sóknarleikum, sérstaklega skyttustöðunum. Auk þess megum við alls ekki við meiðslum hjá lykilmönnum eins og var á EM,“ sagði Alfreð sem telur að gjörbreyttur varnarleikur gæti hjálpað mikið til.

„Við þurfum að geta spilað sterka 6-0 vörn og það er mikilvægt að ná góðu valdi á fleiri en einu varnarafbrigði. Guðjón Valur Sigurðsson er besti framliggjandi varnarmaður í heiminum í dag og þegar við náum upp stemningu í vörninni getur hún verið mjög sterk. Auk þess er lyklatríði að Fúsi sé í formi en nú fer í gang leit við að finna mann til að vera við hliðina á Fúsa til að binda vörnina endanlega saman,“ sagði Alfreð.

hjalti@frettabladid.is



SKILUR SÁTTUR VIÐ MAGDEBURG Þrátt fyrir að samskiptin hafi verið stíð á köflum kveður Alfreð Magdeburg sáttur en hann varð bæði þýskur meistari og Evrópumeistari með liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

ASTON VILLA-PORTSMOUTH	1-0
1-0 Milan Baros (36.).	
FULHAM-ARSENAL	0-4
0-1 Thierry Henry (31.), 0-2 Sheyy Adebayor (35.), 0-3 Thierry Henry (76.), 0-4 Cesc Fabregas (86.).	
Heiðar Helguson var í byrjunarliði Fulham en var skipt af velli á 61. mínútu.	
MIDDLESBROUGH-BIRMINGHAM	1-0
1-0 Mark Viduka (45.).	
NEWCASTLE-BOLTON	3-1
1-0 Nolberto Solano (34.), 2-0 Alan Shearer (45.), 3-0 Shola Ameobi (69.), 3-1 Kevin Davies (71.).	
WBA-CHELSEA	1-2
0-1 Didier Drogba (51.), Joe Cole (54.), 1-2 Kanu (88.).	
WEST HAM-EVERTON	2-2
1-0 Marlon Harewood (10.), 1-1 Leon Osman (18.), 2-1 Dean Ashton (23.), 2-2 James Beattie (71.).	
LIVERPOOL-CHARLTON	0-0
Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn í vörn Charlton og stóð sig vel.	

Enska 1. deildin:

BURNEY-READING	0-3
Ivar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson léku allan leikinn fyrir Reading.	
LECESTER-HULL	3-2
Jóhannes Karl Guðjónsson átti stórleik fyrir Leicester og skoraði tvö glæsileg mörk auk þess að leggja upp eitt.	
NORWICH-STOKE	2-1
Hannes Sigurðsson var ekki í liði Stoke City.	
CRYSTAL PALACE-LEEDS	1-2
Gylfi Einarsson kom ekkert við sögu hjá Leeds.	
WATFORD-DERBY	2-2
SOUTHAMPTON-COVENTRY	1-0
PLYMOUTH-BRIGHTON	1-0
QPR-WOLVES	0-0
CARDIFF-SHEFF. WED	1-1

Meistaradeildin í handbolta:

Átta liða úrslit:

CELJA-CIUDAD REAL	28-33
Ciudad Real vann samanlagt 67-55. Ólafur Stefánsson skoraði fjögur mörk fyrir Ciudad Real.	
FLensburg-KIEL	31-34
Flensburg vann samanlagt 63-62. Stefán Arnaldsson og Gunnar Víðarsson dæmdu leikinn.	
BARCELONA-PORTLAND	26-23
Portland vann samanlagt 48-47.	
VESZPRÉM-MONTEPELLIER	27-22
Veszprém vann samanlagt 48-45.	

Sigur hjá Jose Mourinho í leik númer 100 með Chelsea

Jose Mourinho fagnaði sigri með Chelsea í sínum 100. leik við stjórnvölinn hjá félaginu. Chelsea styrkti stöðu sína á toppnum með 2-1 sigri á WBA. Arsenal burstaði Fulham 4-0 og virðist til alls líklegt í lokabaráttunni í deildinni.

FÓTBOLTI Chelsea er á góðri leið með að verja Englandsmeistaratið sinn eftir góðan 2-1 sigur gegn WBA um helgina. Didier Drogba og Joe Cole skoruðu mörkin en Kanu minnkaði muninn undir lokin. Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliðinu hjá Chelsea en Geremi tók stöðu hans á 73. mínútu en landsliðsfyrirliðinn átti ágætlan leik. Arjen Robben fékk beint rautt spjald fyrir tæklingu, ákvörðun sem leikmenn Chelsea voru langt frá því að vera sáttir við.

„Dómarinn sagði að Arjen hefði tæklað hann með báðum fótum en hann snerti ekki einu sinni manninn,“ sagði John Terry, fyrirliði liðsins, um brottreksturinn. „Við ræddum vel saman í hálfleik, við vorum reyndar húðskammaðir en það var það sem þurfti. Stuðningsmennirnir okkar voru frábærir, þeir sungu nafnið hans Peter's Osgood og við viljum tileinka honum sigurinn. Hann var frábær maður,“ sagði Terry að lokum en Osgood er gömul hetja á Stamford Bridge sem lést í vikunni sem leið.

Heiðar Helguson og félagar hans í Fulham sáu aldrei til sólar gegn Arsenal sem settu stórsýningu á svið á Craven Cottage. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að Thierry Henry átti magnaðan leik en hann skoraði tvö mörk en Emmanuel Adebayor og Fransesc Fabregas skoruðu hin mörkin. Heiðari var skipt útaf á 61. mínútu en hann fann sig ekki vel í leiknum,



JOE COLE Englendingurinn fagnar hér marki sínu í gær en hann stóð sig vel eftir að hafa komið inn á sem varamaður. NORDICPHOTOS/AFP

ekki frekar en aðrir leikmenn Fulham.

„Þetta er versta frammistaða okkar á heimavelli sem ég hef séð á þessu tímabili en þetta var besta frammistaða Arsenal sem ég hef séð. Thierry Henry er stórkostlegur leikmaður og þeir sendu þarna aðvörðun til allra annarra liða. Við getum ekki kvartað yfir því að tapa af því við vorum lélegir í þessum leik. Við sköpuðum engin færi en þeir virtust líklegir til að skora í hvert skipti sem þeir sóttu,“ sagði Chris Coleman, stjóri Fulham, mjög ósáttur eftir leikinn.

Framherjum Liverpool gekk ekki vel að skora frekar en fyrri daginn en Rauði herinn náði aðeins markalausum jafntefli gegn Charlton á heimavelli. Hermann Hreiðarsson var manna bestur í liði Charlton sem varðist vel sóknarlutum Liverpool.

Robbie Fowler skoraði reyndar fyrir Liverpool en markið var dæmt af vegna rangstöðu. Dómurinn var líklega réttur en þetta er í annað sinn sem Fowler skorar en markið er dæmt af. Hitt kom með hjólhestaspyrnu gegn Birmingham fyrir mánuði síðan. - hph

Hernan Crespo, Chelsea:

Okkur er ekki illa við Messi

FÓTBOLTI Hernan Crespo, argentínski sóknarmaður Chelsea, segir að það andi ekki köldu milli leikmanna liðsins og lands síns Lionels Messi. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, sakaði Messi um leikaraskap þegar Asier del



á óvinalista Chelsea. Horno var rekinn af velli í fyrri leiknum.

„Við erum ekkert pirraðir út í Lionel, þetta sem gerðist er bara hluti af fótboltanum. Þrátt fyrir ungan aldur óttast hann ekkert og á skilið virðingu fyrir hugrekki sitt. Það sem sárir okkur var að tapa í fyrsta sinn á heimavelli í um fimm-tíu leikjum,“ sagði Crespo. - egm

Teddy Sheringham:

EKKI DAUÐUR ÚR ÖLLUM ÆÐUM

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Teddy Sheringham er búinn að undirrita nýjan samning við enska úrvalsdeildarliðið West Ham út næstu leiktíð. Sheringham verður fertugur í næsta mánuði en nýi samningurinn gerir það að verkum að hann ætíð að vera enn að spila í úrvalsdeildinni 41 árs gamall.

„Það er frábært að hafa Teddy eitt ár í viðbót. Hann getur miðlað reynslu sinni til yngri leikmanna félagsins en það sem er mikilvægast er að við fáum að njóta hæfileika hans á vellinum áfram. Ég er ekki í vafa um að hann verði mikilvægur fyrir okkur áfram næsta tímabil,“ sagði Alan Pardew, stjóri West Ham. - egm

Breytingar á leiðinni!

Í dag, sunnudaginn 5. mars taka gildi breytingar á leiðakerfi Strætó.

Með þessum breytingum er verið að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar og ábendingar þeirra.

Nýja leiðabók er að finna á sölustöðum strætó og einnig er allar upplýsingar að fá á www.straeto.is.

Alla leið með Strætó.



Ástæða til að fagna:

Meðal breytinga á leiðakerfinu eru nýjar leiðir bæði í Kópavogi og Reykjavík.



ÚRSLIT GÆRDAGSINS

DHL-deild karla:

STJARNAN-HAUKAR 33-28
Mörk Stjörnunnar: Patrikur Jóhannesson 9, Tite Kalandadze 7, Kristján Kristjánsson 4, Þórólfur Nielsen 4, Davíð Kekelia 3, Gunnar Ingi Jóhannsson 2, Björn Friðriksson 2, Arnar Theodórsen 1, Björn Óli Guðmundsson 1, Roland Valur Eradze 1.
Varin skot: Roland Valur Eradze 19.

Mörk Hauka: Freyr Brynjarsson 7, Jón Karl Björnsson 4, Halldór Ingólfsson 4, Arnar Pétursson 4, Kári Kristján Kristjánsson 4, Andri Stefan 2, Árni Sigtryggsson 2, Ólafur Björnsson 1.
Varin skot: Birkir Ivar Guðmundsson 6.

ÍBV-FRAM 32-34

Mörk ÍBV: Mladen Cacic 13, Jan Vitipil 5, Sigurður Bragason 5, Ólafur Víðir Ólafsson 4, Michael Dostalik 2, Grétar Eyþórssen 2, Sævar Hallgrímsson 1.
Varin skot: Björgin Páll Guðavíðsson 15 skot.

Mörk Fram: Jóhann Gunnar Einarsson 9, Rúnar Kárasen 5, Sergey Serenko 5, Sigfús Páll Sigfússon 4, Gunnar Harðarson 3, Haraldur Þorvaldsson 3, Þorri B. Gunnarsson 3, Stefán Stefánsson 2.
Varin skot: Magnús Erlendsson 12, Egidijus Petkevicius 11.

DHL-deild kvenna:

ÍBV-VALUR 22-18

Mörk ÍBV: Pavla Plaminkova 13, Simona Vintila 4, Ingbjörg Jónsdóttir 2, Ester Óskarsdóttir 1.
Varin skot: Florentina Grecu 19.

Mörk Vals: Alla Gergjisdóttir 6, Agustá Björnsdóttir 4, Rebekka Skúladóttir 3, Arna Grímsdóttir 2.
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 12.

GRÓTTA-HAUKAR 22-32
HK-VÍKINGUR 20-17



GUÐMUNDUR KARLSSON Var hæstánægður með stelpurnar sínar í gær eftir sigurinn gegn Gróttu. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

DHL-deild kvenna í gær:

Haukar aftur í efsta sætið

HANDBOLTI „Við spiluðum mjög vel og loksins er liðið komið á réttu brautina aftur. Sérstaklega var fyrri hálfleikurinn góður og við náðum efsta sætinu aftur sem er mjög ánægjulegt,“ sagði Guðmundur Karlsson, þjálfari Haukastúlkna, eftir að liðið vann öruggan sigur gegn Gróttu á útivelli 32-22 í gær. Með sigrinum hafa Haukar eins stígs forystu á ÍBV þegar fjórar umferðir eru eftir í DHL-deild kvenna.

„Núna er þetta bara í okkar höndum. Þetta er allt hnífjafnt og lítið má út af bregða,“ sagði Guðmundur. „Vörnin var góð í leiknum og markvarslan sömuleiðis. Þegar það smellur hjá okkur erum við einfaldlega með illviðráðanlegt lið eins og staðan er í dag. Stelpurnar voru einfaldlega að sýna sínar bestu hliðar og ég er hæstánægður,“ sagði Guðmundur kampakátur í leikslok. - egm

Andrés Guðmundsson stendur fyrir Skólahreysti grunnskólakrakka:

Dustar rykið af Tarzan-leiknum

KRAFTASPORT „Krackarnir hafa rosalega gaman af þessu. Þetta er bara þessi gamli góði Tarzan-leikur sem við erum búinir að dusta rykið af,“ sagði Andrés Guðmundsson sem stendur fyrir keppninni Skólahreysti um þessar mundir. Keppnin er á milli nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla en fjórir keppendur eru frá hverjum skóla, tveir strákar og tvær stelpur.

Strákarnir keppa í upphíftingum og dýfum en stelpurnar í arm-beygjum og fitnessgripi og bæði kynin keppa svo í stórskemmtilegri hraðþraut. 45 skólar af höfuðborgarsvæðinu taka þátt en fjórar undankeppnir fara fram. Úrslitin verða svo þann 2. apríl í Laugardalshöll þar sem átta skólar keppa til úrslita um vegleg verðlaun.

„Þetta byrjaði hjá mér í apríl síðastliðnum þegar ég hélt prufukeppnir með sex skólum og það þrælvirkaði. Þá ákvað ég að færa þetta inn í grunnskólana og þetta hefur hlotið frábær viðbrögð. Ég finn fyrir gríðarlegum áhuga fyrir þessu,“ sagði Andrés sem nýtur verkefnisins til fullnustu.

„Ég hef gert margt í gegnum tíðina, haldið alls kyns mót en þetta er það skemmtilegasta sem ég hef nokkurn tímann gert. Þetta er búið að vera krefjandi og erfitt en rosalega skemmtilegt. Það er aðallega út af því að allir opna dyrnar fyrir þessu strax og ljá allt fyrir þetta gera,“ sagði Andrés um mótið sem er samstarfs-



STREMBIÐ Það er ekki létt verkefni að taka þátt í Skólahreysti. Hér keppa ungar stúlkur í fitnessgripi á síðustu keppni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

verkefni ICE-Fitness, ÍSÍ og Ostas og smjörsöluunnar.

Allt umhverfið í kringum keppnina er hið glæsilegasta en fritt verður inn á allar keppnirnar og skólarnir þurfa ekki að borga fyrir þátttökuna. „Ég ákvað að gera þetta bara af fullum krafti strax frá byrjun og sé ekki eftir því. Það er atvinnumannabragur fyrir þessu og til að mynda verður úrslitakeppnin mögnuð, með ljósasýningu og tilheyrandi. Á næsta

ári munum við færa út kvíarnar og þá munum við halda þetta um allt land, halda fjórðungskeppnir og síðan veglega úrslitakeppni,“ sagði Andrés.

Sýn verður með 45 mínútna langan þátt um allar undankeppnirnar á mánudögum en fyrsti þátturinn verður annað kvöld klukkan 20.00. Úrslitakeppnin verður svo í beinni útsendingu þann 2. mars en allt verður þetta í opinni dagskrá. - hþ

Fram vann ÍBV 34-32 í DHL-deild karla:

Við gerðum okkur þetta of erfitt fyrir

HANDBOLTI „Þetta var rosalega erfiður leikur, það var viðbúið enda gífurlega sterkur heimavöllur. Við vorum ekki að spila nándar nærri nógu vel á köflum og við gerðum okkur þetta of erfitt fyrir,“ sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, eftir leikinn gegn ÍBV í gær en Framarar hrósuðu sigri eftir spennandi lokamínútur.

Framarar voru skrefinu á undan allan leikinn en gekk illa að klára leikinn. Með klaufaskap misstu þeir niður forskot sitt og Eyjamenn gátu jafnað en frábær markvarsla undir lok leiksins gerði það að verkum að ÍBV tókst ekki að ná í dýrmætt stig á heimavelli.

„Við náðum aldrei að hrista þá af okkur þrátt fyrir að hafa haft góð tækifæri til þess í báðum hálfleikjum. Ef það gengur ekki verður þetta erfitt undir lokin eins og raun bar vitni,“ sagði Guðmundur sem var ánægður með ungu strákana í Framliðinu.

„Yngri strákarnir stóðu sig



SERGEY SERENKO Átti góðan leik fyrir Fram og skoraði alls fimm mörk en hann hefur verið að spila vel að undanförunu eftir erfiða byrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

mjög vel, Rúnar gerði frábær mörk líkt og Gunnar á línunni og báðir hjálpuðu okkur við að landa þessum sigri. Ég er mjög ánægður með að koma með bæði stiginn heim,“ sagði Guðmundur að lokum. - hþ

Öruggur sigur hjá kvennaliði ÍBV í Vestmannaeyjum:

ÍBV með tak á Val

HANDBOLTI „Við höfum hitt á góða leiki á móti Val og í þessum leik náðum við að þjappa okkur vel saman eftir bikarúrslitaleikinn og ná upp góðri stemningu,“ sagði Alfred Örn Finnsson, þjálfari kvennaliðs ÍBV, eftir að liðið lagði Valsstúlkur í stórleik í DHL-deild kvenna í Vestmannaeyjum í gær, 22-18.

Það var varnarleikurinn og markvarslan sem var lykillinn að sigri Eyjastúlkna en Florentina Grecu varði níttján skot í markinu. Þá átti Pavla Plaminkova stórleik og skoraði þrettán mörk fyrir ÍBV sem var með forystu allan tímann og var liðið 12-6 yfir í hálfleik.

Eyjastúlkur virðast hafa gott tak á Valsstúlkum því fyrir mánuði síðan unnu þær stórsigur á þeim í bikarkeppninni og unnu fyrri deildarleikinn gegn þeim einnig sannfærandi. Skotnýting Valsliðsins í gær var í einu orði sagt slæm en ÍBV er með mjög sterk heimavöll sem erfitt er að heimsækja.

„Við spiluðum einnig vel í sókninni stærstan hluta leiksins og við fengum góð mörk úr hraðaupp-hlaupum því vörnin var svo þétt.



MIKID EFNI Cesc Fabregas er á nítjándu aldursári. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Skýr skilaboð frá Wenger:

Haldið ykkur frá Fabregas

FÓTBOLTI Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur komið þeim skilaboðum til spænska stórliðsins Real Madrid að það eigi að halda sér frá spænska ungstirninu Cesc Fabregas. Fjölmíðlar á Spáni hafa sagt frá því að Real sé að fhuga tilboð í miðjumanninn en Fernando Martin, nýr forseti félagsins, er með Fabregas ofarlega á óskalista sínum.

„Þeir hafa ekkert meira að bjóða en við þar sem þeir eru líka öruggir með sæti í Meistaradeildinni á næsta tímabili,“ sagði Wenger. Sjálfur segist Fabregas stoltur af því að vera orðaður við Madrídina en er hæstánægður með lífið á Highbury.

„Real er frábært lið með frábæra leikmenn en ég er leikmaður Arsenal og vonast til þess að við vinnum þá á miðvikudaginn,“ sagði Fabregas. Arsenal og Real Madrid mætast í síðari viðureign sinni í Meistaradeildinni á miðvikudag en enska liðið vann fyrri leikinn 1-0. - egm



EYJASTÚLKUR eru með gott tak á Valsstúlkum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Ég er eiginlega bara í skýjunum. Það var algjört lífsspursmál fyrir okkur að vinna þennan leik og nú þurfum við bara að klára okkar leiki og vona að Haukar misstígi sig,“ sagði Alfred sem var mjög ánægður með baráttuna í sínu liði í leiknum á gær.

Haukastúlkur eru í efsta sæti deildarinnar með 24 stig þegar fjórar umferðir eru eftir en ÍBV kemur fast á hæla þeirra með 23 stig. Valur er svo í þriðja sæti með 22 stig. - egm



EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM BOLTANN Á ÍTALÍU OG SPÁNI

Gjaldþrot ofurboltastefnunnar varð Perez að falli

Þótt forsetaskiptin hjá Real Madrid í vikunni hafi komið sem þruma úr heiðskiru lofti þá virðast knattspyrnublaðamenn álfunnar sam-mála um að þau hafi verið óumflýjanleg fyrir eða síðar. Þótt tímasetningin hafi komið á óvart virðast ástæðurnar ekki flóknar; gjaldþrot ofurboltastefnunnar. Velgjuleg framganga margra helstu ofurboltanna „galacticos“ sem Pérez keypti hafi að lokum fyllt forsetann þvílíkri ógleði að hann treysti sér ekki til að halda áfram. En þótt flestir Madrídinger hafi legið á spýjustokknum með Pérez voru raddirnar sem hrópuðu á afsögn hans ekkert óvanalega háværar. Því þrátt fyrir þarftur gengi á leikvelli var framgangan utan vallar til fyrirmyndar. Þegar Pérez velti Lorenzo Sanz af stóli fyrir sex árum var félagið Evrópu-

meistari á brauðfótum, skuldaði tugi milljarða og útsala á leikmönnum blasti við. Fasteignamóguilinn Pérez breytti þessu skjótt með útsjónarsamri sölu á æfingasvæði félagsins og harðri markaðssókn í kjölfarið. Tíðindin í síðasta mánuði um að Real Madrid væri veltumesta félag heims voru mikill sigur fyrir Pérez og benti flest til að liðið hefði fjárhagslega burði til að endurskipuleggja leikmannahópinn frá grunni í sumar.

Pepsi-liðið flott

Pérez til hróss má segja að hann hafi þekkt sinn vitjunartíma. Gert sér að lokum grein fyrir því að hann væri ekki rétti maðurinn til að sprengja ofurboltablöðurnar og byggja upp nýtt lið. Ekki kom til greina að stíga til hliðar og láta atvinnuönnun eftir leikmanna-

kaupin því fyrir kalla eins og Pérez er ekkert til sem heitir valddreifing. Suður-evrópskir forsetar knattspyrnuliða líta á sig eins og léns-herra á miðöldum sem deila og drottna og skipta sér af minnstu málefnum þegna sinna. Þannig rak Pérez fimm þjálfara á þessum sex árum og jafnvel hörkutólið Arrigo Sacchi sem þó var vanur að vinna undir öðrum Napóleóni, sjálfum Silvio Berlusconi, gafst upp sem yfir-maður knattspyrnumála. Hvorki Sacchi né þjálfararnir fengu neitt um leikmannakaup að segja.

Hveitibrauðsdagarnir voru ljúfír hjá Pérez, kaupin á langdýrasta leikmanni heims, Zinedine Zidane, skiluðu sér með glæsilegu sigurmarki fransmannsins í úrslitaleik Meistaradeildarinnar 2003. Stefnan sem Pérez nefndi „Zidanar og Pavonar“ virtist eiga

þjarta framtíð. Pérez sagðist aldrei hafa gleymt því sem honum hefði verið sagt að þrjú af hverjum fimm leikmannakaupum mistækjust. Lærdómur Pérez var að minnka áhættuna með því að kaupa aðeins þekktar stærðir, allra bestu leikmenn heims eins og Zidane. Fylla síðan upp með ungum og ódýrum leikmönnum eins og Pavon. Gallinn var bara sá að bæði voru Pavonarnir ekki nógu góðir og svo tók áhættumatið ekki tillit til þess að þótt ofurboltarnir brygðust ekki einn og einn þá gæti summa heildarinnar orðið minni en partanna. Þeir náðu einfaldlega ekki að mynda lið saman. Ekki nema í Pepsi auglýsingum auðvitað. Liðið var klofið, annar vegar voru ofurboltarnir, hins vegar sauðsvartur almúginn. Sergio Ramos sem skoraði síðasta markið sem sett var í

stjórntíð Pérez, sagði: „Það var eins og Mallorca leikmaður hefði skorað, nánast enginn fagnaði.“

Klassískar yfirlýsingar

Hverju nýi forsetinn Fernando Martín breytir í raun og veru á eftir að koma í ljós. Hann var jú hægri hönd Pérez og þrátt fyrir orð um að nú eigi aldeilis að taka til hendinni og láta menn svitna fyrir kaupinu sínu hefur sumt ekkert breyst. Martín er þannig strax farinn að lýsa yfir hvaða leikmenn eigi að fá til félagsins. Fyrstur til að redda hlutunum á að vera hinn 19 ára gamli Cesc Fabregas. Og rétt eins og Pérez er honum slétt sama um hvað núverandi atvinnuveitanda leikmannsins finnst um ráðabruddið enda sé Real Madrid ennþá langmerkilegasta lið í heimi sem allar alvöru stórstjórnur vilji spila með.



AMERICAN IDOL
AUKAPÁTTUR Í KVÖLD KL. 22:15



HVER VERÐUR NÆSTA IDOL STJARNA BANDARÍKJANNA?

Randy, Paula og Simon hrella keppendur í
stærstu söngvakeppni heims.

FYLGSTU MEÐ!



ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Hate put me in prison. Love's gonna bust me out.“

Svar:
Rubin 'Hurricane' Carter úr kvikmyndinni The Hurricane árið 1999.

dagskrá



Í TÆKINU: JENNIFER SAUNDERS Í ABSOLUTELY FABULOUS Á STÖÐ 2 KLUKKAN 16.50

Absolutely Fabulous var upphaflega skets



Jennifer Saunders fæddist í Lincolnshire í Englandi árið 1958. Hún fór í Central School of Speech and Drama þar sem hún kynntist síðari starfsfélaga sínum, Dawn French. Eins og margir breskir gamanleikarar hóf Jennifer feril sinn sem grínisti, leikkona og handritahöfundur í The Comedy Store í London. Þar kynntist hún ýmsum frægum leikurum svo sem tilvonandi eiginmanni sínum og leikara, Adrian Edmondson, og Peter Richardson. Sá síðarnefndi opnaði seinna eigin stað, The Comic Strip, þar sem leikararnir frá The Comedy Store birtust reglulega. Sá hópur færðist síðar yfir í sjónvarpið og varð mjög vinsæll. Eftir það ævintýri birtist Jennifer í þáttaröðum svo sem The Young Ones, Girls on Top og Happy Families en árið 1987 skrifaði hún og félagi

hennar, Dawn French, þættina French and Saunders sem urðu gríðarlega vinsælar. Það var í einum þessara þátta sem áhorfendur fengu að kynna sérstökum mæðgum, stífri dóttur og brjálaðri og taugaveiklaðri móður. Þegar BBC báðu Jennifer að skrifa fyrir sig þætti síðar datt henni ekkert sniðugt í hug og ákvað því að endurvekja þessar mæðgur. Þar með voru þættirnir Absolutely Fabulous fæddir en þeir eru einir vinsælustu, frjóstu og fyndnustu þættir sem BBC-sjónvarpsstöðin hefur framleitt. Jennifer er nú búin að skrifa og leika í fimm þáttaröðum af Absolutely Fabulous og sú síðasta kom út árið 2003. Þrjár bestu myndir Jennifer: Fanny and Elvís, 1999. Muppet Treasure Island, 1996. In the Bleak Midwinter, 1995.

20.10
Stuttmynd
SÍÐASTI BÆRINN

1.00
Verðlaun
AFHENDING ÓSKARSVERÐLAUNANNA 2006

20.00
Gaman
AMERICAN DAD

20.15
Gaman
YES, DEAR

20.00
Golf
US PGA TOUR 2006

SJÓNVARPIÐ
8.00 Morgunstundin okkar **8.03** Skordýr í Sól-
arlaus (13:26) **8.26** Brummi (15:26) **8.39**
Hopp og hí Sessamí (44:52) **9.04** Stjáni
(39:52) **9.28** Sígdardar teiknimyndir (25:42)
9.35 Líló og Stích (63:65) **10.00** Matti morg-
unn (25:26) **10.15** Latibær 10.50 Spaugstofan
11.15 Lína langsokkur
12.15 Að komast í flugvél **12.45** Öskrið þögla –
Leitin að snjóhlébarðanum **13.40** Græna her-
bergið **14.25** Leif Ove Andsnæs **15.20** Gabriela
Fríðriksdóttir á Feneyjaváringnum **15.50** Margt
er sér til gamans gert **17.50** Táknmarksfréttir
18.00 Stundin okkar **18.28** Geimálfurinn Gígur
18.38 Vínur minn
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.10 Síðasti bærinn Stuttmynd eftir Rúnar
Rúnarsson um gamlan bónda sem býr
með konu sinni í afskekktum dal þar
sem allir aðrir bæir eru farnir í eyði.
Myndin er tilnefnd til Óskarsverð-
launa.
20.35 Krónikan (16:20) (Króniken) Danskur
myndaflokkur sem segir frá fjórum
Dönum á 25 ára tímabili.
21.35 Helgarsportíð
22.00 Herbergi sonarins (La stanza del figlio)
Ítalísk bíómynd frá 2002 um harm sál-
fræðings og konu hans eftir að sonur
þeirra deyr við köfun.
23.35 Kastljós **0.05** Útvarpsfréttir í dagskrár-
lok

7.00 Pingu **7.10** Myrkfælnu draugarir
(20:90) **7.25** Töfravagninn **7.50** Oobi **8.00**
8.15 **8.40** **8.50** Kalli og Lóla **9.05** Ginger
segir frá **9.30** Nornafélagið **9.55** Hjólagengið
10.20 Sabrina – Unglingsnornin **10.45** Hesta-
klúbburinn **11.10** Tvíburasysturnar (5:22)
11.35 Home Improvement 4
12.00 Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **14.00**
Neighbours **14.20** Neighbours **14.40** Neigh-
bours **15.00** Neighbours **15.20** Neighbours
15.45 Það var lagið **16.50** Absolutely Fabu-
lous (4:8) **17.20** Punk'd (2:8) (e) **17.45**
Martha
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.10 Barbara Walters – Oscars 2006 Special
(Barbara Walters – Umfjöllun um Ósk-
arsverðlaunin 2006) Sérstakur fréttar-
skýringarþáttur í umsjá fréttakonunnar
virtu Barböru Walters um Óskarsverð-
launin 2006.
20.00 Sjálfstætt fólk
20.35 Proof: Prescription For Murder (1:2)
(Sönnun: Uppáskrift að morði)
Æsispennandi Írsk sjónvarpsmynd í
tveimur hlutum sem fjallar um
skuggahlíðar lyfjatírauna; þar sem
gróðavonin er aðalmarkmiðið miklu
fremur en lækningarvonin. Bönnuð
börnum.
22.10 Twenty Four (6:24) (24) Jack nær sam-
bandi við Mike og biður hann um að
hitta sig á laun í því skyni að safna
sönnunargögnum sem sanna svik
Walts, aðstoðarmanns forsetans.
Stranglega bönnuð börnum.
23.00 **0.00** **1.00** 2006 Academy Awards –
Live **4.30** Punk'd (2:8) (e) **4.55** Absolutely
Fabulous (4:8) **5.25** Fréttir Stöðvar 2 **6.00**
Tónlistarmyndbönd frá Popp TIVI

SIRKUS
16.45 Summerland (13:13) **17.30** Fashion
Television Nr. 16 (e) **18.00** Idol extra
2005/2006 (e)
18.30 Fréttir NFS
19.10 Friends (10:24) (Vínir 7)
19.35 Friends (10:24) (Vínir 7)
20.00 American Dad (1:16) (Stannie Get
Your Gun) Frá höfundum Family Guy
kemur ný teiknimyndasería um mann
sem gerir allt til þess að vernda landið
sitt.
20.30 The War at Home Nr. 8 (e) (Empire
Spans Back) Frábærir gamanþættir
um foreldrana Dave og Vicky sem á
hverjum degi takast á við það vanda-
sama hlutverk að ala upp unglina
sína sem eru allt annað en auðveldir í
umgengni.
21.00 My Name is Earl Nr. 8 (e)
21.30 Invasion (8:22) (e)
22.15 American Idol 5 (14:41) Bandaríska
stjörnuleitin
23.35 Reunion (7:13) (e) **0.20** X-Files Nr. 3
(e) **1.05** Smallville Nr. 12 (e)

SKJÁREINN
11.15 Fasteignasjónvarpið (e)
12.00 Cheers – öll vikan (e) **14.00** Family Af-
fair (e) **14.30** How Clean is Your House (e)
15.00 Heil og sæl (e) **15.30** Fyrstu skrefin (e)
16.00 Queer Eye for the Straight Guy (e)
17.00 Innlit / útlit (e) **18.00** Close to Home
(e)
19.00 Top Gear er vinsælasti bíla-
þáttur Bretlands.
19.50 Less than Perfect Claude er boðin ný
vinna en hún veit ekki hvort hún eigi
að taka hana eða ekki.
20.15 Yes, Dear Greg og Kim finna allt á
floti heima þegar þau koma úr frii.
20.35 According to Jim Þegar Jim lætur sér
vaxa yfirvaraskegg verður Cheryl alveg
æf og lítar á sér hárið brúnt í mót-
mælaskyni. Hún kemst seinna að því
að Jim gerði þetta eftir að hafa fengið
ráð frá svaka skvisu. Þegar Cheryl hitt-
ir svo sætu skvisuna biður hún hana
um að gefa honum fleiri ráð svo að
hann geti verið enn aulalegr.
21.00 Boston Legal
21.50 Threshold
22.40 Karate Kid Hver man ekki eftir öldung-
inum sem kennir undirmálsstráki að
verja sig?
0.45 C.S.I. (e) **1.40** Sex and the City (e) **3.10**
Cheers (e) **3.35** Fasteignasjónvarpið (e) **3.45**
Óstöðvandi tónlist **7.15** 6 til sjö (e) **8.00** Dr.
Phil (e) **8.45** Fasteignasjónvarpið (e) **16.00**
Game tívi (e) **16.30** Charmed – lokap. (e)
17.15 Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

SKY
11.00 Supersport 2006
12.00 Spænski boltinn beint **13.40** Meistara-
deildin í handbolta **15.10** Gillette World
Sport 2006 **15.35** Destination Germany
16.05 US PGA Tour 2005 – Highlights **17.05**
US PGA 2005 – Inside the PGA T **17.30** UEFA
Champions League
18.00 Spænski boltinn beint
20.00 US PGA Tour 2006 (Ford Champions-
hip) Bein útsending frá lokadeginum á
Ford Championship golfmótinu sem
fer fram í Flórída í Bandaríkjunum. Ti-
ger Woods vann mótið naumlega á
síðasta ári. Allir bestu kyffingar heims
taka þátt í þessu móti, Vijay Singh,
Ernie Els, Phil Mickelson, Retief
Goosen o.fl.
23.00 Ítalíski boltinn

BÍÓ **STÖÐ 2 BÍÓ**
6.00 I Capture the Castle **8.00** David Bowie:
Sound and Vision **10.00** Dirty Dancing:
Havana Nights **12.00** Seabiscuit **14.15** I
Capture the Castle **16.05** David Bowie:
Sound and Vision **18.00** High Noon (Bönnuð
börnum) **20.00** Seabiscuit **22.15** Gangs of
New York (Gengi í New York) Stranglega
bönnuð börnum. **0.55** Monster's Ball (Strang-
lega bönnuð börnum) **2.45** High Noon
(Bönnuð börnum) **4.15** Halloween: Resur-
rection (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA
Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT
12.00 Hot Love Gone Bad **12.30** Celebrity Soup
13.00 25 Notorious Fashion Week Moments **14.00**
E! Entertainment Specials **15.00** The E! True
Hollywood Story **16.00** E! Entertainment Specials
17.00 Countdown to the Red Carpet **22.30** Live
from the Red Carpet **0.30** Style Star **1.00** 101 Even
Bigger Celebrity Oops! **2.00** 101 Even Bigger
Celebrity Oops!

AKSJÓN
Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endur-
sýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN
11.20 WBA – Chelsea **13.20** Man. City –
Sunderland (b) **15.50** Tottenham – Blackburn
(b) **18.15** Fulham – Arsenal frá 04.03
20.30 Helgaruppgjör Valtýr Björn Valtýsson
sýnir öll mörk helgarinnar í klukkutíma
þætti.
21.30 Helgaruppgjör (e)
22.30 Middlesbrough – Birmingham frá 04.03
Leikur sem fór fram í gær.
0.30 Dagskrárlök

visir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttir beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekkert af neinu.

NFS



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Óskarsverðlaunin 2006

Stöð 2, kl. 01.00

Óskarsverðlaunin í beinni útsendingu

Upphitun fyrir Óskarsverðlauna-hátíðina 2006 sem fram fer síðar í kvöld í Kodak-leikhúsinu í Los Angeles byrjar kl. 23.00 og sýnir beint frá því þegar stjórnumar mæta til hátíðarinnar og ganga rauða dregilinn. Ásamt því verða tekin viðtöl við helstu stjórnumar og sýnd sýnishorn úr þeim myndum sem tilnefndar eru. Í kvöld sýnir Ríkissjónvarpið einnig stuttmynd, Rúnars Rúnarssonar, Síðasta bærin sem tilnefnd er til Óskarsverðlaunanna í stuttmynda-flokki og verður spennandi að fylgjast með hvort hann hreppi verðlaunin. Afhendingin sjálf byrjar síðan kl. 01.00 og kemur þá í ljós hver hafi skarað fram úr á árinu og hljóti þessu virtu verðlaun.



■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

2	9	5	7	4	8	6	1	3
6	3	8	2	5	1	9	4	7
7	1	4	3	6	9	2	5	8
1	2	9	5	3	7	8	6	4
3	8	7	6	1	4	5	9	2
4	5	6	9	8	2	7	3	1
5	7	3	1	2	6	4	8	9
9	4	1	8	7	5	3	2	6
8	6	2	4	9	3	1	7	5

2		5				6		3
			2		1			
		4				2		
1			5		7			4
3	8						9	2
4			9		2			1
		3				4		
			8		5			
8	2					1		5

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ




515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

VINNUR TIGER
Á BLÁA SKRÍMSLINU?

US PGA
FORD CHAMPIONSHIP

Í KVÖLD KL. 20:00



SYN
besta sætið



▶ 19.10
Spjall

BARBARA WALTERS – OSCARS 2006 SPECIAL



10.00 Fréttir 10.05 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 11.00 Fréttaljós

12.00 Hádegisfréttir/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna 12.25 Silfur Egils 14.00 Fréttir 14.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 15.00 Fréttaljós 16.00 Fréttir 16.10 Silfur Egils 17.45 Hádegis E 18.00 Veðurfréttir og íþróttir og veður

18.30 Kvöldfréttir/veður

▶ 19.10 Barbara Walters – Oscars 2006 Special (Barbara Walters – Umfjöllun um Óskarsverðlaunin 2006) Sérstakur fréttaskýringaþáttur í umsjá fréttakonunnar virtu Barböru Walters um Óskarsverðlaunin 2006.

20.00 Fréttaljós Víkulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveru í umsjón fréttastofu NFS.

21.00 Silfur Egils Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.

22.35 Veðurfréttir og íþróttir

23.05 Kvöldfréttir 23.45 Síðdegisdagskrá endurteki

RÁS 1 FM 92,4/93,5



8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Lóðrétt eða lárétt 10.15 Kjarval, menningarsagan og samtíminn 11.00 Guðsþjónusta í Laugarneskirkju 12.00 Hádegisútlav 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Fjölskylduleikritið: Landið gullna Elidór 13.45 Fjöla Mozarts 14.10 Söngvama 15.00 Söngumenn: Ég fann lyktina af kaffinu 18.26 Seiður og hól 19.00 Afsprengir 19.40 Grískar þjóðsögur og ævintýri 19.50 Óskastundin 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.22 Í deiglu 22.30 Leikhúsmýslan 23.00 Andrarímur 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.45 Veðurfregnir 7.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Rokkland

18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Að hætti hússins 22.00 Fréttir 22.10 Popp og ról 0.00 Fréttir

BYLGJAN FM 98,9



5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ivar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying



HRÓSIÐ

...fær Shandi Sullivan úr þáttum *America's Next Top Model* en hún er líka plötusnúður og skemmti íslendingum á *Gauki á Stöng* í gærkvöld.

HIN HLIÐIN: CURVER THORODDSEN LISTAMAÐUR

Upplifir drauminn

Hvað er að fréttu? Það var að koma út plata með hljómsveitinni minni Ghostigital og það er efst á baugi.

Augnilitur? Gráblár.

Starf? Ég er listamaður.

Fjölskylduhagur? Ég er einhleypur.

Hvaðan ertu? Ég er úr Árbænum.

Ertu hjátrúarfull/ur? Stundum og stundum ekki. Ég labba allavega ekki undir stiga.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur? X-Files. Ég er mjög ánægður með að það sé verið að endursýna þá þætti.

Uppáhaldsútvarpsþáttur? Tónlistarþáttur Dr. Gunna og Karate sem Benni sér um.

Uppáhaldsmatur? Hamborgarar.

Fallegasti staður? Þegar maður kemur

niður Ártúnsbrekkuna og sér yfir alla Reykjavík. Mjög fallegur staður.

ipod eða geislaspilarí? Vasadískó.

Hvað er skemmtilegast? Að gera tónlist, hlusta á tónlist, gera myndlist og skoða myndlist.

Hvað er leiðinlegast? Að taka til.

Helsti veikleiki? Óskipulag og oft tek ég af mikið af verkefnum að mér.

Helsti kostur? Jákvæðni.

Ghosta afrek? Þessa stundina er það nýja Helstogigital-platan.

Mestu vonbrigði? Það var þegar Borgarholtsskóli tapaði fyrir MR með einu stigi fyrir nokkrum árum.

Hver er draumurinn? Það er að geta

stundað og lífað af listinni. Það má segja að ég sé „living the dream“.

Á hvað trúirðu? Guð.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Þegar einhver kveður með orðunum „við sjáumstumst.“

Uppáhaldskvikmynd? Half Baked og allar Adam Sandler-myndirnar.

Uppáhaldsbók? The Art of Record Production.

Hvað er mikilvægast? Að lífa og leyfa öðrum að lífa.



FÓLK Í FRÉTTUM



Sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann Eiddsson hafði einn sigur á stórmeistararnum Henrik Danielsen þegar sá síðarnefndi tefldi fjöltefli við 20 manns á föstudaginn. Skákíþróttafélag stúdentna við Háskólann í Reykjavík stóð fyrir fjölteflinu en tilgangur þess var að safna fé sem nota á til þess að flytja grænlenk skólábörn til landsins og kenna þeim sund í Kópavogi. Helmingur liðsins sem mætti Henrik var skipaður stúdentum við HR en flokkinn fylltu einnig þjóðþekktir einstaklingar. Þeirra á meðal voru **Ragnheiður Gröndal, Helgi Hjörvar, Inga Lind Karlsdóttir, Gunnar I. Birgisson, Ilmur Kristjánsdóttir** og fyrrnefndur Logi Bergmann sem einn náði að leggja stórmeistararnum og skólastjóra Hrósins. - amb/pp

Sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann Eiddsson hafði einn sigur á stórmeistararnum Henrik Danielsen þegar sá síðarnefndi tefldi fjöltefli við 20 manns á föstudaginn. Skákíþróttafélag stúdentna við Háskólann í Reykjavík stóð fyrir fjölteflinu en tilgangur þess var að safna fé sem nota á til þess að flytja grænlenk skólábörn til landsins og kenna þeim sund í Kópavogi. Helmingur liðsins sem mætti Henrik var skipaður stúdentum við HR en flokkinn fylltu einnig þjóðþekktir einstaklingar. Þeirra á meðal voru **Ragnheiður Gröndal, Helgi Hjörvar, Inga Lind Karlsdóttir, Gunnar I. Birgisson, Ilmur Kristjánsdóttir** og fyrrnefndur Logi Bergmann sem einn náði að leggja stórmeistararnum og skólastjóra Hrósins. - amb/pp



[VEISTU SVARID]

- 1 Rangheiður Ríkhardsdóttir.
- 2 Þýskalandi.
- 3 Alfreð Gíslason.

LEIÐRÉTTING

Í frétt af Bókamarkaðnum í Perlunni sem birtist á þessum stað í gær var sagt að markaðnum lyki á laugardag. Þetta er af og frá þar sem markaðurinn er enn í fullum gangi. Honum lýkur þó í dag þannig að það eru síðustu forvöld fyrir bókelska að gera góð kaup í Perlunni í dag.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

STÓRA STUNDIN Í KVÖLD: FÆR SÍÐASTI BÆRINN ÓSKARINN?

Yfirvegaðir í félagsskap stórstjarna

Í kvöld eru afhent ein virtustu og frægustu kvikmyndaverðlaun heims en þá fara fram 78. Óskarsverðlaunin. Íslenskir kvikmyndanörðar hafa vakað yfir útsendingu Stöðvar 2 frá hátíðinni undanfarin ár en spennan hér á landi magnaðist um helming þegar Síðasti bæringur var tilefnd í flokknum Besta stuttmyndin.

Þórir Sigurjónsson, framleiðandi myndarinnar, flaug til kvikmyndaborgarinnar á mánudaginn ásamt leikstjórnaranum Rúnari Rúnarssyni. „Það var reyndar rigning þegar við lentum en veðrið hefur batnað mikið síðan þá,“ sagði Þórir þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Mikil spennan ríkir í herbúðum þeirra félaga enda ekki á hverjum degi sem Íslendingum hlotnast slíkur heiður. Sjón og Björk voru tilnefnd fyrir lag sitt í *Dancer in the Dark* árið 2001 og Friðrik Þór Friðriksson hlaut tilnefningu fyrir myndina *Börn náttúrunnar* 1992.

Að sögn Þóris var sýning á þriðjudagskvöldinu á öllum tilnefndu myndunum í stuttmynda-, hreyfimynda- og teiknimynda-flokkunum og var fullt út úr húsi. „Það seldist upp en kvikmyndahúsið tekur í kringum þúsund manns,“ segir Þórir og greinilegt að lífið í Hollywood er ekki eintómt sældarlíf heldur fylgir þessari tilnefningu mikil vinna. „Allir hlutaðeigandi voru

kallaðir upp á svið þar sem gestum gafst kostur á að spyrja þá og í kjölfarið fengu fjölmiðlar tækifæri til að taka nokkur viðtöl,“ útskýrir Þórir og bætir við að þetta hafi verið sama dag og iTunes bauð allar fimm stuttmyndirnar til sölu á netinu. „Því hefur verið fagnað að þessar myndir fá víðari dreifingu en venjulega,“ bætir framleiðandinn við. Hvort þeim félögum séu ekki boðnir gull og grænir skógar við hvert fót-mál sagði hann svo ekki vera. „Rúnar er á fullu í danska kvikmyndaskólanum en við erum að þróa kvikmynd í fullri lengd með honum auk stuttmynda sem á að fara í tölur nú í sumar,“ segir hann.

Stóra stundin rennur upp klukkan fimm að staðartíma og hefst útsending frá Kodak-höllinni klukkan eitt eftir miðnætti hér heima. Þórir segir að samkeppnin sé mjög hörð í þeirra flokki og þeir reyni því að halda sér á jörðinni. Aðspurður hvort þeir séu búnir að æfa ræðuna ef nafn þeirra kemur upp úr umslaginu sagði hann svo ekki vera. „Við höfum sextíu sekúndur til að koma okkur upp á svið og flytja ræðuna. Ég er ekki búinn að velta henni mikið fyrir mér en myndi í það minnsta skila kveðju til Skúla Malmquist sem framleiðir myndina með mér en hann á von á barni og gat því ekki verið með okkur.“

freyrgjia@frettabladid.is

ÓSKAR FRÆNDI

Styttan góða gæti verið á leiðinni heim til Íslands.



SÍÐASTI BÆRINGUR Er tilnefnd í flokknum Besta stuttmyndin en nokkrir erlendir fjölmiðlar hafa spáð henni sigri.

Jesúbíó í Neskirkju í dag

Næstu sex sunnudaga ætla Guðfræðistofnun, kvikmyndafélagið Deus ex Cinema og Neskirkja að tökum höndum saman og standa fyrir Jesúbíó í safnaðarheimili Neskirkju. Sýndar verða myndir sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla um líf og starf frelsarans og spanna átta tíu ára tímabili í kvikmyndasögunni. Sú elsta er *King of Kings* frá árinu 1927 eftir Cecil B. DeMille en leikarinn Henry B. Warner varð í þeirri mynd ásýnd Frelsararans. Sú nýjasta er *The Gospel of John* eftir Philip Saville frá árinu 2003 en þar er saga Jesú sögð frá sjónarhóli guðspjallamannsins Jóhannesar. Sr. Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju, segir hugmyndina vera komna frá kvikmyndaklúbbum Deus ex Cinema en hann hefur verið starfræktur í fjögur ár og sýnir myndir með trúarlega skírskotun auk þess að hafa gefið út bókina *Guð á hvíta tjaldu*.



SR. SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON Kvikmyndaklúbburinn Deus ex Cinema, Guðfræðistofnun og Neskirkja standa fyrir Jesúbíó í félagshemili kirkjunnar næstu sunnudagskvöld.

Jesúmyndir eru merkilegar fyrir margra sakir því kvikmyndagerðarmennirnir geta verið að rýna í samtíð sína með þeim og hins vegar eru þær oft glíma trú-

mannsins við hinn sögulega og himneska Jesú. „Þær eru ágætis vitnisburður um hugsýn, sjálfsmynd og sjálfsvitund hvers tíma,“ segir Sigurður en eftir hverja sýningu gefst gestum kostur á að ræða innihald myndanna við guðfræðing og kvikmyndafræðing.

Jesús hefur birst kvikmynda-gerðarmönnum á mismunandi hátt í þau hundrað ár sem hann hefur birst á hvíta tjaldu. Í *King of Kings* var hann til að mynda mjög fjarlægur og hafinn yfir lífið en í *The Gospel According to Matthew* lifir Jesú meðal alþjóðunnar enda var leikstjórnin Pasolini mjög upptekinn af verkalýðsbaráttunni á Ítalíu. „Kvikmyndirnar tóku við af myndlist 19. aldarinnar þar sem Jesús var rómanískt upphafinn og það var ekki fyrr en með *Jesus Christ Superstar* að menn þorðu að búa til sitt eigið myndmál en það tekur líka alltaf tíma að búa til eigin hefð.“

- fgg

... sem þig vantar í nýja húsnæðið

visir

NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

**NÝJAR VÖRUR
DAGLEGA!**




**OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!
ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!**

FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

**LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)**

...GERÐU BESTU KAUPIN ►



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!
FRÁ 199,-
LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERDU BESTU KAUPIN ▶



BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

Betra líf

Ég hef haft þá tilhneigingu í gegnum tíðina að byrja hlutina á röngum enda. Þegar ég var í íþróttum þá keppti ég oft án þess að vera undir það búinn vegna þess að mig langaði í sigurlaunin. Ég freistast ennþá stundum til þess að byrja á eftirréttnum vegna þess að ég vil ekki vera orðinn saddur af einhverju grasi áður en að honum kemur, vitandi það að í staðinn mun ég líklega borða minna af holla matnum sem skilar mér bættri líðan. Mig langar, mig langar, mig langar.

ÉG hef farið í „naflaskoðun“ og fundið út að það væri lausn á mörgum vandamálum að eiga fullt af peningum því þá gæti ég verið rausnarlegri og í kjölfarið liðið betur með sjálfan mig sem manneskju. Ef ég ætti fullt af peningum þyrfti ég ekki að einblína á innkomu mína en þess í stað einbeitt mér að því að njóta vinnunnar. Ef ég nyti vinnunnar án tillits til tekna mundi það smita út frá sér og fleiri mundu vilja vera í viðskiptum við mig. Þar með væri ég kominn í himneskan hring fjárhagslegs stöðugleika og hamingju. Ég veit ekki hvort þetta hljómar rökrétt fyrir ykkur en það gerði það fyrir mér.

Í DAG hef ég komist að því að þetta er alröng forgangsníðurröðun. Númer eitt, tvö og þrjú er að njóta vinnunnar. Ef ég nýt þess að vinna vinnuna mína vel, ef ég hnika ekki frá eigin réttlætiskennnd og ef ég samgleðst þeim sem ég vinn vel fyrir þá mun það alltaf á endanum skila mér því lífi sem ég sækist eftir. Innifalið í því lífi sem ég sækist eftir er fjárhagslegt öryggi, en það er ekki forsendan fyrir því. Hvort sem ég vinn á vídeóleigu eða sem bankastjóri þá get ég verið að fá sömu vellíðan út úr starfinu.

FYRIR nokkrum árum var ég staddur niðri í bæ og labbaði á Bæjarins bestu þar sem ég pantaði mér pylsu og gos. Eldri konan sem afgreiddi mig var hin liðlegasta og afgreiddi mig með bros á vör, spjallandi við mig allan tíman sem ég stóð við lúgunu. Þegar hún rétti mér pylsuna og gosið áttaði ég mig á því að ég var ekki með veskið á mér. Ég afsakaði mig í bak og fyrir og bjóst fastlega við að hún hætti samstundis að vera eins liðleg og kát, en það var öðru nær. Með sama sólskinsbrosinu rétti hún mér allt góssið og sagði að ég mætti koma síðar um daginn, ég mætti koma daginn eftir og þótt ég kæmi aldrei aftur þá væri ólíklegt að ég yrði valdur að gjaldþroti pylsuvagnsins.

HÚN naut þess að afgreiða mig og að sama skapi naut ég þess að gera skuldina upp daginn eftir. Ég hef aldrei verslað í öðrum pylsuvagni síðan.

www.iclandexpress.is



5.995 KR.

BARNALEGT VERÐ

» Drifðu þig inn á iclandexpress.is og bókaðu ferð fyrir þig og barnið þitt!

» Gildir fyrir 2-12 ára farþega sem ferðast í fylgd með fullorðnum.



Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.**

*Aðra leið með sköttum.
**Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 2-12 ára í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



KAUPHLAUP

NÚNA ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ SLEPPA SÉR ALVEG!

SMÁRALIND / SÍMI 530 2900

ORMSSON



LOEWE.

LOEWE CONCEPT 32" LCD sjónvarp
Kauphlaupsverð: 158.900
(Listaverð: 199.900)



GONIX ÚTVARP
Kauphlaupsverð: 5.490
(Listaverð: 6.990)



NÝTT STÁL POTTASETT
(PANNA FYLGR EKKI)
Kauphlaupsverð: 6.900
(Listaverð: 11.900)



EMILE HENRY
30% AFSLÁTTUR



OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 13-18